



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Hugvísindasvið**

# **Germynd en samt þolmynd**

*Um nýju þolmyndina í íslensku*

**Ritgerð til M.A.-prófs í íslenskri málfraeði**

**Einar Freyr Sigurðsson**

**Október 2012**

**Háskóli Íslands**  
**Íslensku- og menningardeild**  
**Íslensk málfræði**

# **Germynd en samt þolmynd**

*Um nýju þolmyndina í íslensku*

**Ritgerð til M.A.-prófs í íslenskri málfræði**

**Einar Freyr Sigurðsson**

**Kt.: 300782-4939**

**Leiðbeinandi: Höskuldur Þráinsson**

**September 2012**

## Ágrip

Meginviðfangsefni þessarar ritgerðar er eðli nýju þolmyndarinnar í íslensku sem einnig hefur verið kölluð nýja setningagerðin, nýja ópersónulega setningagerðin og nýja ópersónulega þolmyndin. Germyndartilgáta Sigríðar Sigurjónsdóttur og Maling (2001a), sem spáir því að nýja þolmyndin sé germynd með ósýnilegu frumlagi, er tekin til ítarlegrar skoðunar sem og þolmyndartilgátan (sjá einkum Þórhall Eyþórsson 2008a og Jóhannes Gísli Jónsson 2009).

Tilgátan sem sett er fram um nýju þolmyndina byggir á tilgátum Halldórs Ármanns Sigurðssonar (2011) og Antons Karls Ingasonar, Legate og Yangs (2012) um að í nýju þolmyndinni sé ósýnilegt frumlag af öðrum meiði en frumlag það sem Sigríður og Maling (2001a) gera ráð fyrir. Þetta eru vissulega mjög germyndarlegir eiginleikar en engu að síður er því haldið fram að *af*-liðir séu tækir en þeir eru einkenni þolmyndar. Að vissu leyti er þá nýja þolmyndin bæði germynd og þolmynd.

Þessir eiginleikar nýju þolmyndarinnar eru síðan sagðir einkenna fleiri setningagerðir, þolmyndarhátt *vera* og *vera búinn*, en einnig ópersónulegu háttarsagnagerðina sem hingað til hefur fyrst og fremst verið talin til germyndar. Þessi óvæntu tengsl neyða okkur til að endurskilgreina hugmyndir okkar um þolmynd og germynd.

## Formáli

Ég hef unnið að þessari ritgerð um nokkurt skeið, með nokkrum hléum, en að minnsta kosti nógu lengi til að ég muni ekki hvenær ég ákvað ritgerðarefnið. Það hefur þó líklega verið haustið 2009 eða í byrjun árs 2010. Nýja þolmyndin hefur þó verið mér hugleikin lengur en það, fyrsti fyrirlesturinn sem ég flutti um hana, ásamt Hlíf Árnadóttur, var í desember 2008. Eins og eðlilegt er hafa margir lagt hönd á plóg og hafa margar hugmyndir t.d. kviknað í samræðum við aðra. Ég ætla að nota þetta tækifæri og þakka þeim sem hjálpuðu mér á einn eða annan hátt. Ég vil líka taka það fram að ég veit að ég er að gleyma einhverjum og það þykir mér leitt.

Fyrstan allra nefni ég auðvitað Höskuld Þráinsson. Þótt efnið hafi ég ekki valið fyrr en 2009 má segja að hann hafi verið leiðbeinandi minn frá því að ég hóf M.A.-nám í íslenskri málfræði (hann var líka leiðbeinandi minn í B.A.-náminu). Ég hef átt fjölmarga fundi með honum á undanförunum árum og er rétt að taka það fram að ég hef ekki lært jafnmikið af nokkrum öðrum málfræðingi. Ég starfaði með honum í verkefninu Tilbrigðum í setningagerð sem var mjög dýrmæt reynsla. Það hefur verið frábært að skrifa undir leiðsögn Höskuldar sem er ótrúlega úrræðagóður.

Næstan nefni ég Þórhall Eypórsson en hann var í meistaraþrófsnefndinni. Hann hefur lifað og hræst í nýju þolmyndinni, ef svo má segja, undanfarin ár og þess hef ég svo sannarlega fengið að njóta. Þau skipti sem við höfum hist og rætt um nýju þolmyndina eru, held ég, bókstaflega óteljandi. Það hefur verið frábært tækifæri fyrir mig að fá að starfa með honum við greinarskrif og fyrirlestra. Ég tel samstarfið hafa verið mjög gjöfult og að við höfum fyrir vikið öðlast meiri skilning á nýju þolmyndinni.

Hluta þess tíma sem ég vann að ritgerðinni vann ég með Antoni Karli Ingasyni og Joel Wallenberg við gerð Íslenska trjábankans (IcePaHC), frá janúar 2010 til ágúst 2011. Við unnum mjög náið saman, t.a.m. deildum við skrifstofu í um ár, en það varð til þess að hugmyndir mínar um mál og málbreytingar breyttust gífurlega. Sýn þeirra var mjög frábrugðin minni. Þrátt fyrir að svo sé líklega enn höfðu þeir mikil áhrif á mig. Ég tel það forréttindi að hafa fengið að starfa svo náið með þeim en hugmyndir þeirra, þ. á m. um nýju þolmyndina, hafa veitt mér mikinn innblástur. Ég þakka þeim fyrir gæfuríkt samstarf og einnig margar og langar umræður, ábendingar og athugasemdir.

Eiríkur Rögnvaldsson stýrði trjábankaverkefninu og var ákaflega gott að starfa fyrir hann. Nýju þolmyndina bar oft á góma í tengslum við greinarskrif og fyrirlestra í verkefninu og voru umræðurnar gagnlegar. Að auki lumar Eiríkur oft á mjög áhugaverðum dæmum en ég naut einmitt góðs af því við ritgerðarvinnuna.

Ég þakka Matthew Whelpton fyrir tvo mjög gagnlega fundi en annar þeirra var einnig

með Hlíf Árnadóttur og Þórhalli Eyþórssyni í tengslum við grein okkar um afturbeygða þolmynd. Þá þakka ég Matthew einnig fyrir fjölmargar ábendingar og athugasemdir við ýmis önnur tækifæri. Hann kom svo á fundi fyrir okkur Hlíf með Raffaelli Folli þegar hún heimsótti Ísland. Ég þakka henni fyrir góðar og nýtsamlegar athugasemdir.

Við Heimir Freyr Viðarsson vorum samferða í námi við Háskóla Íslands, bæði á B.A.- og M.A.-stigi. Við höfum ósjaldan skipst á hugmyndum í málfræði, m.a. um nýju þolmyndina. Hann kemur gjarnan auga á vandkvæði við nýjar hugmyndir og hefur það verið gott að geta borið undir hann eitt og annað í þeim efnum. Hann las auk þess valda hluta úr ritgerðinni og gerði athugasemdir.

Ég þakka Halldóri Ármanni Sigurðssyni fyrir að svara alltaf tölvupósti frá mér. Samskipti okkar hafa oft verið þannig að ég spyr, að því er ég best veit, sárasaklausra og einfaldra spurninga en kemst svo að raun um að svo er ekki þegar Halldór sendir svör með flóknum útfærslum. Ég kann einnig að meta það við Halldór að hann hefur alltaf reynt að gefa sér tíma til að hitta mig og ræða um nýju þolmyndina þegar hann hefur verið á landinu.

Ég hef átt mjög góða fundi með Joan Maling og Sigríði Sigurjónsdóttur um germyndartilgátu þeirra sem ég tel vera gríðarlega mikilvæga í íslenskri setningafræði. Þegar ég hóf vinnu við ritgerðina var ég hallur undir þá tilgátu að nýja ópersónulega setningagerðin væri þolmynd og það var ég lengi vel þótt nú séu hugmyndir mínar um nýju setningagerðina nær germyndartilgátunni en áður. Það hefur reynst mér mjög vel að vera annarrar skoðunar en Joan því að hún er nær alltaf tilbúin með gagnrök við röksemdafærslu minni. Fyrir utan allt annað þakka ég Sigu og Joan fyrir mikla hvatningu. Á einum fundanna með þeim var Tony Kroch en honum þakka ég fyrir gagnlegar og áhugaverðar athugasemdir.

Þegar ég heimsótti University of Pennsylvania í febrúar 2012 ræddi ég um nýju þolmyndina við nokkra kennara þar. Einkum vil ég þakka fyrir gagnlegar umræður og tillögur Julie Legate, Charles Yang, William Labov og David Embick en David fékk mig til að hugsa um þolmynd að vissu leyti á nýjan hátt.

Ég held að Jóhannes Gísli Jónsson hafi átt erfiðara með eftir því sem árin hafa liðið að tæta í sig þau rök sem ég hef haft fram að færa hverju sinni. Ég vona að það sé góðs viti. Við höfum átt lífligar samræður um nýju þolmyndina og hefur mér oft þótt gott að bera undir hann margvíslegar hugmyndir vegna þess hve naskur hann er að finna gloppur í málfræðilegri röksemdafærslu. Ég efa það ekki að hann finni ýmsar gloppur hér en vona að hann þurfi að hafa sem allra mest fyrir því.

Jim Wood á ég gríðarlega margt að þakka. Í ferðum hans til Íslands undanfarið höfum við rætt mikið um nýju þolmyndina; bæði í og út frá samtölum okkar hafa margar hugmyndir kviknað. Hann hefur ávallt verið tilbúinn að aðstoða við hvers kyns úrlausnarefni. Víðsýni

hans yfir „litteratúrinn“ er meiri en flestra annarra sem ég þekki; ég man ekki til þess að hann hafi nokkurn tímann átt í erfiðleikum með að benda mér á viðeigandi greinar og bækur til að lesa þegar spurningar hafa vaknað og hugmyndir kviknað. Þá las Jim yfir ritgerðina og gerði fjölmargar mjög gagnlegar athugasemdir.

Ég vil einnig þakka ýmsum málfræðingum og samnemendum mínum fyrir góð ráð, ábendingar, athugasemdir og umræður. Þar á meðal eru Ásbjörg Benediktsdóttir, Ásgrímur Angantýsson, Ásta Svavarsdóttir, Guðrún Þórhallsdóttir, Guðvarður Már Gunnlaugsson, Iðunn Garðarsdóttir, Jón Friðjónsson, Margrét Guðmundsdóttir, María Anna Garðarsdóttir, Sigrún Steingrímsdóttir og Theódóra A. Torfadóttir.

Ég á mikið að þakka öllum málhöfunum sem gáfu sér tíma í að dæma setningar fyrir mig. Þar nefni ég sérstaklega Arnar Má Halldórsson en hann dæmdi og ræddi við mig um margar setningar á mismunandi stigum ritgerðarinnar. Guðlaugu Magnúsdóttur, kennara í Réttarholtskóla, og Sigurrós Eiðsdóttur, kennara í Fellaskóla, þakka ég kærlega fyrir aðstoð við að kanna nýju þolmyndina í máli grunnskólanema.

Fjölskyldum okkar Hlíf far þakki ég mínar bestu þakki. Ég hefði ekki náð að ljúka við ritgerðina á „tilsettum“ tíma hefðum við Hlíf ekki notið dyggrar hjálpar og stuðnings þeirra, bæði við að passa Árna Gunnar og að aðstoða við flutninga til Bandaríkjanna. Ég þakka mömmu, Mörtu Valgerði Svavarsdóttur, og pabba, Sigurði Júlíusi Sigurðssyni, Svövu Margréti systur og Eiríki Stefáni Ásgeirssyni, Gylfa Má bróður og Söru Haynes, tengdaforeldrum mínum, þeim Árna Kjartanssyni og Margréti Örnólfsdóttur, og fjölskyldum systkina Hlifar. Svava Margrét las auk þess yfir valda kafla í ritgerðinni og Gylfi Már dæmdi ófáar setningar fyrir mig.

Síðust og best er svo Hlíf Árnadóttir. Hún las yfir nokkra kafla í ritgerðinni og gerði ýmsar athugasemdir. Ég þakka henni fyrir ótal umræður um nýju þolmyndina (og málfræði almennt) við ólíklegustu tilefni (þó ekki þau allra ólíklegustu, svo það sé á hreinu). Mikil þekking hennar á þolmynd hefur nýst mér virkilega vel. Það hefur verið frábært að fá að vinna með henni á undanförunum árum að mörgum fyrirlesturum og greinum. Ég get ekki ímyndað mér betri kærustu, unnustu og nú eiginkonu. Við Árna Gunnar erum á því að hún sé besta mamma í heimi. Takk fyrir allt, ástin mín.

September 2012,  
Einar Freyr Sigurðsson

# Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Inngangur</b>	<b>1</b>
1.1	Germyndarleg setningagerð . . . . .	1
1.2	Hvað er þolmynd? . . . . .	3
1.2.1	Hefðbundin og óhefðbundin þolmynd . . . . .	4
1.2.2	Aðrar þolmyndarlegar setningagerðir . . . . .	5
1.3	Rannsóknarspurning og niðurstöður . . . . .	5
<b>2</b>	<b>Tilgátur um eðli nýju þolmyndarinnar</b>	<b>7</b>
2.1	Uppruni nýju þolmyndarinnar . . . . .	7
2.1.1	Aldur . . . . .	7
2.1.1.1	Elstu skrif . . . . .	7
2.1.1.2	Elstu dæmi . . . . .	9
2.1.1.3	Hverjir nota nýju þolmyndina? . . . . .	11
2.1.2	Uppruni og þróun . . . . .	13
2.1.2.1	Líkindi með forsetningarþolmynd . . . . .	13
2.1.2.2	Endurtúlkun ópersónulegrar þolmyndar . . . . .	13
2.1.2.3	Þolmyndarstigveldið . . . . .	15
2.1.2.4	Endurtúlkun leppþolmyndar . . . . .	16
2.1.3	Samantekt . . . . .	18
2.2	Germyndartilgátan . . . . .	18
2.2.1	Inngangur . . . . .	18
2.2.2	Ný þolmynd í öðrum tungumálum . . . . .	21
2.2.3	Máltökurannsóknir . . . . .	23
2.2.4	Morfólógía þolmyndar, setningafræði og merkingafræði germyndar . . . . .	23
2.2.5	<i>Fá</i> -þolmynd og <i>fá</i> -germynd: Hliðstæða þolmyndar og nýju þolmyndarinnar? . . . . .	24
2.3	Þolmyndartilgátan . . . . .	26
2.3.1	Inngangur . . . . .	26
2.3.2	Viðurlög sem vísa til geranda . . . . .	26
2.3.2.1	Lýsingarháttur nútíðar . . . . .	26
2.3.2.2	Fylgifyllingar geranda . . . . .	29
2.3.3	Tveggja andlaga sagnir . . . . .	31
2.3.3.1	Rök Jóhannesar Gísla Jónssonar (2009) . . . . .	31
2.3.3.2	Þgf.-þf.-þolmynd í færeysku . . . . .	34

2.3.3.3	Mótrök I . . . . .	37
2.3.3.4	Mótrök II . . . . .	41
2.3.4	Afturbeyging . . . . .	47
2.4	Germyndarleg þolmynd . . . . .	49
2.4.1	$\varphi$ -frumlag . . . . .	49
2.4.2	Aðeins um afleiðslu í fösum . . . . .	51
2.4.3	Ný rök fyrir sterkum fasa í nýju þolmyndinni: Orðatiltæki . . . . .	53
2.5	Samantekt . . . . .	55
<b>3</b>	<b>Af-liðir</b>	<b>56</b>
3.1	Inngangur . . . . .	56
3.2	Tvívæðir <i>af</i> -liðir . . . . .	57
3.2.1	Tvívæðir <i>af</i> -liðir í þolmynd og nýju þolmyndinni . . . . .	57
3.2.2	Könnun á tvívæðum <i>af</i> -liðum . . . . .	61
3.2.3	Næstu skref . . . . .	65
3.3	Dómapróf á <i>af</i> -liðum . . . . .	68
3.4	Samantekt . . . . .	69
<b>4</b>	<b>Ópersónuleg frumlög</b>	<b>70</b>
4.1	Inngangur . . . . .	70
4.2	FOR í nafnháttarsetningum . . . . .	70
4.2.1	Almennt um FOR . . . . .	70
4.2.2	Nýja þolmyndin ótæk í nafnháttarsetningum . . . . .	71
4.3	<i>Vera</i> og <i>vera búinn</i> í þolmynd . . . . .	73
4.3.1	Þolmyndarháttur <i>vera</i> . . . . .	73
4.3.2	Þolmyndarháttur <i>vera búinn</i> . . . . .	76
4.4	Háttarsagnir . . . . .	79
4.4.1	Um háttarsagnir í íslensku . . . . .	79
4.4.2	Samanburður á háttarsögnum í norrænum málum og ensku . . . . .	80
4.4.3	Skipting háttarsagna í lyftingar- og stýrisagnir . . . . .	85
4.4.4	Ópersónulega háttarsagnagerðin . . . . .	89
4.5	Næstum lokið horf . . . . .	92
4.6	Ópersónulega frumlagið <i>maður</i> . . . . .	94
4.6.1	Almennt um óákveðna fornafnið . . . . .	94
4.6.2	Tengsl við nýju þolmyndina . . . . .	98
4.7	Samantekt . . . . .	101



<b>5</b>	<b>Germynd en samt þolmynd</b>	<b>102</b>
<b>6</b>	<b>Lokaorð</b>	<b>107</b>
	<b>Tilvísanir</b>	<b>108</b>

# 1 Inngangur

## 1.1 Germyndarleg setningagerð

Umfjöllunarefni þessarar ritgerðar er setningagerð sem hefur verið kölluð nýja setningagerðin, nýja ópersónulega setningagerðin, nýja þolmyndin og nýja ópersónulega þolmyndin. Ég notast við heitið nýja þolmyndin en dæmi um hana má sjá í (1).<sup>1</sup>

- (1) %Það var platað mig.  
(Helgi Skúli Kjartansson 1991:21)

Nýjung þessarar þolmyndar felst m.a. í því að formgerðarlegu andlagsfalli (þolfalli) er úthlutað (þ.e. með sögnum sem í germynd taka röklið í þolfalli), sbr. þf. *mig* í (1). Þolfall germyndar, sbr. (2), verður aftur á móti nefnifall í hefðbundinni þolmynd, sbr. (3).<sup>2</sup>

- (2) Einhver plataði mig.  
(3) Ég var plataður.  
(Helgi Skúli Kjartansson 1991:21)

Nýja þolmyndin í (1) á að þessu leyti meira sameiginlegt með germynd en hefðbundinni þolmynd þrátt fyrir að á yfirborðinu líkist hún auðvitað þolmynd. Hún er ólík þolmynd að ýmsu öðru leyti og um leið lík germynd eins og rætt er í þessari ritgerð. Til að mynda er þolfallsrökliðurinn í (1) andlag en ekki frumlag en liðurinn getur ekki færst í frumlagssæti:

- (4) a. \*Í gær var mig platað.  
b. \*Var þig platað?

---

<sup>1</sup>Í (1) er % notað til að sýna að setningin er ekki tæk í máli allra. Oftast er þessu merki þó sleppt í þessari ritgerð.

<sup>2</sup>Í þessari setningagerð geta einnig ákveðnir nafnliðir í þágufalli og eignarfalli komið á eftir lýsingarhættinum, sbr. (i), en í hefðbundinni þolmynd verða slíkir liðir að færast í frumlagssæti svo að setningin sé tæk, sbr. (ii).

- (i) a. Það var hrint mér.  
b. Það var saknað mín.  
(Helgi Skúli Kjartansson 1991:21)
- (ii) a. Mér var hrint.  
b. Mín var saknað.  
(Helgi Skúli Kjartansson 1991:21)

Í (2) tekur sögnin *plata* ytri röklið, geranda, í nefnifalli en andlaginu er úthlutað þolfalli. Gjarnan er talið að ytri rökliður sé forsenda fyrir fyrir úthlutun þolfalls (sbr. t.d. Burzio 1986) og stundum er sagt að nefnifall sé forsenda þolfalls (t.d. Yip, Maling og Jackendoff 1987; Halldór Ármann Sigurðsson 2003, 2006).<sup>3</sup> Nýja þolmyndin er á yfirborðinu ekki í samræmi við þetta því að þar er hægt að úthluta þolfalli án sýnilegs frumlags. Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling (2001a) (einnig Maling og Sigríður Sigurjónsdóttir 2002, 2012a,b,c) hafa haldið því fram að setningagerðin hafi ósýnilegt frumlag, *for*, og sé því alls ekki þolmynd heldur germynd (sjá einnig Maling 2006).

(5) Það var *for* platað mig.

Halldór Ármann Sigurðsson vill ekki taka jafndjúpt í árinna, hann samþykkir ekki þá tilgátu að setningagerðin sé germynd en segir þó að hún sé óvenjulega germyndarleg. Aðrir, svo sem Þórhallur Eypórsson og Jóhannes Gísli Jónsson, eru á öndverðum meiði við Maling og Sigríði og segja að þetta sé þolmynd. Um tilgátur þessara málfræðinga er rætt í 2. kafla.

Afturbeyging er annað atriði sem gerir nýju þolmyndina líkari germynd en þolmynd. Í (6) sjáum við germynd tveggja andlaga sagnar með skyldubundið afturbeygðu, óbeinu andlagi:

(6) Hann fékk sér öllara.

Slíkar sagnir ganga í nýju þolmyndinni, sjá (7), en eru ekki tækar í þolmyndarsetningum, sjá (8) (sjá þó umræðu hjá Hlíf Árnadóttur, Þórhalli Eypórssyni og Einari Frey Sigurðssyni 2011).

(7) Það var fengið sér öllara.  
(Þórhallur Eypórsson 2008a:187)

(8) a. \*Það var fenginn sér öllari.  
b. \*Öllari var fenginn sér.  
(Þórhallur Eypórsson 2008a:187)

---

<sup>3</sup>Það að andlag fái þolfall í þolmynd er eitt og sér ekki nýlunda. Þolmynd nokkurra sagna sem taka tvo þolfallsliði í germynd taka ekki tvo nefnifallsliði í þolmynd heldur fær frumlagið nefnifall og hinn liðurinn þolfall:

- (i) a. Skarphéðinn hjó Þráin banahögg.  
b. Þráinn var höggvinn banahögg.  
(Zaenen, Maling og Höskuldur Þráinsson 1985:458)

Í germyndarsetningunni í (ia) eru bæði *Þráin* og *banahögg* í þolfalli. Í samsvarandi þolmynd, sjá (ib), fær hins vegar eingöngu frumlagið *Þráinn* nefnifall, *banahögg* stendur í þolfalli.

*Af*-liðir eru svo hugsanlega eitt atriði til viðbótar sem gerir nýju þolmyndina líka germynd en þeir hafa verið eitt helsta þrætueplið í deilunni um hvers eðlis nýja þolmyndin er. Með *af*-liðum er átt við að vísað sé til geranda í forsetningarlið með höfuðorðinu *af*. Slíkt er mögulegt í hefðbundinni þolmynd.

(9) Ég var plataður af vinum mínum.

Þetta er ekki hægt í germynd.

(10) \*Einhver plataði mig af vinum mínum.

Þessi setning er algjörlega ótæk enda eru hér tveir rökliðir sem gegna merkingarhlutverki geranda, *einhver* og *vinir mínir*. Það er því haft til marks um þolmynd að hægt sé að vísa til geranda (eða rökliðar með annað merkingarhlutverk sem hefur verið „fjarlægður“) í *af*-forsetningarlið. Ef nýja þolmyndin er í raun og veru germyndargerð ættu *af*-liðir að vera ótækir (hér læt ég *for* fylgja með, það er í samræmi við hugmynd Maling og Sigríðar Sigurjónsdóttur, sbr. (5) að ofan).

(11) \*Það var *for* platað mig af vinum mínum.  
'Einhver plataði mig af vinum mínum.'

Ef hins vegar ekkert ósýnilegt frumlag er í nýju þolmyndinni (og ef hún er þolmynd eftir allt saman) ættu *af*-liðir að vera mögulegir.

(12) Það var platað mig af vinum mínum.  
'Vinir mínir plötudu mig.'

Maling og Sigríður Sigurjónsdóttir halda því fram að *af*-liðir séu ótækir (enda sé nýja þolmyndin germynd) en Þórhallur Eyþórsson (2008a), Jóhannes Gísli Jónsson (2009), Halldór Ármann Sigurðsson (2011) og Anton Karl Ingason, Legate og Yang (2012) telja þá tæka.

## 1.2 Hvað er þolmynd?

Vegna þess að í nokkurn tíma hefur verið deilt um hvort nýja þolmyndin sé germynd eða þolmynd er ekki úr vegi að við gerum okkur svolitla grein fyrir því hvað við teljum til þolmynda.

### 1.2.1 Hefðbundin og óhefðbundin þolmynd

Hugtakið *hefðbundin þolmynd* verður hér notað um það sem kallast á ensku *canonical passive*. Ekki er alltaf ljóst hvað menn eiga við með hugtakinu hverju sinni en í ritgerðinni vísar hugtakið fyrst og fremst til þolmyndar sem er tæk í staðalíslensku með hjálparsögnunum *vera* og *verða*.

Ef tiltekið tungumál hefur tvær (eða fleiri) gerðir þolmyndar er líklegt að aðeins önnur (eða ein) þeirra teljist til hefðbundinnar þolmyndar. Svona er þetta í íslensku. Þar er fleiri en ein gerð samsettrar þolmyndar. Þótt *fást-* og *hafu-*þolmynd í (13), eins og þær eru kallaðar hér, séu mögulegar er hefðbundin þolmynd í íslensku mynduð með hjálparsögnunum *vera* og *verða* ásamt lýsingarhætti þátíðar, sjá (14).

- (13) a. Kvikmyndin **fæst** ekki **sýnd** á hátíðinni.  
b. **Hafðu** mig **afsakaðan**.
- (14) a. Kvikmyndin **er sýnd** á hátíðinni.  
b. Kvikmyndin **verður sýnd** á hátíðinni.

Við köllum þolmyndina í (13) *óhefðbundna* (e. *non-canonical passive*). Setninguna í (15) gætum við e.t.v. flokkað sem þolmynd enda er þar *af*-liður sem vísar til geranda. Þetta væri þá önnur tegund óhefðbundinnar þolmyndar sem við getum kallað *st*-þolmynd en þá gerðum við ráð fyrir að *-st* væri sérstakt þolmyndarviðskeyti.

- (15) Þessi reitur **fyllist** út af skattstjóra.

Hér sjáum við mun á annars vegar þolmyndargerðunum í (13)–(14) og *st*-þolmyndinni í (15). Hann er sá að í (13)–(14) er þolmyndin samsett (e. *periphrastic passive*), þ.e. með hjálpar-sögnunum *fást*, *hafu*, *vera* og *verða* og lýsingarhætti þátíðar, en í (15) er sérstakt þolmyndarviðskeyti, *-st*. Þolmyndargerðum í tungumálum heimsins hefur einmitt verið skipt í tvennt að þessu leyti, í samsetta þolmynd (e. *periphrastic passive*, *analytic passive*) og þolmynd sem sýnd er með þolmyndarmyndani (e. *strict morphological passive*, *synthetic passive*) (t.d. Keenan og Dryer 2007, Emonds 2006).

En aftur að hefðbundinni þolmynd í íslensku. Notkun *vera* eða *verða* og lýsingarháttar þátíðar tryggir ekki að út komi þolmynd.

- (16) a. Jón **er** ekki enn **farinn**.  
b. Jón **verður kominn** þegar þið komið heim.

Hér táknar lýsingarhátturinn *farinn* og *kominn* lokið horf. Sagnirnar *fara* og *koma* eru áhrifs-

lausar og því aðeins einn rökliður sem þær taka með sér. Það þarf ekki að hafa um það mörg orð að ef sögn tekur aðeins einn rökliður getur hann ekki verið sýnilegur bæði í germynd og þolmynd (nema með *af*-lið eins og vikið verður að síðar). Í þessari ritgerð er gerður greinarmunur á lýsingarhættinum í (16) annars vegar og í (14) hins vegar. Þann fyrri köllum við einfaldlega lýsingarhátt þátíðar en þann síðari þolmyndarhátt.

### 1.2.2 Aðrar þolmyndarlegar setningagerðir

Við höfum séð að hvorki hjálparsagnir né þolmyndarháttur eru forsenda þolmyndar í íslensku. Í (15) sögðum við að um þolmynd væri að ræða og rökstuddum það með því að þar væri *af*-liður sem vísaði til geranda. En hvað þá um eftirfarandi setningar (leturbreytingar mínar)?<sup>4</sup>

- (17) a. Upptaka í borð- eða fartölvu eða t.d. með Iphone, Ipad eða lítlu vasa upptökutæki er tiltölulega einfalt mál og framkvæmanlegt **af hverjum sem er** [...] ([http://www.reykholar.is/vistun\\_gagna/skra/963/](http://www.reykholar.is/vistun_gagna/skra/963/), skoðað 26. apríl 2012)
- b. Eyðublað árs mats til útfyllingar **af yfirmanni**. (<http://fh.hi.is/gamli/haefnismat-arsmat.html>, skoðað 1. september 2012)
- c. Í dag á samkvæmt dagskrá að brenna föður minn (**af femínistum og fylgífiskum**). (<http://www.dv.is/frettir/2012/2/23/i-dag-samkvaemt-dagskra-ad-brenna-fodur-minn-af-feministum-og-fylgifiskum/>, skrifað 23. febrúar 2012)
- d. Hatursræðu er hægt að tjá munnlega eða í skriflegu formi **af hverjum sem er** [...] (<http://www.humanrights.is/vidburdir/nr/3136>, skoðað 26. apríl 2012)
- e. Það þótti því sjálfsagt að láta skoða það **af færustu mönnum** [...] (<http://www.althingi.is/altext/gomulraeda.php4?nr=3459&lthing=93&dalkur=3817>, alþingisræða flutt 18. apríl 1973)

Hér eru *af*-liðir notaðir í ýmsum setningagerðum en við gengjum líklega seint svo langt að telja þær til þolmyndar. Þessi dæmi sýna að mörkin milli germyndar og þolmyndar eru oft ekki eins ljós og ætla mætti og hið sama er að segja um nýju þolmyndina.

### 1.3 Rannsóknarspurning og niðurstöður

Aðalviðfangsefni þessarar ritgerðar er hvers eðlis nýja þolmyndin sé. Nokkrar tilgátur hafa verið settar fram og hefur harðast verið deilt um hvort hún sé ný gerð ópersónulegrar ger-

---

<sup>4</sup>Heimilda af netinu og úr tímaritum, sem vitna fyrst og fremst um mál fólks, er ekki getið í heimildaskrá. Slóðin er gefin upp fyrir neðan netdæmin. Þegar upplýsingar eru tiltækar um hvenær viðkomandi texti var settur á netið eru þær notaðar, annars er tilgreint hvaða dag heimildin var skoðuð. Þá eru upplýsingar um tímarit og dagblöð, svo sem blaðsíðutal og útgáfuár, tilfærðar fyrir neðan máldæmin.

myndar eða hreinlega þolmynd. Tilgátan sem hér er sett fram fer á vissan hátt bil beggja og er að nokkru leyti byggð á tilgátum Halldórs Ármanns Sigurðssonar (2011) og Antons Karls Ingasonar, Legate og Yangs (2012). Hér verður því haldið fram að *af*-liðir séu tækir í nýju þolmyndinni. Það er mikilvægur eiginleiki þolmyndar en því er jafnframt haldið fram að setningagerðin hafi ósýnilegt frumlag sem sé þó ekki fullur nafnliður og sé þar að auki neðar í formgerðinni en frumlagið sem Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling (2001a) gera ráð fyrir. Að þessu leyti hefur nýja þolmyndin eiginleika germyndar. Þá er því einnig haldið fram að formgerð nýju þolmyndarinnar eigi sér hliðstæðu í ópersónulegu háttarsagnagerðinni og þolmynd *vera* og *vera búinn*.

Nú verður reynt að sýna fram á réttmæti þessarar tilgátu en uppbygging ritgerðarinnar er sem hér segir. Í 2. kafla er rætt um mismunandi hugmyndir sem málfræðingar hafa sett fram um nýju þolmyndina. Þar er rætt um tilgátur um uppruna nýju þolmyndarinnar og um eðli hennar. Í 3. kafla er rætt um *af*-liði en þar er komist að þeirri niðurstöðu að þeir séu tækir í nýju þolmyndinni. Í 4. kafla er svo rætt um margvíslegar ópersónulegar setningagerðir í íslensku og í 5. kafla eru þær samtvinnaðar nýju þolmyndinni en þar er tilgátan um eðli setningagerðarinnar sett fram. Í 6. kafla eru svo helstu niðurstöður dregnar saman.

## 2 Tilgátur um eðli nýju þolmyndarinnar

### 2.1 Uppruni nýju þolmyndarinnar

#### 2.1.1 Aldur

Heitin *nýja þolmyndin* og *nýja (ópersónulega) setningagerðin* gefa til kynna að setningagerðin sé nýleg málbreyting í íslensku. Margt bendir sterklega til þess að svo sé: Stutt er síðan málfræðingar fóru að rita um hana, einkum í þeim tilgangi að vara við henni eða til þess að rannsaka hana; elstu dæmi um hana eru tiltölulega nýleg; og þá virðist nýja þolmyndin einkum bundin við mál yngra fólks.

##### 2.1.1.1 Elstu skrif

Helgi Skúli Kjartansson (1991) var fyrstur til að gera fræðilega úttekt á nýju þolmyndinni en áður höfðu málfræðingar minnst á hana eða fjallað um hana lítillega. Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling (2001b) og Maling og Sigríður Sigurjónsdóttir (2002) gefa gott yfirlit um elstu skrif um nýju þolmyndina og er umfjöllunin hér byggð að nokkru leyti á því. Þær telja að Helgi Bernóðusson (1982) hafi verið fyrstur til að fjalla um nýju þolmyndina en hann sýnir eftirfarandi dæmi:

- (18) a. Það var hjálpað mér í skólanum.  
(Helgi Bernóðusson 1982:212)
- b. Það var barið mig.
- c. Það var skilið mig eftir.  
(Helgi Bernóðusson 1982:nmgr. 45 á bls. 242)

Eiríkur Rögnvaldsson hefur þó bent mér á að Gísli Jónsson hafi verið fyrri til en hann minntist á nýju þolmyndina árin 1979 og 1980, sjá (19). Það er þó ekkert aðalatriði hér því að eftir sem áður virðist tiltölulega stutt síðan málfræðingar fóru að ræða um og minnst á nýju þolmyndina (í (19a) hef ég breytt feitu letri Gísla í venjulegt).

- (19) a. Enn er að geta þess mállýtis sem er fólgið í vansköpun eða vönun þolmyndar svo að hún verður alltaf í hvorugkyni eintölu. Dæmi úr forsíðufrétt hér í Morgunblaðinu s.l. laugardag: „Lagt var [...] á ráðin [...]“ Þetta kynni reyndar að þarfnast nánari skýringa, en mergurinn málsins er sá, að þarna á að mínu viti að standa í upphafi: Lögð voru á ráðin, ekki lagt var á ráðin. Ég held meira að segja að það merki annað. Eins og þetta stóð í blaðinu er því helst líkjandi við fátæklegt barna-



mál: Það var barið mig í bakið.

(Gísli Jónsson 1979:14)

- b. Gelding þolmyndar heldur áfram. Í útvarpsfréttum mátti heyra: Tekið var þátt í þessu, í stað þess að segja að þáttur væri tekinn. Þetta er eins vont og barnamálið: Það var barið mig, í stað þess að segja: ég var barin(n).  
(Gísli Jónsson 1980:7)

Gísli minntist á nýju þolmyndina í fleiri þáttum síðar en ég lét duga að sýna elstu dæmin.

Í *Morgunblaðinu* birtust árið 1982 í málvöndunarþættinum „Gætum tungunnar“ eftirfarandi leiðbeiningar (þessar umvandanir birtust einnig í samnefndri bók árið 1984):

(20) **Heyrst hefur:** Það var sagt honum að fara.

**Rétt væri: Honum var sagt** að fara.

Leiðréttum þetta hjá börnum!

(*Morgunblaðið*, 18. nóvember 1982, bls. 45; sbr. Helga Hálfðanarson (ritstj.) 1984:31)

Jón Friðjónsson (1989) sýnir dæmi um nýja þolmynd með ákveðnum röklið í þágufalli annars vegar og eignarfalli hins vegar:

(21) a. ?Það var fleygt bókunum.

b. ?Það var saknað stráksins.

(Jón Friðjónsson 1989:81)

Þá fjallar Halldór Ármann Sigurðsson (1989:355) stuttlega um setningar eins og (22) en hann segir slíkar setningar oft heyrast í íslensku, annarri en staðalmálinu (þ.e. í því sem hann kallar á ensku *non-standard Icelandic*). Í þessu samhengi sýnir hann einnig dæmi með afturbeygðum fornöfnum og segir þau mun betri:

(22) %Það var kosið hana í gær.

(Halldór Ármann Sigurðsson 1989)

(23) a. ?Það var leikið sér allan daginn.

b. ??Það var baðað sig á laugardögum.

(Halldór Ármann Sigurðsson 1989:nmgr 60 á bls. 355)

Vera kann að umfjöllun finnist um nýju þolmyndina sem sé eldri en Gísla Jónssonar (1979). Út frá fyrirliggjandi upplýsingum verðum við hins vegar að draga þá ályktun að frekar stutt sé síðan málfræðingar fóru að taka eftir nýju þolmyndinni í íslensku.

### 2.1.1.2 Elstu dæmi

Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling (2001a) sýna elstu dæmi um nýju þolmyndina sem þær vita um en þau eru frá 1959 og 1968:

- (24) a. Það var bólusett okkur. (stúlka fædd á Norðurlandi)  
b. Það var gefið mér nammi. (stúlka fædd á Vesturlandi)  
(Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling 2001a:146)

Í þessum undirkafla eru sýnd dæmi um nýja þolmynd en dæmi úr dagblöðum hef ég fundið á síðunni Tímarit.is (<http://timarit.is>). Þar hef ég reynt að finna ótvíræð dæmi um nýja þolmynd sem eru eldri en í (24). Það þýðir að ég hef leitað að nýrri þolmynd með þolfallsrökliðum þar sem ákveðnir rökliðir í þágufalli eða eignarfalli geta í einhverjum tilvikum frekar verið til marks um brot á ákveðnihömlu. Elstu dæmin um afturbeygða þolmynd eru fengin úr grein Hlífur Árnadóttur, Þórhalls Eyþórssonar og Einars Freys Sigurðssonar (2011) en þau nýttu sér einnig Tímarit.is við leitina að þeim. Nokkuð tilviljanakennt er hvaða dæmi ég fundið vegna þess að ég varð að slá inn ákveðna leitarstrengi á síðunni Tímarit.is; t.d. fannst nýþolmyndarsetningin í (28a) með því að notast við leitarstrenginn “*tekið er þátt*”. Hér fyrir neðan eru elstu dæmi sem ég hef fundið um nýju þolmyndina skráð. Ég sýni þó ekki endilega öll dæmi með tilteknum sögnum frá því fyrir miðja 20. öld heldur einblíni á að skrá elstu dæmin.

Elsta dæmið um að því er virðist ótvíræða nýja þolmynd er sýnt í (25) (sjá einnig Maling og Sigríði Sigurjónsdóttur 2012b).<sup>5</sup>

- (25) En þá kvöl, sem eg hafði að bera af kitlum, sem eg hafði í yljum og tám, verður ei af mér útmálað.  
(1791.JONSTEINGRIMS.BIO-AUT,112.303; sbr. Jón Steingrímsson 2011:61)

Hér höfum við röklið í þolfalli (*þá kvöl*) án þess að nokkurt sýnilegt frumlag sé í setningunni. Hins vegar er gerandinn sýndur í *af*-lið. Það kemur mjög á óvart að dæmi um nýju þolmyndina frá 18. öld hafi fundist en þó verður að fara mjög varlega í að álykta þess efnis að breytingin sé eldri en talið hefur verið hingað til.<sup>6</sup>

<sup>5</sup>Dæmið í (25) er fengið úr Íslenska trjábankanum (IcePaHC, Wallenberg o.fl. 2011) en í ritgerðinni er vísað nokkuð til hans. Strengurinn „1791.JONSTEINGRIMS.BIO-AUT,112.303“ vísar til upplýsinga í IcePaHC en 1791 er ártalið sem höfundar trjábankans hafa skráð með heimildinni JONSTEINGRIMS (sjá Jón Steingrímsson 2011). Frekari upplýsingar um bankann er að finna á heimasíðu hans: [http://www.linguist.is/icelandic\\_treebank](http://www.linguist.is/icelandic_treebank).

<sup>6</sup>Hugsanlegt væri að skýra þolfallið í (25) þannig að rökliðurinn fengi fall innan úr tilvísunarsetningunni, frá sögninni *bera*. Það væri ekki útilokað enda er það ekki svo óalgengt að ákveðniliður í aðalsetningu fái fall frá fallgjafa í tilvísunarsetningu (þó má líklega deila um hvort *mig* í (ia) sé rökliður í aðalsetningu):

- (i) a. Ansans, mig sem langaði svo í blautan berjamó á morgun... ;-)

Fleiri dæmi mætti nefna sem hafa fundist um nýju þolmyndina og eru eldri en eftir miðja síðustu öld. Annað dæmi er að finna í Íslenska trjábankanum (IcePaHC) úr skáldsögu frá 1902 en þar er svokallað leiðarþolfall notað í ópersónulegri þolmynd (feitletrun mín):

(26) Með því að giftast Brandi, **var gengið** á veg lífsþæginda og lífsstarfa, **götuna** til að vera með í sveitarfélaginu, þurfa ekki allan árshringinn að berjast við skortinn með hnúum og hnefum.

(1902.FOSSAR.NAR-FIC,,32; Þorgils gjallandi 1902)

Hér er þó hugsanlegt að *götuna* stýrist af forsetningunni *á* sem stýrir þolfalli á *veg*. Þá væri *gengið á götuna* en ekki *gengið götuna*.

Hvernig svo sem háttað er um dæmið í (26) er nokkur dæmi að finna um leiðarþolfall með sögninni *fara* í ópersónulegri þolmynd frá því fyrir miðja 20. öld:

- (27) a. Mun það vera afar-sjaldgæft að farið sé þessa leið á hjólum til Reykjavíkur.  
(*Alþýðublaðið*, 15. janúar 1936, bls. 4)
- b. [...] ef farið er þessa leið norður í land.  
(*Vísir*, 29. ágúst 1938, bls. 3)
- c. [...] en víðast voru þó hjólför sjáanleg því að stundum var farið þessa leið með vagna eða í bifreiðum.  
(*Vísir*, 7. janúar 1939, bls. 4)

Litlu yngra dæmi en í (26) er að finna árið 1908, sjá (28a), en það er eins og dæmið í (19b) sem Gísli Jónsson (1980:7) amaðist við (athyglisvert er að þar er *af*-liður notaður). Önnur eins dæmi hef ég fundið frá árunum 1915, sjá (28b), og 1925, sjá (28c):

- (28) a. Nú standa yfir í Lundúnum, í sambandi við veraldar-sýninguna þar, kappleikir, sem tekið er þátt í af leik-köppum alstaðar úr heimi.  
(*Framtíðin*, 1. ágúst 1908, bls. 82)
- b. [...] en það mundi *gleðja* það, að sjá, hvernig alstaðar er tekið þátt í þrautum þess

---

(<http://gapsdiet.blogspot.com/2010/08/dasemdardagur.html>; skrifað 3. ágúst 2010)

- b. Þeim sem líkar hinsvegar við bresku hljómsveitina Coldplay eru ekki eins líklegir.  
(<http://www.dv.is/folk/2011/4/16/ekki-liklegt-ad-addaendur-coldplay-sofi-hja-fyrsta-stefnumoti/>; skrifað 16. apríl 2011)

Svipað kemur fyrir í klofningssetningum (e. *cleft sentences*):

- (ii) Það var lítinn hund sem María sá.  
(Höskuldur Þráinsson 2007:360)

[...]

(*Dagblaðið*, 15. janúar 1925, bls. 134)

c. Hjer var tekið þátt í minningarathöfninni [...]

(*Morgunblaðið*, 14. mars 1925, bls. 3)

Í (28) er orðtakakennt samband, *að taka þátt í e-u*, sbr. 2.4.3, og mögulega gætum við einnig flokkað *að standa vörð um e-ð* þannig. Í (29) er dæmi um orðasambandið í nýrri þolmynd frá árinu 1947:

(29) [...] samtímis því sem staðið er vörð um frelsi landsins og sjálfstæði þjóðarinnar.

(*Alþýðublaðið*, 31. desember 1947, bls. 5)

Þessi dæmi um nýju þolmyndina sem hér hafa verið tínd til eru flest, að því er virðist, annaðhvort setningar með orðtakakenndum samböndum eða setningar með leiðarþolfalli. Það er eflaust umdeilanlegt hvort þær síðarnefndu séu raunverulega ný þolmynd þótt þær séu kallaðar það hér en aftur á móti samræmast persónubeygðar sagnir venjulega „leiðarliðnum“ í staðal-íslensku.

(30) Gatan var gengin.

Vegna þess að einungis eitt dæmi hefur fundist um nýju þolmyndina frá 18. öld getum við ekki haldið því fram að hún sé svo gömul. Hins vegar hafa fundist nokkur dæmi um hana frá því við upphaf 20. aldar og þangað getum við rakið þróunina.

### 2.1.1.3 Hverjir nota nýju þolmyndina?

Í köflum 2.1.1.1 og 2.1.1.2 sáum við vísbendingar um að nýja þolmyndin sé nýleg málbreyting. Við skulum núna líta á það á hvaða aldri þeir eru sem helst samþykkja nýju þolmyndina. Ef þetta er nýleg breyting ættu ekki allir að samþykkja hana en við byggjumst helst við því að yngri málhafar gerðu það.

Árið 1996 gerðu Joan Maling og Sigríður Sigurjónsdóttir frumathugun á nýju þolmyndinni (Maling og Sigríður Sigurjónsdóttir 1997) og veturinn 1999–2000 gerðu þær mjög viðamikla könnun á meðal nemenda í 10. bekk, þ.e. 15–16 ára unglunga. Unnið var með niðurstöður 1695 nemenda en þá höfðu úrlausnarblöð 36 þátttakenda verið útilokuð en það voru nemendur sem samþykktu tvær eða fleiri ótækar viðmiðunarsetningar. Til viðmiðunar voru 200 fullorðnir fengnir til að fylla út könnunina en um hana má lesa frekar hjá t.d. Sigríði Sigurjónsdóttur og Maling (2001b).

Í könnun Sigríðar Sigurjónsdóttur og Maling (2001a) (sjá einnig t.d. Maling og Sigríði

Sigurjónsdóttur 2002) kom skýrt fram að yngri málfarar samþykktu nýju þolmyndina mun frekar en fullorðnir. Á meðal yngstu málfaranna kom einnig fram landshlutabundinn munur sem skýrðist að einhverju leyti af því að menntun foreldra var meiri. Þess vegna skipta Sigríður og Maling hópi málfara í þrennt: 1) Unglingar á landsbyggðinni og í úthverfum Reykjavíkur; 2) unglíngar í Reykjavík vestan Elliðaána; 3) fullorðnir. Unglingar í hópi 1 samþykktu nýju þolmyndina frekar en í unglíngar í hópi 2. Þessi munur er ekki frekar ræddur í þessari ritgerð.<sup>7</sup>

Við skulum skoða hvað þátttakendum fannst um setninguna *Það var beðið mig að vaska upp*. Það er sýnt í töflu 1 þar sem óbeint andlag nýju þolmyndarinnar er í þolfalli. Í (31) er setningin sýnd eins og hún liti út í staðalmálinu en þar er nefnifallsrökliðurinn *ég* í frumlagssæti.

	Landsbyggðin + úthverfi Rvíkur	Reykjavík vestan Elliðaána	Fullorðnir
Það var beðið mig að vaska upp.	73%	47%	7%

Tafla 1: Hlutfall jákvæðra svara í könnun Sigríðar Sigurjónsdóttur og Maling (2001a:140).

(31) Ég var beðinn að vaska upp.

Við sjáum mjög greinilega að mikill munur er á svörum unglínga og fullorðinna við setningunni í töflu 1. Mjög lágt hlutfall fullorðinna samþykkir hana en mun herra hlutfall yngri málfara. Að vísu er einnig mjög mikill landshlutabundinn munur á svörum unglínga en ekki er farið út í það hér.

Aldursbundinn munur kom einnig fram í könnunum Tilbrigða í setningagerð (Höskuldur Þráinsson, Sigríður Sigurjónsdóttir og Hlíf Árnadóttir 2012). Það sést bersýnilega í töflu 2.<sup>8</sup>

	15 ára	20–25	40–45	65–70
Það var rekið manninn út af staðnum.	47%	16%	4%	2%

Tafla 2: Hlutfall jákvæðra svara í könnun Tilbrigða í setningagerð (Höskuldur Þráinsson, Sigríður Sigurjónsdóttir og Hlíf Árnadóttir 2012).

Þrátt fyrir að eldri málfarar kunni e.t.v. að nota og samþykkja nýju þolmyndina að einhverju marki er augljóst að það eru fyrst og fremst yngri málfarar sem það gera. Ef við segjum

<sup>7</sup>Áfram er rætt um könnunina í kafla 2.2.

<sup>8</sup>Í öndvegisverkefninu Tilbrigðum í setningagerð undir stjórn Höskuldur Þráinssonar voru gerðar þrjár viðamiklar kannanir á árunum 2005–2007. Þátttakendur í hverri könnun voru um og yfir 700 talsins. Kannanirnar voru að mestu leyti dómapróf, líkt og hjá Joan Maling og Sigríði Sigurjónsdóttur, en þá fengu málfarar þrjá valmöguleika til að dæma setningar, *já*, *?* og *nei*. Í könnun Maling og Sigríðar voru möguleikarnir einungis tveir, *já* og *nei*. Nýja þolmyndin var einkum athuguð í fyrstu könnun Tilbrigða í setningagerð og eru niðurstöður úr henni notaðar í þessari ritgerð.

að nýja þolmyndin sé ekki bara bundin við mál ungs fólks almennt, þ.e. að þegar fólk eldist hætti það ekki að nota hana, getum við túlkað þessar niðurstöður þannig að þær gefi sterkar vísbendingar um að nýja þolmyndin sé nýleg breyting. Málfræðingar hafa enda gert ráð fyrir því hingað til.

## 2.1.2 Uppruni og þróun

Ýmsar hugmyndir hafa verið settar fram um uppruna nýju þolmyndarinnar.<sup>9</sup> Hér verða nokkrar þeirra reifaðar í mjög stuttu máli.

### 2.1.2.1 Líkindi með forsetningarþolmynd

Helgi Skúli Kjartansson (1991:21) telur að forsetningarþolmynd sé „mikilvægasta fyrirmynd nýju þolmyndarinnar“. Hann ræðir um setningar eins og eftirfarandi:

(32) Það var leikið á mig.  
(Helgi Skúli Kjartansson 1991:21)

Helgi segir að sögnin heiti að *leika á* (en ekki *leika*) og þessi sögn taki þolfallsandlag í þolmynd án geranda. Hann spyr því hvers vegna ekki megi mynda frumlagslausa þolmynd með *plata* í stað *leika á*, þ.e. hvers vegna setningin í (32) sé tæk í máli allra en setningin í (33) ótæk í máli flestra.

(33) Það var platað mig.  
(Helgi Skúli Kjartansson 1991:21)

Jóhanna Barðdal og Molnár (2003:245) (sjá einnig Jóhönnu Barðdal og Molnár 2000:126) taka undir hugmyndir Helga Skúla. Vegna þess að sagnir sömu merkingar taki mismunandi fylliliði, svo sem forsetningarlið í (32) eða ákveðnið í (33), hafi það getað stuðlað að því að nýja þolmyndin leit dagsins ljós. Enn fremur telja þær, vegna þess að sagnirnar hafa sömu merkingu, að forsetninguna *á* í (32) sé hægt að endurtúlka sem ögn.<sup>10</sup>

### 2.1.2.2 Endurtúlkun ópersónulegrar þolmyndar

Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling (2001a) telja að nýja þolmyndin hafi þróast út frá ópersónu-

<sup>9</sup>Ekki gefst ráðrúm til að ræða þær allar hér. Þannig verður t.d. ekki fjallað um þá hugmynd Hlífur Árnadóttur og Einars Freys Sigurðssonar (2008) að uppruna nýju þolmyndarinnar sé að finna í samræmisleysi tveggja andlaga sagna (í þgf.-nf.-þolmynd), sbr. einnig Ásbjörgu Benediktsdóttur (2008) sem ræðir um samræmisleysi við nefnifall með nefnifallsröklidum í þolmynd.

<sup>10</sup>Sjá einnig umræðu Halldórs Ármanns Sigurðssonar (2011) um „tómar“ forsetningar.

legri þolmynd — upphaflega hafi ópersónuleg þolmynd verið endurtúlkuð þannig að hún hefði ósýnilegt frumlag. Þær telja jafnframt að nú séu ýmsir málhafar sem hafi ekki nýju þolmyndina en túlki hins vegar ópersónulega þolmynd með *for*-frumlagi. Ný þolmynd ópersónulegrar þolmyndar hljómar nákvæmlega eins og ópersónuleg þolmynd en *for* skilur setningagerðirnar að:

- (34) a. Það var dansað í gær. (ópersónuleg þolmynd)  
 b. Það var *for* dansað í gær. (nýja þolmyndin)

Í könnun þeirra var hlutfall fullorðinna sem samþykktu nýju þolmyndina almennt mjög lágt. Hins vegar samþykkti nokkuð hátt hlutfall setningarnar í töflu 3.

	Landsbyggðin + úthv. Rvíkur	Rvík vestan Elliðaáa	Full- orðnir
a. Það var komið skellihlæjandi í tímann.	68%	47%	52%
b. Það var farið hágrátandi heim.	61%	50%	49%

Tafla 3: Hlutfall jákvæðra svara í könnun Sigríðar Sigurjónsdóttur og Maling (2001a:167).

Ástæðan fyrir því að svo margir fullorðnir samþykkja ópersónulega þolmynd með viðurlagi sem vísar til geranda (*skellihlæjandi* og *hágrátandi*) er þá sú, segja Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling (2001a), að þeir hafa *for*-frumlag í ópersónulegri þolmyndinni. Þeir sem ekki hafa ósýnilegt frumlag í ópersónulegri þolmynd ættu þá að eiga í nokkrum vandræðum með að skilja setningarnar í töflu 3 en Maling og Sigríður Sigurjónsdóttir (2002:125) greina einmitt frá því að einn þátttakandi hafi gert þá athugasemd við setningu a í töflu 3 að þar vantaði einhvern (og vísaði þá væntanlega til þess að viðurlagið *skellihlæjandi* vísaði ekki til neins frumlags).

Á sama hátt túlka Sigríður og Maling niðurstöðurnar í töflu 4.

	Landsbyggðin + úthv. Rvíkur	Rvík vestan Elliðaáa	Full- orðnir
Það var haldið með sínu liði.	63%	49%	36%

Tafla 4: Hlutfall jákvæðra svara í könnun Maling og Sigríðar Sigurjónsdóttur (2002:123).

Það að einhver samþykki ekki nýju þolmyndina en samþykki þó afturbeygingu í forsetningarþolmynd (sem við gætum greint sem ópersónulega þolmynd) getur einmitt bent til þess að hann túlki setningagerðina þannig að hún hafi *for*. Mikill meirihluti fullorðina hafnaði aftur á móti setningunni í töflu 4 en samkvæmt tilgátu Sigríðar og Maling hafa þessir málhafar ekki *for*-frumlag í ópersónulegri þolmynd og samþykkja því ekki heldur nýju þolmyndina.

Nokkuð hátt hlutfall fullorðinna samþykkti líka þolmyndarsetningar með skyldubundið afturbeygðum sögnum (sjá til dæmis Maling og Sigríði Sigurjónsdóttur 2002:121). Þetta telja Maling og Sigríður einmitt til marks um fyrsta skrefið við endurtúlkun þolmyndarháttar í ópersónulegri þolmynd. Næsta skref þar á eftir er myndun nýrrar þolmyndar sem er ekki bundin við afturbeygðar sagnir. Athyglisvert er að elstu dæmi sem fundist hafa um afturbeygða þolmynd eru frá því um miðja 19. öld, sjá (35a), en elstu dæmi um nýja þolmynd, ef frá er skilin nýja þolmyndin í (25), eru frá því í byrjun 20. aldar (sbr. kafla 2.1.1.2).

- (35) a. Þókti og mönnum sem mjög væri flýtt sèr með að byggja þau [...] (Skírnir 16, 1. janúar 1842, bls. 51)
- b. [...] og ekki var skipt sjer af að vatna því [...] (Lanztíðindi 11–12, 28. febrúar 1850, bls. 43; Hlíf Árnadóttir o.fl. 2011:65)

Í (35a) sést að í þessum elstu dæmum er afturbeygða fornafnið í þágufalli. Elstu dæmin um afturbeygða þolmynd með fornafninu í þolfalli eru yngri, sjá (36):

- (36) a. Í grein þessari er furðað sig á þessari ályktun [...] (Þjóðólfur 3–4, 20. Janúar 1888, bls. 9)
- b. [...] er því mikið reitt sig á sjávarafra [...] (Þjóðólfur 23, 19. maí 1893, bls. 90; Hlíf Árnadóttir o.fl. 2011:67, 89)

Í rannsókn Hlífar Árnadóttur, Þórhalls Eyþórssonar og Einars Freys Sigurðssonar (2011) kom einnig fram að í textum frá 19. öld var afturbeygð þolmynd með fornafninu í þágufalli mun algengari en með afturbeygða fornafninu í þolfalli. Þetta fellur vel að niðurstöðum Maling og Sigríðar Sigurjónsdóttur (2002:112) en í könnun þeirra voru þágufallsandlög í nýju þolmyndinni marktækt meira samþykkt en þolfallsandlög (sbr. einnig Helga Skúla Kjartansson 1991 sem telur að setningagerðin sé algengari með sögnum sem stýra þágufalli).

### 2.1.2.3 Þolmyndarstigveldið

Maling og Sigríður spá því að þróun nýju þolmyndarinnar gerist í skrefum (sjá t.d. Maling og Sigríði Sigurjónsdóttur 2012b).

- (37) a. 1. skref: Ópersónuleg þolmynd er einungis möguleg með áhrifslausum sögnum á borð við *dansa*.
- b. 2. skref: Ópersónuleg þolmynd er endurtúlkuð sem germynd og þá er hægt að mynda afturbeygða þolmynd (*Það var drifið sig á ball*).
- c. 3. skref: Nýja þolmyndin er tæk og er ekki bundin við afturbeygða þolmynd.



Í (37) getum við greint stigveldi sem spáir því að fyrir málhafa á 1. skrefi sé afturbeygð þolmynd og nýja þolmyndin ótæk. Aftur á móti ætti ópersónuleg þolmynd sem og afturbeygð að vera tæk í máli þess sem hefur nýju þolmyndina.

Þetta þolmyndarstigveldi, sem við getum kallað svo, er hins vegar fíngerðara en sýnt er í (37). Út frá könnun Sigríðar Sigurjónsdóttur og Maling annars vegar og Tilbrigða í setningagerð hins vegar setja Hlíf Árnadóttir, Þórhallur Eypórsson og Einar Freyr Sigurðsson (2011) fram nýtt stigveldi sem er sýnt í töflu 5 (sjá einnig Hlíf Árnadóttur 2006; 2008 og Þórhall Eypórsson 2007; 2008a).

1. Það var dansað.	(ópersónuleg þolmynd)
2. Það var drifið sig á ball.	(afturbeygð þolmynd eins andlags sagna)
3. Það var auðvitað fengið sér hamborgara.	(afturbeygð þolmynd tveggja andлага sagna)
4. Það var skammað mig fyrir letina.	(ný þolmynd eins andlags sagna)
Það var sýnt þeim bæklinga.	(ný þolmynd tveggja andлага sagna)

Tafla 5: Þolmyndarstigveldið (Hlíf Árnadóttir o.fl. 2011:63).

Rétt er að taka fram að niðurstöður úr rannsókn Hlífar, Þórhalls og Einars á textum á síðunni Tímarit.is virðast að miklu leyti passa við stigveldið í töflu 5 sem er byggt á dómum málhafa.

Þórhallur Eypórsson (2008a) fjallar um setningar á stigi 3 í töflu 5, þ.e. afturbeygða þolmynd tveggja andлага sagna (e. *Impersonal Ditransitive Reflexive Construction*). Áhugavert er að sumir málhafar geta samþykkt og notað setningar á borð við *Það var auðvitað fengið sér hamborgara*, þar sem beina andlagið er í þolfalli, án þess þó endilega að nýja þolmyndin, sbr. stig 4 í töflunni, sé tæk í máli þeirra.

#### 2.1.2.4 Endurtúlkun leppþolmyndar

Athugum nú á eftirfarandi setningu:

- (38) Það var barinn lítill strákur.  
(Þórhallur Eypórsson 2008a:174)

Þetta er augljóslega þolmynd vegna þess að ákveðniliðurinn er í nefnifalli og auk þess samræmist þolmyndarhátturinn falli rökliðarins. Þetta er þolmynd án ákveðniliðarfærslu (nafnliðarfærslu). Aftur á móti er þetta ekki jafnaugljóst í (39):

- (39) Það var skammað lítið barn.  
(Þórhallur Eypórsson 2008a:211)

Þessi setning lítur um margt út fyrir að vera dæmi um nýju þolmyndina. Engin ákveðniðar-færsla á sér stað, ákveðniðurinn gæti verið í þolfalli (hk. *lítið barn* er eins í nefnifalli og þolfalli) og sé svo er ekki samræmi milli þolmyndarháttar og rökliðarins. Hið sama er að segja um setningarnar í (40), þær gætu allt eins verið dæmi um nýju þolmyndina.

- (40) a. Það var hjálpað litlum strák.  
b. Það var saknað lítillar stelpu.  
(Þórhallur Eypórsson 2012:113)

Hins vegar er lykillinn að því að greina setningarnar í (39)–(40) ekki sem nýja þolmynd *ákveðni*: Rökliðirnir eru óákveðnir og það veitir þeim undanþágu, ef svo má að orði komast, frá því að færast í frumlagssæti. Óákveðnir rökliðir geta einnig flust stuttri færslu, sbr. (41)–(42):

- (41) Það var lítið barn skammað.  
(42) a. Það var litlum strák hjálpað.  
b. Það var lítillar stelpu saknað.  
(Þórhallur Eypórsson 2012:111, 113)

Setningarnar í (41)–(42) eru ótvírætt í þolmynd vegna þess að stutt færsla rökliða í nýju þolmyndinni er ótæk.

Í staðalíslensku geta ákveðin frumlög ekki komið í stað óákveðnu rökliðanna í (38)–(40) (og ekki heldur í (41)–(42) en við hugsum ekki frekar um það vegna þess að stutt rökliðarfærsla er ótæk í nýju þolmyndinni). Þetta er hamla ákveðins nafnliðar (ákveðnihamla, e. *Definiteness Effect*):

- (43) a. \*Það var skammað litla barnið. (þolmynd, tækt í nýju þolmyndinni)  
(Þórhallur Eypórsson 2008a:211)  
b. \*Það var hjálpað litla stráknum.  
c. \*Það var saknað litlu stelpunnar.

Þórhallur Eypórsson (2008a) (sbr. einnig Margréti Guðmundsdóttur 2002:112–113) setur fram þá tilgátu að ákveðnihamla skipti höfuðmáli við myndun nýju þolmyndarinnar. Hún gefi eftir með ákveðnum frumlögum í sæti, sbr. (43), en tvíræðni margra dæma, svo sem í (43), valdi því að rökliðirnir eru endurtúlkaðir sem andlög. Þá verði þolfallsandlög tæk. Hugmyndir Þórhalls eru í samræmi við þær niðurstöður Maling og Sigríðar Sigurjónsdóttur (2002:112) að ný þolmynd með þágufalli var meira samþykkt en með þolfalli. Það má túlka sem svo að þeir sem samþykkja þágufall í setningum eins og (43b) en ekki þolfall hafi ekki endilega nýju þol-

myndina heldur sé hamla ákveðins nafnliðar ekki jafnvirk og hjá öðrum sem hafa ekki heldur setningagerðina í máli sínu.

### 2.1.3 Samantekt

Hér hefur verið greint frá nokkrum hugmyndum um aldur, uppruna og þróun nýju þolmyndarinnar í stuttu máli. Málfræðingar eru almennt sammála um að málbreytingin sé ung en ekki ríkir jafnmikill einhugur um hver uppruni nýju þolmyndarinnar er. Hér verður ekki sett fram ný tilgáta um upprunann heldur látið staðar numið. Við snúum okkur því næst að helsta viðfangsefni þessarar ritgerðar: Eðli nýju þolmyndarinnar.

## 2.2 Germyndartilgátan

### 2.2.1 Inngangur

Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling (2001a) settu fram þá tilgátu út frá niðurstöðum könnunar sinnar að nýja þolmyndin „sé ný gerð ópersónulegrar germyndar sem sé að þróast út frá ópersónulegri þolmynd í málinu“ (Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling 2001a:174).<sup>11</sup>

Nýja þolmyndin er enda um margt germyndarleg. Ef setningagerðin er raunverulega germynd segja Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling (2001a) að eftirfarandi lýsing ætti að eiga við um hana:

- (44) a. Gerandi ætti ekki að geta komið fyrir í forsetningarlið því þegar er búið að úthluta merkingarhlutverki geranda til ótiltekna fornafnsins í frumlagssæti.
  - b. Bindifornöfn (afturbeygð fornöfn, gagnverkandi fornöfn og afturbeygð eignarfornöfn) ættu að geta vísað í ótiltekna fornafnið í frumlagssæti.
  - c. Ýmsir liðir sem verða að vísa til frumlags setningar ættu að geta vísað til ótiltekna fornafnsins.
  - d. Í setningagerðinni ættu allar sagnir sem taka með sér frumlag sem táknar manneskju að geta komið fyrir en ekki bara þær sagnir sem uppfylla merkingarhlutverk þolmyndar (þolmynd gengur yfirleitt best þegar um er að ræða sagnir sem taka með sér gerandafrumlag í germynd).
- (Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling 2001a:151)

Þessi fjögur atriði sem Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling (2001a) nefna má sýna með dæmum

<sup>11</sup>Þær drógu raunar einnig þessa ályktun af niðurstöðum fyrri könnunar sinnar, sbr. Maling og Sigríði Sigurjónsdóttur (1997), en hér verður einungis vísað í þá síðari og viðameiri.

fyrir annars vegar þolmynd, (45), og hins vegar germynd, (46). Rétt er að hafa í huga að dómarnir í (45) miðast við hefðbundna þolmynd (staðalíslensku). Til samræmis við (44b)–(44d) stjörnumerki ég (45b)–(45d).

(45) **Polmynd**

- a. Bækurnar voru lesnar af börnunum. (af-liður)
- b. (i) \*Það var talað um sjálfan sig. (afturbeyging)
- (ii) \*Það var talað hver við annan. (gagnverkandi fornafn)
- (iii) \*Það var talað við bræður sína. (afturbeygt eignarfornafn)
- c. \*Það var dansað hlæjandi. (viðurlag vísar til ótiltekings frumlags)
- d. \*Það var dáið af slysförum í fyrra. (þolmynd óakkúsatífrar sagnar)

(46) **Germynd**

- a. \*Við lásum bækurnar af börnunum. (af-liður)
- b. (i) Hann talaði um sjálfan sig. (afturbeyging)
- (ii) Mennirnir töluðu hver við annan. (gagnverkandi fornafn)
- (iii) Mennirnir töluðu við bræður sína. (afturbeygt eignarfornafn)
- c. Fólkið dansaði hlæjandi. (viðurlag vísar til frumlags)
- d. Margir dóu af slysförum í fyrra. (germynd óakkúsatífrar sagnar)

Af-liðir eru tækir í hefðbundinni þolmynd en ekki í germynd og því ættu þeir einnig að vera ótækir í nýju þolmyndinni ef hún hefur ósýnilegt frumlag. Hin atriðin sem þær nefna eiga aftur á móti aðeins að vera tæk í germynd en ekki þolmynd, eins og sýnt er í (45) og (46) hér að ofan.

Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling (2001a) gerðu könnun, eins og fram hefur komið, meðal íslenskra málhafa á nýju þolmyndinni með það fyrir augum að kanna eðli hennar, þ.e. hvort hún væri þolmynd eða germynd. Ef það kæmi í ljós að atriðin fjögur í (44) ættu við um nýju þolmyndina væri hún alls ekki þolmynd, heldur germynd.

Ekki er ætlunin að ræða skipulega um öll atriðin í (44) heldur verður rætt um þau þegar það á við. Þó er lítið rætt um þolmynd óakkúsatífra sagna.

Áður en lengra er haldið skulum við bera saman nokkrar sagnir í germynd, þolmynd og nýju þolmyndinni. Í germynd, eins og við vitum, eru sagnirnar *eignast*, *eiga* og *líka* allar tækar, sjá (47), en engin þeirra tekur gerandafrumlag. Þær eru aftur á móti ótækar í þolmynd, sjá (48).

- (47)
- a. Um daginn eignuðumst við loksins nýjan bíl.
  - b. Við áttum samt alltaf marga hesta.
  - c. Flestum líkar bara ekki svona fólk.

- (48) a. \*Um daginn var loksins eignastur nýr bíll.  
b. \*Það voru samt alltaf áttir margir hestar.  
c. \*Svona fólk er bara ekki líkað.

(Jóhannes Gísli Jónsson 2009:302–303)

Jóhannes Gísli Jónsson (2009:302) vísar í niðurstöður Sigríðar Sigurjónsdóttur og Maling en þær voru að setningarnar í (49) voru talsvert minna samþykktar en aðrar nýþolmyndarsetningar með undirliggjandi geranda. Jóhannes (2009:303) telur þess vegna að ekki sé hægt að staðhæfa út frá þessu að þetta sé germyndartilgátunni í hag.

- (49) a. %Um daginn var loksins eignast nýjan bíl.  
b. %Það var samt alltaf átt marga hesta.  
c. %Það er bara ekki líkað svona fólk.

(Jóhannes Gísli Jónsson 2009:302)

Maling og Sigríður Sigurjónsdóttir (2012c:262–264) benda aftur á móti á að í hefðbundinni þolmynd séu setningar á borð við (48) ótækar með öllu í máli flestra en þetta sé langt frá því að vera jafnskýrt í samsvarandi nýrri þolmynd (í máli þeirra sem hafa nýju þolmyndina), einkum í setningum eins og (49a)–(49b).

Nú höfum við lítillega rætt um sagnir sem eru ótækar í hefðbundinni þolmynd en eru tækar í germynd og upp að vissu marki í nýju þolmyndinni. En eru einhverjar sagnir sem eru tækar í hefðbundinni þolmynd en ótækar í bæði nýju þolmyndinni og germynd? Því er til að svara að ég hef ekki fundið mörg dæmi um það en þó a.m.k. eitt, sbr. (50):

- (50) a. Bekkurinn var þétt setinn.  
b. \*Það var setið bekkinn þétt.  
c. \*Fólkið sat bekkinn þétt.

Hér er ekki hægt að mynda nýja þolmynd, sbr. (50b), eða germynd, sbr. (50c), sem samsvarar þolmyndinni í (50a). Þess ber að geta að mögulega væri hægt að flokka (50a) með föstum orðasamböndum en það gæti skýrt dreifinguna í (50) að einhverju leyti.

Eins er athyglisvert að þolmyndarsetningin í (51a) hefur orðasambandsmerkingu sem samsvarandi ný þolmynd, (51b), og germynd, (51c), varðveita ekki .

- (51) a. Stórir flutningabílar í þröngum götum eru almennt ekki vel séðir af öikumönnum.  
b. Það er almennt ekki séð stóra flutningabíla í þröngum götum vel.  
c. Öikumenn sjá almennt stóra flutningabíla í þröngum götum ekki vel.

Þolmyndarsetningin í (51a) merkir að öikumönnum líki illa við að stórir flutningabílar séu í þröngum götum. Að svo miklu leyti sem setning (51b) er tæk í máli þeirra sem hafa nýju þolmyndina getur hún ekki merkt það sama og þolmyndin, heldur þýðir hún eins og germyndarsetningin í (51c) að öikumenn eigi erfitt með að koma auga á stóra flutningabíla. Þessi munur eftir setningagerðum minnir að nokkru leyti á þann mun sem sýndur er í kafla 2.4.3 þar sem rætt er um orðatiltæki og orðtakakennd sambönd. Við látum hér hins vegar staðar numið og skoðum frekari rök með og á móti germyndartilgátunni.

## 2.2.2 Ný þolmynd í öðrum tungumálum

Innan generatífrar málfræði er gert ráð fyrir svokallaðri algildismálfræði (e. *Universal Grammar*). Í því felst að tungumálið er **ekki** talin uppfinning mannsins að neinu leyti heldur er litið á það sem líffræðilegt fyrirbæri (rétt eins og þótt fuglar geti flogið teljum við þá ekki hafa fundið flugið upp). Menn í Asíu eða Afríku virðast nokkuð ólíkir Íslendingum að ýmsu leyti, svo sem í útliti. Þetta er hins vegar bara á yfirborðinu. Við getum t.d. ímyndað okkur að vísindamaður rannsaki tiltekinn sjúkdóm og að hann geri það á Íslandi. Að lokinni rannsókn telur hann sig hafa fundið lækningu við sjúkdómnum en þá býst hann ekki við því — að öllu jöfnu — að lækningin verki eingöngu á Íslendinga, hún ætti að lækna sjúkdóminn í mönnum sem búa í öðrum heimsálfum.

Í generatífri málfræði er gert ráð fyrir að munur á mismunandi tungumálum, hversu mikill sem hann kann að vera, sé yfirborðslegur. Málfræðingar telja þá að sömu lögmál virki í tungumálum almennt. Ef engin önnur þekkt mál hefðu setningagerðir sem líta út fyrir að vera þolmynd en eru í raun germynd hlyti germyndartilgáta Sigríðar Sigurjónsdóttur og Maling (2001a) að teljast hæpin því að hún næði bara til eins tungumáls og þar með væri því haldið fram að setningagerðin væri ólík öllum öðrum þekktum setningagerðum. Erfitt væri fyrir fræðameiminn að samþykkja það. Sigríður og Maling benda hins vegar á að nýja þolmyndin líkist t.d. pólskri setningagerð sem hefur morfólógíu þolmyndar en stenst engu að síður ýmis germyndarpróf.

Í (52) sjáum við tvær setningagerðir í pólsku.

- (52) a. Świątynia była zbudowana w 1640 roku.  
kirkja-NF var byggð-KVK.ET í 1640 ár  
'Kirkjan var byggð árið 1640.'
- b. Świątynię zbudowano w 1640 roku.  
kirkju-ÞF byggt-ÓP í 1640 ár  
'Kirkjan var byggð árið 1640.'
- (Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling 2001a:155)

Í (52a) er sýnd hefðbundin, samsett þolmynd í pólsku en hún er mynduð með hjálparsögn. Eins og sést í glósunum er frumlagið *światynia* í nefnifalli en pólska þolmyndin hefur nokkra af sömu eiginleikum og þolmynd í íslensku, svo sem að *af*-liðir eru tækir (Maling og Sigríður Sigurjónsdóttir 2002:103).

*No/to*-setningagerðin er hins vegar sýnd í (52b) en hún dregur nafn sitt af samnefndum þolmyndarviðskeytum. Þar er ekkert sýnilegt frumlag en þó er rökliðurinn *światynie* í þolfalli. Maling og Sigríður Sigurjónsdóttir (2002) telja að nýja þolmyndin samsvari þessari setningagerð, sjá (53):<sup>12</sup>

(53) Árið 1640 var byggt kirkju.

Setningagerðin pólska hefur þau einkenni germyndar sem talin eru upp í (44) sem þýðir m.a. að *af*-liðir eru ótækir, sjá (54), og viðurlög geta vísað til ósýnilegs frumlags, sjá (55).

(54) \*Jana obrabowa**no** przez nich.  
Jón-ÞF rænt-ÓP af þeim  
'Jón var rændur.'; 'Það var rænt Jón.'  
(Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling 2001a:156)

(55) Jana obrabowa**no** po pijanemu.  
Jón-ÞF rænt-ÓP á meðan drukkinn  
'Það var rænt Jón drukkinn (gerandinn var drukkinn).'

(Maling og Sigríður Sigurjónsdóttir 2002:104)

Af þessu virðist mega draga þá ályktun að *no/to*-setningagerðin í pólsku sé ekki þolmynd heldur germynd.

Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling (2001a) ræða einnig einnig *no/to*-setningagerðina í úkraínsku (með vísan til Sobins 1985). Hún virðist aftur á móti vera þolmynd enda eru t.d. *af*-liðir tækir í henni, sjá (56), og viðurlag getur ekki vísað til undirliggjandi geranda, sjá (57).

(56) Mojim mylym mene zradž**eno**  
mínn-VERKFF ástvinur-VERKFF mig svikið-ÞOLMH

---

<sup>12</sup>Vegna þess að *no/to*-setningagerðin er ósamsett en nýja þolmyndin samsett (með hjálparsögninni *vera*) kemur það kannski sumum lesendum á óvart að hægt væri að greina *no/to*-gerðina sem þolmynd. Þá skal það áréttað að ýmis mál hafa sérstök þolmyndarviðskeyti, svo sem skandinavísk mál sem hafa hina svokölluðu *S*-þolmynd. Til að við gerum okkur betur grein fyrir því hvernig setningagerð liti út sem væri að þessu leyti samsvarandi við *no/to*-setningagerðina þá gætum við ímyndað okkur að viðskeytið *-st* væri notað til að mynda þolmynd í íslensku og að *st*-sögnin tæki með sér þolfallsröklið, sbr. (i). Það er auðvitað ótækt:

(i) \*Það byggðist kirkju árið 1640.

‘Ég var svikin(n) af þeim sem ég elska.’

(Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling 2001a:157)

- (57) \*Povernuvšys’ dodomu, hroši bulo znajdeno  
komandi heim peninga-ÐF var fundið-ÐOLMH  
(Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling 2001a:157)

Niðurstaða Sigríðar Sigurjónsdóttur og Maling er því sú að pólska *no/to*-setningagerðin hafi áður verið þolmynd en hafi þróast til germyndar. Úkraínska gerðin sé hins vegar þolmynd. Þær telja að nýja þolmyndin í íslensku sé eins og pólska setningagerðin (germynd) en fylgismenn þolmyndartilgátunnar (einkum Þórhallur Eypórsson 2008a og Jóhannes Gísli Jónsson 2009) segja að nýja þolmyndin sé eins og úkraínska setningagerðin.

### 2.2.3 Máltökurannsóknir

Rannsóknir á barnamáli geta gefið innsýn í hvers eðlis nýja þolmyndin er en á undanförunum árum hafa verið gerðar mikilvægar athuganir á máltöku barna m.t.t. nýju þolmyndarinnar. Niðurstöður Ásbjargar Benediktsdóttur (2008) benda til að börn læri nýju þolmyndina á undan venjulegri þolmynd. Rannsókn Iðunnar Garðarsdóttur (2012) virðist styðja þá tilgátu en yngri börn í rannsókn hennar notuðu frekar nýju þolmyndina en þau eldri sem aftur á móti voru gjarnari á að nota hefðbundna þolmynd. Ef börn læra fyrst germynd, svo nýju þolmyndina og síðast þolmynd gæti það verið vísbending um að germynd sé líkari nýju þolmyndinni en venjulegri þolmynd. Út frá þessum upplýsingum einum væri þó líklega erfitt að segja til um það hvort nýja þolmyndin væri líkari germynd eða þolmynd.

Hér er svo vert að benda á að í ritgerð Kristínar M. Valgarðsdóttur (2007) bentu niðurstöðurnar til þess að börn hefðu fyrr skilning á nýju þolmyndinni en þolmynd en alþekkt er að börn öðlast fyrr skilning á germynd en þolmynd. Frekari rannsóknir er þörf en þetta gæti þó bent til þess að nýju þolmyndinni svipi frekar til germyndar en þolmyndar.

### 2.2.4 Morfólógía þolmyndar, setningafræði og merkingarfræði germyndar

Við fyrstu sýn þykir mörgum augljóst að nýja þolmyndin geti ekki verið neitt annað en þolmynd, hún sé jú mynduð með sögninni *vera* og lýsingarhætti þátíðar. Varast skyldi að láta slíkt villa sér sýn. Þórhallur Eypórsson (2008a:193) segir morfólógíu þolmyndar eina og sér ekki mæla gegn því að setningagerðin sé germynd. Hér nefnir hann dæmi úr latínu.

- (58) hortatus sum (latína)  
ávítaður er. 1P.ET



‘Ég hef ávítað’

(Þórhallur Eypórsson 2008a:194)

Í íslensku er þetta ekki svona. Þar þýðir *Ég er ávítaður* að einhver hafi ávítað mig en ekki að ég hafi ávítað einhvern annan. Dæmi Þórhalls sýnir að ekki er beint samband milli morfólógíu og málfræðilegs hlutverks. Í íslensku má finna dæmi sem sýna hið sama.

- (59) a. Konan er **farin**.  
b. Leiðin er **farin** á hverjum degi.

Það mætti ætla að báðar setningar væru í þolmynd en þó má ekki láta blekkjast af yfirborðinu; Maling (2010:288) bendir á að það sé varasamt að ákvarða gerð viðskeytis eftir „útliti“ þess — málfræðingar hafi kallað ýmsar setningagerðir þolmynd sem séu það í raun og veru ekki. Segja má að í báðum setningunum í (59) sé þolmyndarháttur notaður en aðeins síðari setningin sé í þolmynd; hún þýðir að einhver fari leiðina á hverjum degi. Fyrri dæmið er í raun og veru germynd, það táknar lokið horf og þýðir eitthvað í ætt við ‘Konan hefur farið’ (það getur sem sagt ekki þýtt ‘Einhver/Eitthvað fór konuna’). Þessi munur sést betur ef við reynum að nota *af*-lið sem vísar til geranda eða frumlags germyndar.

- (60) a. \*Konan er **farin** af mörgum.  
b. Leiðin er **farin** á hverjum degi af mörgum.

Aðeins síðari setningin er tæk með *af*-lið sem bendir til þess að aðeins hún sé þolmynd að setningafræðilegri gerð þrátt fyrir að morfólógían bendi til þess að sú fyrri sé það líka.

### 2.2.5 *Fá*-þolmynd og *fá*-germynd: Hliðstæða þolmyndar og nýju þolmyndarinnar?

Í þessum undirkafla verður fjallað um það sem ég kys að kalla *fá*-þolmynd en eftir því sem ég best veit hefur lítið verið fjallað um hana áður (sjá þó Wood 2011; Einar Frey Sigurðsson og Jim Wood 2012). Svipuð gerð þolmyndar er til í ýmsum öðrum málum en best er hún þekkt í ensku. Þar er talað um *get*-þolmynd (e. *get-passive*).

Í (61) er dæmi um *fá*-þolmynd en þar má segja að við höfum tvö frumlög, frumlagið *ég* með sögninni *fá* og *bókina* með sögninni *senda*.

- (61) a. Ég fékk **bókina** senda.  
b. Ég fékk senda **bókina**.  
‘Einhver sendi mér bókina.’

Setningarnar þýða báðar að einhver hafi sent mér bók en *senda* er hér í þolmyndarhætti. Þótt ákveðni rökliðurinn *bókina* geti komið á undan og eftir þolmyndarhættinum verða fornöfn að færast í „frumlagssæti“:

- (62) a. Ég fékk **hana** senda.  
b. \*Ég fékk senda **hana**.  
'Einhver sendi mér hana.'

Þetta minnir að nokkru leyti á ákveðnihömluna (sjá nánar í kafla 2.1.2.4) en óákveðnir rökliðir koma mun frekar á eftir þolmyndarhættinum (þeir færast ekki):

- (63) a. ?Ég fékk **bók** senda.  
b. Ég fékk senda **bók**.  
'Einhver sendi mér bók.'

*Fá*-þolmynd virðist þannig um margt svipa til hefðbundinnar þolmyndar í íslensku en eins og við sjáum í dæmunum hér fyrir ofan samræmist þolmyndarhátturinn frumlagi *senda*.

Athugum nú hvað gerist þegar *fá* tekur lýsingarhátt sem samræmist ekki röklið sínum:

- (64) a. Ég fékk ekki sent **bókina**.  
'Ég gat ekki sent bókina.'  
b. \*Ég fékk **bókina** ekki sent.

Nú höfum við ekki lengur samræmi milli sagnarinnar *senda* og *bókina*. Merking *sent bókina* er ekki þolmyndarleg — setningin í (64a) þýðir að ég hafi ekki náð að senda bókina; það er sem sagt ekki ég sem fæ bókina (*ég* í tengslum við *senda* er ekki þema) heldur er ég sendandinn (*ég* í tengslum við *senda* er þá gerandi).

Þessi merkingarmunur hlýst af því að setningin með *senda* er nú germynd en ekki þolmynd. Setningagerðina í (64) gætum við þá kallað *fá*-germynd. Sterk vísbending um að rökliðurinn *bókina* sé andlag *senda* en ekki frumlag er að *bókina* getur ekki færst í frumlagssæti *senda*, sbr. (64b).

Setningafræðilegur munur á *fá*-þolmynd og *fá*-germynd annars vegar og hins vegar hefðbundinni þolmynd, sjá (65), og nýju þolmyndinni, sjá (66), virðist sambærilegur:

- (65) **Bókin** var send.  
(66) a. Það var sent **bókina**.  
b. \*Í gær var **bókina** sent.

*Bókin* í (65) er frumlag og færist í frumlagssæti, rétt eins og *bókina* í (61a). Í báðum þessum setningum samræmist þolmyndarhátturinn frumlaginu. *Bókina* í (66a) er aftur á móti andlag eins og sést á því að það getur ekki færst í frumlagssæti, sbr. (66b). Setningunum í (66) svipar þá til setninganna í (64).

Það sem er hins vegar ólíkt er merkingarmunurinn. Það er skýr merkingarmunur á *fá*-þolmynd og *fá*-germynd en munurinn á hefðbundinni þolmynd og nýju þolmyndinni er alls ekki augljós eins og Þórhallur Eyþórsson (2008a:181) bendir á. Í könnun Sigríðar Sigurjónsdóttur og Maling (2001a) og í könnun Tilbrigða í setningagerð (Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.) 2012) hefur komið í ljós að þeir sem hafa nýju þolmyndina hafa einnig hefðbundna þolmynd. Enn er þó margt á huldu varðandi hvernig notkuninni er háttað, t.d. hvort hefðbundin þolmynd sé á leið út úr málinu (sbr. Anton Karl Ingason, Legate og Yang 2012) eða hvort setningagerðirnar muni lifa hlið við hlið þegar fram líða stundir (en þá getum við líklega átt von á að merkingarmunurinn verði greinilegri).

## 2.3 Polmyndartilgátan

### 2.3.1 Inngangur

Sú tilgáta að nýja þolmyndin sé þolmynd en ekki germynd er hér kölluð þolmyndartilgátan en með henni er fyrst og fremst brugðist við germyndartilgátunni. Í 3. kafla er rætt um *af*-liði en samkvæmt þolmyndartilgátunni eru þeir tækir í nýju þolmyndinni.

Þórhallur Eyþórsson (2008a) og Jóhannes Gísli Jónsson (2009) draga í efa að germyndartilgátan fái staðist (sjá einnig t.d. Jóhönnu Barðdal og Molnár 2003, Einar Frey Sigurðsson o.fl. 2010, Hlíf Árnadóttir o.fl. 2010 og Hlíf Árnadóttir o.fl. 2011; þá telur Helgi Skúli Kjartansson 1991 setningagerðina vera þolmynd og Halldór Ármann Sigurðsson 2011 og Anton Karl Ingason, Legate og Yang 2012 telja hana vissulega vera germyndarlega en að hún hafi jafnframt mikilvæga eiginleika þolmyndar).

### 2.3.2 Viðurlög sem vísa til geranda

#### 2.3.2.1 Lýsingarháttur nútíðar

Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling (2001a:166) benda á þá vel þekktu staðreynd að í hefðbundinni þolmynd geta ýmiss konar liðir vísað til undirliggjandi geranda.

- (67) a. Bátnum var hvolft viljandi.  
(Zaenen og Maling 1984:318)
- b. Snjónum var mokað vandlega yfir hræið.

- c. Mottan var barin af kappi.  
(Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling 2001a:166)

Hins vegar segja þær að sum viðurlög í þolmynd, svo sem lýsingarháttur nútíðar, geti þetta ekki.

- (68) a. ??Valsinn var dansaður skellihlæjandi.  
b. ??Hundurinn var barinn hágrátandi.  
'Sá sem barði hundinn var hágrátandi'  
(Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling 2001a:167)

Þeir sem hafa nýju þolmyndina geta þó látið viðurlag vísa til undirliggjandi geranda í nýþolmyndarsetningum eins og kom skýrt fram í könnun Sigríðar og Maling, sjá töflu 6, og það telja þær merki þess að nýja þolmyndin hafi *for*-frumlag.

	<b>Landsbyggðin + úthv. Rvíkur</b>	<b>Rvík vestan Elliðaáa</b>	<b>Full- orðnir</b>
Það var lesið minningargreinina grátandi.	62%	35%	4%

Tafla 6: Hlutfall jákvæðra svara í könnun Sigríðar Sigurjónsdóttur og Maling (2001a:167).

Hér hefði verið gott að hafa til samanburðar niðurstöður fyrir setninguna *Minningargreinin var lesin grátandi* en Sigríður og Maling höfðu hana ekki með í könnun sinni. Jóhannes Gísli Jónsson (2009) gagnrýnir þær fyrir þetta. Hlutfallslega margir fullorðnir í könnun Sigríðar Sigurjónsdóttur og Maling (2001a) samþykktu setningarnar í töflu 3 að ofan en þær eru endurteknar í (69):

- (69) a. Það var komið skellihlæjandi í tímann.  
b. Það var farið hágrátandi heim.  
(Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling 2001a:167)

Þetta túlka Sigríður og Maling á þá leið að ópersónuleg þolmynd í máli margra hafi ótiltekið frumlag, *for*, án þess þó endilega að þeir hinir sömu hafi nýja þolmynd. Hér er ekkert sýnilegt frumlag en engu að síður er viðurlag sem vísar til geranda notað. Ef hins vegar eitthvert frumlag, annað en gerandi, er í setningunni sé ótækt að nota viðurlag sem vísar til ytri rökliðar, sbr. (68) hér að ofan.

Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling (2001a) sýna gagndæmi við (68) sem Höskuldur Þráinsson lét þeim í té:

(70) Eftir að hljómsveitarstjórinn hafði sagt þennan brandara voru síðustu dansarnir dansaðir skellihlæjandi.

(Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling 2001a:nmgr. 45 á bls. 167)

Í samhengi verður setningin tæk og er mun betri en setningin í (68a). Þórhallur Eypórsson (2008a) sýnir aðra svipaða setningu þar sem viðurlag vísar ekki til frumlags heldur undirliggjandi geranda.

(71) Ferðin var farin fótgangandi.

(Þórhallur Eypórsson 2008a:201)

Þórhallur Eypórsson (2008a) fellst því ekki á túlkun Sigríðar og Maling. Hér verður þó að nefna að mótdæmin í (70) og (71) eru ólík setningunni í (68b) að því leyti að frumlagið *hundurinn* í (68b) er „venjulegur“ rökliður sagnarinnar *berja* en sögnin *dansa* tekur innra andlag (e. *cognate object*) og *fara* er yfirleitt sögð óakkúsatíf, þ.e. hún er þá áhrifslaus sögn, en þótt ákveðniliðurinn *ferðin* hafi aðgang að frumlagssætinu í (71) er ekki víst að við getum kallað hann röklið sagnarinnar *fara* — þá yrðum við að segja að hún væri eins andlags sögn. Dæmi Höskuldar í (70) sýnir að í réttu samhengi getur viðurlag vísað til geranda þrátt fyrir að hann sé hvergi að finna og jafnvel þótt annar liður sé í frumlagssætinu. Aftur á móti er erfiðara að búa til rétt samhengi svo að setning á borð við (68b) verði tæk:

(72) a. *Sér til mikillar sorgar fann dýralæknirinn illkynja æxli í Snata.*

?(?)Daginn eftir var hundinum lógað hágrátandi.

b. *Knattspyrnudómarar þurfa að vera í góðu formi því að þeir hlaupa mikið í leikjum sem þeir dæma. Innleiðing nýjustu tækni gæti þó breytt þessu.*

?Kannski verða fótboltaleikir í framtíðinni dæmdir sitjandi.

Þrátt fyrir það eru setningarnar hér að ofan ekki alslæmar, síður en svo.

Maling, Kroch og Sigríður Sigurjónsdóttir (2011) eiga svar við mótdæmum sem (70) og (71). Í dæmunum hingað til hafa viðurlögin, lýsingarháttur þátíðar, ávallt verið eitt orð. Í einhverjum tilvikum gæti þeim þannig svipað til viðurlaganna í (67) en þar þarf undirliggjandi gerandi ekki að vera setningafræðilega „til staðar“ á sama hátt og meint *for* í nýju þolmyndinni. Maling, Kroch og Sigríður athuga því hvernig lýsingarhætti nútíðar reiðir af sem viðurlagi þegar hann tekur með sér andlag í þolmynd og nýju þolmyndinni (dómarnir eru þeirra en þeir passa við mína málkennd).

- (73) a. Ég vakti börnin kl. 7, raulandi lítinn lagstúf.  
 b. \*Börnin voru vakin kl. 7, raulandi lítinn lagstúf.  
     ‘Sá sem vakti börnin raulaði lítinn lagstúf.’  
 c. Það var vakið börnin kl. 7, raulandi lítinn lagstúf.  
     ‘Sá sem vakti börnin raulaði lítinn lagstúf.’  
 (Maling, Kroch og Sigríður Sigurjónsdóttir 2011)

Hér er viðurlagið lýsingarháttarsetning, þ.e. lýsingarháttur nútíðar tekur með sér andlag og er jafnframt viðurlag sem vísar til gerandans. Germyndarsetningin er vitaskuld tæk, sbr. (73a), enda vísar viðurlagið til sýnilegs ytri rökliðar. Aftur á móti er þolmyndin ótæk, sbr. (73b), setningin getur ekki merkt að sá sem vakti börnin hafi raulað lítinn lagstúf á meðan. Þessi merking er hins vegar tæk með nýju þolmyndinni, sjá (73c). Lýsingarháttur nútíðar sem viðurlag sem vísar til geranda virðist því að mestu leyti ótækur í hefðbundinni þolmynd en tækur í nýju þolmyndinni. Ennþá tel ég því mögulegt að germyndartilgátan fái hugsanlega staðist. Í næsta undirkafla athugum við annars konar viðurlög sem vísa til geranda, fylgifyllingar.

### 2.3.2.2 Fylgifyllingar geranda

Í undirkaflanum hér næst á undan var niðurstaðan sú að viðurlög gætu mun frekar vísað til geranda í nýju þolmyndinni en í hefðbundinni þolmynd. Ef germyndartilgátan gengur eftir ættu fylgifyllingar<sup>13</sup> geranda (e. *depictives*, *secondary predicates*) að vera tækar í nýju þolmyndinni (en ekki í hefðbundinni þolmynd). Jóhannes Gísli Jónsson (2009) athugar þetta:

- (74) Það er alltaf borðað morgunmat (\*nakinn).  
 (Jóhannes Gísli Jónsson 2009:297)

Þetta telur Jóhannes til sannindamerkis þess að í nýju þolmyndinni sé ekkert ósýnilegt *for*, heldur sé setningagerðin þolmynd. Hann bendir á að fylgifylling geranda sé ótæk í hefðbundinni þolmynd:<sup>14</sup>

<sup>13</sup>Þórhallur Eypórsson gaukaði þessari frábæru þýðingu að mér.

<sup>14</sup>Jóhannes bendir einnig á athyglisverð, tæk dæmi í ensku um fylgifyllingu geranda í þolmynd:

- (i) a. At the commune, breakfast is usually eaten nude.  
     í kommúnunni morgunmat er venjulega borðaður nakinn  
     (Collins 2005:101)  
 b. This song must not be sung drunk.  
     þetta lag má ekki vera sungið drukkinn  
     (Baker 1988:101)

Þessi samanburður leiðir mögulega fyrst og fremst í ljós mun á þolmynd í íslensku og ensku sem ekki er farið út í hér. Gott væri þó ef þetta yrði rannsakað betur í þolmynd í íslensku.

(75) \*Morgunmatur er alltaf borðaður nakinn.  
(Jóhannes Gísli Jónsson 2009:297)

Halldór Ármann Sigurðsson (2011) telur, rétt eins og Jóhannes, að í nýju þolmyndinni séu fylgifyllingar ytri rökliðar ótækar:

(76) Var barið hana (\*fullur)?  
(Halldór Ármann Sigurðsson 2011:10)

Þetta túlkar hann hins vegar ekki á sama veg og Jóhannes. Hann telur ekki að þetta sýni að nýja þolmyndin sé venjuleg þolmynd heldur setur hann fram þá tilgátu að setningagerðin hafi frumlag sem líkist gervifrumlögum og að það sé á öðrum stað í formgerðinni en *for* Sigríðar og Maling (tilgáta Antons Karls Ingasonar o.fl. 2012 er um margt svipuð). Um þetta er fjallað í kafla 2.4.

Að lokum er rétt að taka það fram að þrátt fyrir að Jóhannes Gísli Jónsson (2009) og Halldór Ármann Sigurðsson (2011) telji setningar (74) og (76) ótækar hefur þetta ekki verið vel rannsakað í íslensku. Þó er vert að benda á að í könnun Sigríðar og Maling var setningin í töflu 7 könnuð. Þar er fylgifylling geranda notuð í afturbeygðri þolmynd en hátt hlutfall unglínga samþykkti setninguna þrátt fyrir að enginn sjáanlegur ytri rökliður sé í setningunni.

	<b>Landsbyggðin + úthv. Rvíkur</b>	<b>Rvík vestan Elliðaáa</b>	<b>Full- orðnir</b>
Það var drifið sig einn á ball.	60%	48%	23%

Tafla 7: Hlutfall jákvæðra svara í könnun Maling og Sigríðar Sigurjónsdóttur (2012a).

Þetta kann að vera vísbending um að fylgifylling geranda sé tæk í nýju þolmyndinni. Aftur á móti hafa Sigríður og Maling látið mér í té niðurstöður fyrir aðra setningu í könnun sinni en hún er sýnd í töflu 8 — þar eru einungis sýnd svör unglínga. Þar er ópersónuleg þolmynd notuð ásamt fylgifyllingu. Hún er mjög lítið samþykkt en ef fylgifyllingar geranda væru tækar í nýju þolmyndinni ættu málfarar með þessa setningagerð í máli sínu að samþykkja setninguna. Þetta gæti bent til að fylgifyllingar geranda í setningagerðinni séu ótækar, alveg eins og Jóhannes Gísli Jónsson (2009) og Halldór Ármann Sigurðsson (2011) halda fram. Þetta þyrfti þó að skoða betur.

	Landsbyggðin + úthverfi Rvíkur	Reykjavík vestan Elliðaáa
Það var bæði ópolinmóður eftir strætó.	8%	8%

Tafla 8: Hlutfall jákvæðra svara í könnun Sigríðar Sigurjónsdóttur og Maling (2001a).

### 2.3.3 Tveggja andlaga sagnir

#### 2.3.3.1 Rök Jóhannesar Gísla Jónssonar (2009)

Jóhannes Gísli ræðir um nýja þolmynd tveggja andlaga sagna. Eitt af einkennum nýju þolmyndarinnar er að rökliðarfærsla í frumlagssæti er ótæk. Þannig eru bæði óbeina andlagið og beina andlagið í sætum sínum í (77).

(77) Það var **sýnt þeim bæklinga** áður en þau fóru.  
(Jóhannes Gísli Jónsson 2009:303)

En þótt rökliðarfærsla sé ótæk í nýrri þolmynd eins andlags sagna virðist það ekki vera svo í tilfelli tveggja andlaga sagna, eins og Jóhannes Gísli sýnir, sbr. (78).

(78) Var **þeim** ekki einu sinni **sýnt íbúðina** fyrst?  
(Jóhannes Gísli Jónsson 2009:303)

Í þessari setningu vekur það sérstaka athygli að rökliðurinn sem jafngildir óbeinu andlagi germyndar er í frumlagssæti (ákvarðarasæti tíðarliðar) en þrátt fyrir það er beina andlagið í þolfalli. Þetta stangast á við það sem áður hefur komið fram að rökliðarfærsla sé ómöguleg í nýju þolmyndinni (sbr. \*Var **þig** barið?). Af *já-/nei*-spurningunni í (78) má sjá að rökliðurinn sem jafngildir óbeinu andlagi germyndar er í frumlagssæti enda er hægt að nota slíkar spurningar sem frumlagspróf. Aftur á móti er einnig hægt að búa til *já-/nei*-spurningu þar sem þessi sami rökliður er ekki í frumlagssæti, þ.e. þar sem enginn (sýnilegur) rökliður er í frumlagssæti, sbr. (79).

(79) Var ekki einu sinni **sýnt þeim íbúðina** fyrst?

Til þess að sýna að *þeim* í (78) sé í raun og veru frumlagið má beita öðru og enn sterkara prófi til að skera úr um þetta, en það felst í svokölluðum stýrinafnháttum.

(80) Jón og Gunna vonast til [FOR að vera sýnt íbúðina].

Stýrisagnir á borð við *vonast til* og *reyna* taka með sér stýrinafnhætti en í þeim er ávallt ósagt frumlag, svokallað FOR. Þess vegna getum við gengið út frá því að ósagða frumlagið í (80)



samsvari röklið í þágufalli.<sup>15</sup>

Jóhannes Gísli telur dæmi á borð við (78) fela í sér mjög sterk rök gegn germyndartilgátu Sigríðar og Maling enda erfitt út frá hugmyndum um afstæð lágmarksvensl (e. *relativized minimality*) og stystu færslu (e. *shortest move*) að hugsa sér hvernig *for*-frumlag á að geta verið í setningum eins og (78). Áður en lengra er haldið með rök Jóhannesar verður gerð grein fyrir afstæðum lágmarksvenslum.

Lítum á eftirfarandi dæmi (sbr. Rizzi 2001):

(81) . . .X. . .Z. . .Y. . .

Ef X og Z eru sömu gerðar eru ekki lágmarksvensl á milli X og Y því að Z fer á milli. Hér getum við t.d. hugsað okkur að X sé frumlagsstaða (Ákv,TíðL) og að Z og Y séu rökliðir sagnar. X liðstýrir bæði Z og Y en stendur aðeins í lágmarksvenslum við Z eins og áður sagði. Með þessu er hægt að útskýra hvers vegna nefnifallsrökliður tveggja andlaga sagna er jafnframt frumlagið: Hann er hæstur í formgerðinni — er í Ákv,sL (eða Ákv,MyndL eins og síðar verður haldið fram) — og þess vegna hafa aðrir rökliðir (liðir „sömu gerðar“) ekki aðgang að frumlagssætinu (þeir geta ekki færst í Ákv,TíðL). Þetta er sýnt með dæmum í (82).


- (82) a. Hafði einhver sýnt þeim íbúðina?  
b. \*Hafði þeim einhver sýnt íbúðina?  
(Jóhannes Gísli Jónsson 2009:304)  
c. \*Hafði íbúðina einhver sýnt þeim?

Ef germyndartilgátan er rétt er hið sama upp á teningnum, að því er virðist, í (78): Ef *for* er í setningunni ættu ekki að geta verið lágmarksvensl milli frumlagssætisins og þágufallsrökliðarins. Lítum á einfaldaða hríslumynd sem sýnir setninguna *Þeim var sýnt íbúðina* og gerum ráð fyrir að þar sé *for* og það sé í Ákv,sL.

---

<sup>15</sup>Halldór Ármann Sigurðsson (1991, 2008) hefur fært fyrir því rök að FOR hafi fall — í (i) sjáum við að ósagða frumlagið, sbr. (80), er í þágufalli en þar stendur fljótandi magnliður, *báðir*, í þágufalli og vísar til ósagðs frumlagsins sem hefur færst frá magnliðnum.

- (i) Jón og Gunna vonast til [FOR<sub>þGF</sub> að vera báðum<sub>þGF</sub> sýnt íbúðina].



Hér hefur rökliðurinn *þeim* færst fram fyrir *for* en það er ótækt.

Jóhannes segir þó í sjálfu sér mögulegt að ímynda sér að *for*-frumlag sé í neðra frumlags-sætinu (sem er ekki sýnt í (83)). Magnorðið *einhver* í (84) er í þessu neðra frumlagssæti.

- (84) Það hafði einhver sýnt þeim íbúðina.  
(Jóhannes Gísli Jónsson 2009:304)

Jóhannes Gísli Jónsson (2009) sýnir að *for*-frumlag getur ekki verið í þessu sæti í (85) því að þar er magnorðið *einhver*.

- (85) Það var einhverjum sýnt íbúðina.  
(Jóhannes Gísli Jónsson 2009:304)

Ef neðra frumlagssætið er upptekið af magnorðinu *einhverjum* getur *for* ekki færst fram hjá neðra frumlagsplássinu í það efra (ákvarðarasæti TíðL) en eins og Jóhannes Gísli Jónsson (2009) bendir á myndi það brjóta fyrrnefnd lögmál á borð við stystu færslu og afstæð lágmarksvensl (sbr. dæmi (82b) sem er tekið frá honum).

Frumforsenda þess að dæmi Jóhannesar séu rök gegn germyndartilgátunni er að samasemmerki sé sett á milli setninga (77) og (78). Ef dæmin eru setningafræðilega jafngild eru þetta mjög sterk rök fyrir því að nýja þolmyndin geti ekki verið germynd. Hins vegar held ég því fram að þessar setningar séu ekki sams konar. Mótrökin sem ég set fram gegn hugmyndum Jóhannesar eru af tvennum toga: Annars vegar eru þau setningafræðileg, sjá kafla 2.3.3.3, og hins vegar tölfræðileg, sjá kafla 2.3.3.4.

### 2.3.3.2 Þgf.-þf.-þolmynd í færeysku

Við skulum byrja á því að skoða færeysku en í þolmynd eru tvær hjálparsagnir notaðar, *verða* og *blíva*, en sú síðari er algengari í talmáli (Höskuldur Þráinsson o.fl. 2004:265).<sup>16</sup>

- (86) a. Báturinn bleiv málaður (av henni).  
báturinn var málaður (af henni)  
(Höskuldur Þráinsson o.fl. 2004:265)
- b. Báturinn varð málaður (av henni).

Þegar þolmynd er mynduð af tveggja andlaga sögnum er venjulega ómörkuð orðaröð þannig að rökliðurinn sem samsvarar beinu andlagi í germynd er færður í frumlagssæti frekar en rökliðurinn sem samsvarar óbeinu andlagi germyndar (Höskuldur Þráinsson o.fl. 2004:269; Barnes 1986).

- (87) a. Teldan bleiv givin gentuni.  
tölván var gefin stelpunni
- b. ??Gentuni bleiv givin teldan.  
stelpunni var gefin tölván  
(Höskuldur Þráinsson o.fl. 2004:270)

Athyglisvert er að röðin í (87b) þykir betri ef rökliðurinn sem samsvarar beinu andlagi þolmyndar er óákveðinn (hér ber að athuga að í setningunni er *ein* óákveðinn greinir).

- (88) ?Gentuni bleiv givin ein telda.  
stelpunni var gefin ein tölvá  
'Stelpunni var gefin tölvá.'  
(Höskuldur Þráinsson o.fl. 2004:270)

Þetta gæti bent til þess að í máli þeirra þar sem þetta gildir sé ákveðnihamla brotin í (87b). Barnes (1986:35) segir að sumir þeirra málhafa sem hann talaði við hafi viljað hengja tilvísunarsetningu í nefnifallsliðinn í setningum á borð við (88), þ.e. þegar hann fór á eftir þágufallinu. Þeir hafa þá e.t.v. viljað þyngja liðinn til að „réttlæta“ staðsetningu hans. Það er alls ekki svo fjarstæðukennt ef rökliðurinn sem samsvarar óbeinu andlagi germyndar getur ekki verið í frumlagssæti. Þá yrði að líta á setningar eins og (89) þannig að nefnifallsliðurinn með

<sup>16</sup>Reyndar er sögnin *vera* einnig notuð að einhverju marki sem hjálparsögn í þolmynd:

- (i) ... men tá ið hann kemur heim, er hann dripin av fíggindum sínum.  
en þá er hann kemur heim er hann drepinn af óvinum sínum  
(Höskuldur Þráinsson o.fl. 2004:nmgr. 10 á bls. 69)

tilvísunarsetningunni sé frestað frumlag en þágufallsliðurinn sé þá kjarnafærður.

- (89) Gentuni bleiv givin ein telda sum er ekki sera góð.  
stelpunni var gefin ein tölva sem er ekki mjög góð  
'Stelpunni var gefin tölva sem er ekki mjög góð.'

Barnes (1986) ræðir um þolmyndarsetningar með þgf.-þf.-mynstri en þær virðast þá sambærilegar við setningar eins og (78) í íslensku. Hann tekur dæmi úr ritmáli frá fyrri hluta 20. aldar sem gæti verið vísbending um að breytingin úr þgf.-nf. yfir í þgf.-þf. í þolmynd sé eldri en í íslensku (sbr. Hlíf Árnadóttur og Einar Frey Sigurðsson 2012a; 2012b).

- (90) Og var honum óivað ætlað somu viðferð og Ögmundi.  
og var honum án efa ætluð/ætlað sömu.þF meðhöndlun.NF/þF og Ögmundi  
(Dahl 1939:119; tilvitnað eftir Barnes 1986:35)

Í (87b) og (88) sést ekki hvort þágufallsliðurinn *gentuni* hefur verið færður í frumlagssæti (Ákv,TíðL) eða verið kjarnafærður (í Ákv,TL). Í (90) sést hins vegar að þágufallsliðurinn *honum* er í frumlagssæti því að hann kemur næst á eftir persónubeygðu sögninni. Í máli sumra færeyskra málhafa er þá möguleiki að þeim þyki þolmyndarsetningar með mynstrinu þgf.-nf. í besta falli skrítnar ef þeir kjósa helst mynstrin nf.-þgf. (þar sem nefnifallsliðurinn er frumlag) og þgf.-þf. (þar sem þágufallsliðurinn er frumlag).

Barnes (1986:35) segir að einungis sé tilhneiging til að samþykkja þgf.-þf.-þolmyndina í færeysku, það fari að miklu leyti eftir hvaða sögn eigi í hlut. Málhafarnir sem hann ræddi við samþykktu þgf.-þf. með *ynskja* 'óska' en töldu þgf.-nf. með sömu sögn síðra. Dómarnir í setningum (91)–(93) eru úr grein Barnes (1986).

- (91) a. ?Honum varð ynskt ein góð ferð.  
honum var óskað ein góð ferð  
'Honum var óskað góðrar ferðar.'  
b. Honum varð ynskt eina góða ferð.  
honum var óskað eina góða ferð  
(Barnes 1986:35)

Aftur á móti samþykktu málhafarnir þgf.-nf. með *giva* 'gefa' og *selja* en ekki þgf.-þf. með þessum sömu sögnum.<sup>17</sup>

<sup>17</sup>Sumir málhafanna hengja tilvísunarsetningar aftan í nefnifallsrökliðinn í dæmum (92a) og (93a), sbr. umræðu fyrir í þessum kafla.

- (92) a. Bóndanum varð seld ein kúgv.  
 bóndanum var seld ein kýr  
 ‘Bóndanum var seld kýr.’
- b. ??Bóndanum varð selt eina kúgv.  
 bóndanum var selt eina kú  
 (Barnes 1986:35)
- (93) a. Henni varð givin ein blýantur.  
 henni var gefinn einn blýantur  
 ‘Henni var gefinn blýantur.’
- b. ??Henni varð givið ein blýant.  
 henni var gefið einn blýant  
 (Barnes 1986:35)

Þórhallur Eypórsson lagði könnun fyrir 62 málhafa í Færeyjum árið 2008 þar sem hann rannsakaði þolmynd í færeysku. Á meðal setninganna sem hann kannaði voru þær sem sýndar eru í (94) (valmöguleikarnir voru *já*, *?* og *nei*).

- (94) a. Gentuni bleiv givin ein telda.  
 stelpunni var gefin ein tölva  
 ‘Stelpunni var gefin tölva.’
- b. Gentuni bleiv givið eina teldu.  
 stelpunni var gefin eina tölvu  
 (Þórhallur Eypórsson 2012:120)

Í (94a) er þgf.-nf.-þolmynd, sbr. (93a), en í (94b) þgf.-þf.-þolmynd, sbr. (93b). Niðurstöðurnar fyrir þessar setningar eru afar athyglisverðar en hærra hlutfall þátttakenda, eða 26%, samþykkti (94b) (þgf.-þf.) en (94a), 18% samþykktu hana (Þórhallur Eypórsson 2012:120–121). Fyrir utan það að þetta sýnir að almennt þykir ekki gott í færeysku að færa rökliðinn sem samsvarar óbeinu andlagi í frumlagssæti í svona setningum sýnir þetta, ef úrtakið er dæmigert fyrir færeyska málhafa, að þgf.-þf.-þolmynd er talin betri en þgf.-nf.-þolmynd. Engu að síður eru ekki sterkar vísbendingar um að nýja þolmyndin sé tæk í færeysku. Þórhallur Eypórsson (2008b:88) greinir frá niðurstöðum könnunar sem lögð var fyrir í Færeyjum 2006 og náði til 243 málhafa. Nýþolmyndarsetningin í (95) var meðal þeirra setninga sem voru kannaðar:

- (95) Tað bleiv sligið meg.  
 það var slegið mig  
 (Þórhallur Eypórsson 2008b:88)

Mikill meirihluti, eða 95%, hafnaði nýju þolmyndinni með einu andlagi en innan við 1% samþykkti hana (mér reiknast svo til að þetta hafi verið tveir þátttakendur). Málið er þó ekki

jafneinfalt og hér er gefið í skyn því að ný þolmynd tveggja andlaga sagna, þar sem báðir rökliðir eru í sæti, sjá (96), virðist tæk í máli mun fleiri en setningin í (95). Tæp 20% samþykktu hana í könnuninni 2006 en aðeins tæp 30% höfnuðu henni.

- (96) Tað bleiv lovað konuni telduna.  
það var lofað konunni tölvuna  
(Þórhallur Eyþórsson 2008b:88)

Ekki er ljóst hver ástæðan fyrir þessum mun á (95) og (96) er en ljóst má vera að frekari rannsókna á færeysku er þörf (sjá þó umræðu um færeysku ásamt fleiri dæmum svipuðum (96) hjá Þórhalli Eyþórssyni 2008a:206–208). Þó virðist skýr munur vera á úthlutun þolfalls í þolmynd eins og tveggja andlaga sagna. Ef þgf.-þf.-þolmynd er í raun og veru sama setningagerð og nýja þolmyndin gætu gögnin úr færeysku bent til þess að upphafs nýju þolmyndarinnar væri að leita meðal tveggja andlaga sagna, líkt og Hlíf Árnadóttir og Einar Freyr Sigurðsson (2008) halda fram. Ef hins vegar um tvær setningagerðir er að ræða, eins og haldið er fram í þessari ritgerð, sýnir færeyska að þgf.-þf.-þolmynd getur þróast án þess að það hafi í för með sér að nýja þolmyndin geri það líka.

Við skulum nú skoða mótrök gegn þeirri hugmynd Jóhannesar Gísla Jónssonar (2009) að þgf.-þf.-þolmynd sýni að nýja þolmyndin í íslensku geti ekki haft ósýnilegt frumlag.

### 2.3.3.3 Mótrök I

Setningafræðilegu rökin fela í sér samanburð á setningum (77)–(78), annars vegar með einföldu afturbeygðu fornafrni (*sér*) og samsettu (*sjálfum sér*) á óbeinu andlagi, hins vegar fela slíkar setningar í sér merkingarmun þegar beina andlagið er afturbeygt. Áður en að þessu kemur er rétt að leggja á það áherslu að í þgf.-þf.-þolmynd er þágufallsrökliður tveggja andlaga sagnar í frumlagssæti. Í nýju þolmyndinni er hann á hinn bóginn ekki í frumlagssæti, sbr. (97b).

- (97) a. Var **þeim** ekki einu sinni sýnt íbúðina fyrst?  
(Jóhannes Gísli Jónsson 2009:303)  
b. Var ekki einu sinni sýnt **þeim** íbúðina fyrst?

Í (97b) er þágufallsrökliðurinn sem sagt í sæti sínu en þá verður að túlka hann sem andlag. Það sjáum við á tveggja andlaga sögnum sem taka óbeint andlag í þolfalli í germynd, sbr. (98).

- (98) Í gær var leynt **mig** sannleikanum.  
(Hlíf Árnadóttir og Einar Freyr Sigurðsson 2012a)

Polfallsrökliðurinn hefur ekki aðgang að frumlagssætinu eins og sést í (99a) — rökliðurinn verður að vera í nefnifalli til að geta verið í frumlagssæti, sbr. (99b).

- (99) a. \*Í gær var **mig** leynt sannleikanum.  
b. Í gær var **ég** leyndur sannleikanum.  
(Hlíf Árnadóttir og Einar Freyr Sigurðsson 2012a)

Ef við vildum halda því fram að þgf.-þf.-þolmynd væri hluti nýju þolmyndarinnar yrðum við að segja að rökliðir, sem samsvara óbeinu andlagi germyndar, í orðasafnsfalli (þágufalli) hefðu aðgang að frumlagsplássinu en ekki rökliðir sem fá formgerðarfall (þolfall). Með sömu rökum gætum við e.t.v. gengið lengra og sagt að rökliðir eins andlags sagna sem bera orðasafnsfall hefðu einnig greiðan aðgang að frumlagsplássinu en ekki rökliðir sem fá formgerðarfall. Þá værum við komin út á hálán ís, að því er virðist, vegna þess að þá væri hægt að túlka setninguna í (100b) hvort heldur sem er sem venjulega þolmynd eða nýja þolmynd:

- (100) a. %Í gær var hrint mér.  
b. Í gær var mér hrint.

Lítum nú á germyndarsetningar með sögnum sem eru ekki skyldubundið afturbeygðar, á ensku kallast þær *naturally disjoint verbs*. Þegar andlag slíkra sagna og frumlagið eru samvísandi verður oftast að nota samsetta afturbeygða fornafnið.<sup>18</sup>

---

<sup>18</sup>Bæði er hægt að segja *drepa sig* og *drepa sjálfan sig*. Þetta kann að skýrast af því að á þessu tvennu er merkingarmunur, líkt og Höskuldur Þráinsson hefur bent mér á. Þetta má skýra með dæmum.

- (i) a. Hryðjuverkamaðurinn drap alla nema sjálfan sig / \*sig.  
b. Hryðjuverkamaðurinn sprengdi bygginguna og drap sjálfan sig / \*sig um leið.  
(ii) Jón drap sig / ??sjálfan sig á ólífnaði.  
(iii) Nú eru tvö ár liðin frá því að Jón drap sig / ??sjálfan sig.

Í (ii) fellur Jón ekki fyrir eigin hendi heldur leiðir ólífnaðurinn hann til dauða og þar er ósamsetta afturbeygða fornafnið betra en hið samsetta. Í (iii) merkir *drepa sig* aftur á móti 'sjálfsmorð'. Einnig þar er ósamsetta afturbeygða fornafnið betra. Hefði hryðjuverkamaðurinn í (ia) drepð alla og þ. á m. sjálfan sig hefði það vissulega verið sjálfsmorð en e.t.v. ekki í sama skilningi. Munurinn á þessu tvennu er hárfinn en í (ib) er samsetta afturbeygða fornafnið einnig notað, hugsanlega vegna þess að tilgangur hryðjuverkamannsins var ekki að fremja sjálfsmorð heldur fyrst og fremst að sprengja bygginguna. Hins vegar leiðir notkun samsetta fornafnsins í dæminu til þess að túlkunin verður á þann veg að hann hafi ekki reynt að komast undan sprengjunni. Hefði ósamsetta afturbeygða fornafnið, *sig*, verið notað hefði frekar mátt túlka (ib) sem svo að um leið og hryðjuverkamaðurinn sprengdi bygginguna hafi hann framið sjálfsmorð. Niðurstaða þessa gæti þá verið sú að *drepa sig* og *drepa sjálfan sig* merki ekki það sama (sjá einnig umræðu hjá Hlíf Árnadóttur, Þórhalli Eyþórssyni og Einari Frey Sigurðssyni 2011 um það hvort slíkur merkingarmunur leiði til þess að um ólíkar sagnir sé að ræða; sjá einnig Sigríði Sigurjónsdóttur og Hyams 1992). Hugsanlegt mótdæmi má hins vegar sjá í (iv) en þar er skáletraða setningin notuð til að búa til rétt samhengi:

- (101) a. Fólk drepur sjálft sig / sig.  
b. Jón lamdi sjálfan sig / \*sig.

Í (102) er ný þolmynd sem samsvarar germyndarsetningunni í (101a) en þar er samsetta afturbeygða fornafrnið notað:

- (102) [...] það er drepið sjálfan sig [...]  
(<http://toxic-dream.blogcentral.is/blog/2006/7/14/mja/>, skrifað 14. júlí 2006;  
Hlíf Árnadóttir, Þórhallur Eyþórsson og Einar Freyr Sigurðsson 2011:48)

Merking setningar (102) er almenn<sup>19</sup> og nokkuð svipuð og (101a) en auðvitað er gerandinn, hvort sem hann er undanskilinn setningafræðilega eða ekki, ekki nefndur í (102).

Vegna þess að rökliðarfærsla er ótæk í nýju þolmyndinni er eftirfarandi setning (*já-nei-spurning*) ótæk.

- (103) \*Var sjálfan sig drepið?

Hins vegar er *já-nei-spurning* þar sem andlagið *sjálfan sig* er í sæti tæk (við því er auðvitað að búast í ljósi þess að setningar á borð við (102) eru tækar í nýju þolmyndinni).

- (104) Var drepið sjálfan sig?

En hvernig er notkun afturbeygða fornafrnsins háttáð í setningum sambærilegum við (77)–(78)? Við skulum byrja á því að skoða notkunina í germynd.

- 
- (iv) *Nú eru tvö ár liðin síðan Jón dó.*  
Ég er enn handviss um að hann hafi ekki drepið sig / \*sjálfan sig heldur konan hans.

Enginn annar hefði getað framið sjálfsmorð fyrir Jón, þ.e. með þeim afleiðingum að gerandinn lifði það af en Jón dæi. Ósamsetta afturbeygða fornafrnið er notað í (iv) þrátt fyrir að augljóst sé af samhenginu að mælandinn telji að konan hafi drepið Jón (hann telur ekki að hún hafi framið sjálfsmorð). Það að setningin í (iv) sé ótæk með samsetta afturbeygða fornafrninu sýnir e.t.v. að merkingarmunurinn sé mjög lítill á *drepa sig* og *drepa sjálfan sig* og þá kannski ekki rétt að tala um tvær sagnir.

<sup>19</sup>Samhengi setningarinnar í (102) er þannig:

- (i) Fólk er fífl ég hata mannkynið...nei í alvöru þetta er ógeðslegasta tegund sem hefur verið til..við drepum hvort annað, það er stolið og nauðgað, það er drepið sjálfan sig, það er byggt á jörðinni og skemmt allt og mengað allt. Þetta er ógeðslegt..ef að ég væri jörðin væri ég LÖNGU búin að útrýma mannkyninu...  
(<http://toxic-dream.blogcentral.is/blog/2006/7/14/mja/>)



- (105) *Fasteignasalinn mætti ekki til að sýna Jóni húsið.*  
Jón sýndi þess vegna sjálfum sér / \*sér íbúðina.

Sögnin *sýna* tekur ekki með sér skyldubundið afturbeygt andlag, hún er það sem á ensku kallast *naturally disjoint* en áður hefur verið minnst á slíkar sagnir. Sögnin tekur því með sér samsett afturbeygt fornafn (hér þgf. *sjálfum sér*) en notkun einfalda afturbeygða fornafnsins (hér þgf. *sér*) er ótæk.

- (106) Var sýnt sjálfum sér / \*sér íbúðina?

Með samsetta afturbeygða fornafninu er þessi setning tæk í nýju þolmyndinni, hún er í raun sams konar og (102) en munurinn felst í því að sögnin er tveggja andlaga þar sem óbeina andlagið en ekki það beina vísar í meint frumlag (undanfara sinn). Þetta er á hinn bóginn ómögulegt þegar óbeina andlagið hefur verið fært í frumlagssæti, þá er afturbeyging ómöguleg — bæði með samsetta afturbeygða fornafninu og með því einfalda.<sup>20</sup>

- (107) Var \*sjálfum sér / \*sér sýnt íbúðina?

Þrátt fyrir að erfitt væri að útskýra hvers vegna notkun samsetta afturbeygða fornafnsins er eingöngu tæk þegar þágufallsliðurinn er í sæti ef setningar (77)–(78) væru sams konar, þ.e. væru báðar dæmi um nýju þolmyndina, er ólíklegt að allir fallist á þessi rök eins og Halldór Ármann Sigurðsson og Jóhannes Gísli Jónsson hafa bent mér á — frumlög í aðalsetningum geta almennt ekki verið afturbeygð fornöfn:

- (108) a. \*Var sér ekki boðið?  
b. \*Var sjálfri sér ekki boðið?  
c. \*Voru bílarnir sínir keyrðir heim?

(Dæmi frá Halldóri Ármanni Sigurðssyni)

Við vitum að þetta gildir fyrir staðalíslensku (þ. á m. hefðbundna þolmynd) en ekki er sjálfgefið að það gildi um nýjar setningagerðir. Það er t.d. óvænt að setningar á borð við (106) *Það var sýnt sjálfum sér íbúðina* séu tækar í máli sumra, einkum ef við gerum ekki ráð fyrir neinum setningafræðilegum undanfara afturbeygða fornafnsins.

<sup>20</sup>Notkun einfalda afturbeygða fornafnsins er þó tæk með langdrægri afturbeygingu, bæði í tilviki (106) og (107), sbr. (i).

- (i) a. María<sub>i</sub> segir að það hafi aldrei verið sýnt sér<sub>i</sub> íbúðina.  
b. María<sub>i</sub> segir að sér<sub>i</sub> hafi aldrei verið sýnt íbúðina.

Til þess að sýna setningafræðilega fram á að setningar (77) og (78) séu ekki hluti sömu setningagerðar verða önnur rök að koma til. Lítum á eftirfarandi setningu sem er dæmi um hefðbundna þolmynd:

- (109) Í gær var læknum<sub>i</sub> sýnd röntgenmyndin sín<sub>i/\*j</sub>.  
'Í gær sýndi einhver læknum röntgenmyndina sem tilheyrði læknum.'

Hér getur afturbeygða eignarfornafnið aðeins vísað til læknisins en ekki til undirliggjandi geranda, þ.e. þess sem sýndi honum myndina. Þetta er eins í þgf.-þf.-þolmynd, sbr. (110).

- (110) Í gær var læknum<sub>i</sub> sýnt röntgenmyndina sína<sub>i/\*j</sub>.  
'Í gær sýndi einhver læknum röntgenmyndina sem tilheyrði læknum.'  
(Hlíf Árnadóttir og Einar Freyr Sigurðsson 2012a)

Hins vegar getur afturbeygða fornafnið í (111) vísað til gerandans í nýju þolmyndinni.

- (111) Í gær var sýnt læknum<sub>i</sub> röntgenmyndina sína<sub>i/j</sub>.  
'Í gær sýndi einhver læknum röntgenmyndina sem tilheyrði læknum.'  
'Í gær sýndi einhver læknum röntgenmyndina sem tilheyrði þeim sem sýndi hana.'  
(Hlíf Árnadóttir og Einar Freyr Sigurðsson 2012a)

Líkt og sést hér að ofan er (111) tvíræð, hún getur bæði merkt að læknirinn hafi fengið að sjá myndina sína og að gerandinn hafi sýnt myndina sína. Setningar (109)–(110) geta aðeins haft fyrri merkinguna og því er þgf.-þf.-þolmynd líkari hefðbundinni þolmynd að þessu leyti en nýju þolmyndinni.

Setningar á borð við (78) geta því varla talist til nýju þolmyndarinnar en engu að síður er hér um málnýjung að ræða, þ.e. notkun þolfalls í þolmynd. Að þessu leyti stendur germyndartilgátan óhöggud, fylgismenn hennar geta útskýrt muninn á (106) og (107) þannig að í fyrra dæminu sé setningafræðilegt frumlag, *for*, sem heimili notkun samsetta afturbeygða fornafnsins. Í því síðara geti þetta frumlag þó hvergi verið, eins og Jóhannes Gísli Jónsson (2009) bendir réttilega á. Hér verður þó að hafa það í huga að mótrökin gegn Jóhannesi eru ekki rök með germyndartilgátunni, þau sýna aðeins að tiltekin setningagerð er ekki hluti nýju þolmyndarinnar eins og hún hefur verið skilgreind.

#### 2.3.3.4 Mótrök II

Hin mótrökin eru fengin úr niðurstöðum rannsóknarverkefnisins Tilbrigða í setningagerð og felast í því að skoða fylgni milli setninga. Ef setningarnar í (77) og (78) tilheyrðu einni og

sömu setningagerðinni gætum við búist við því að sama fólkið og samþykkir aðra setninguna samþykki líka hina. Eins byggjumst við við því að fólk sem hafnaði annarri þeirra hafnaði líka hinn. Áður en við skoðum fylgnina skulum við skoða hvernig svörin við þessum tveimur setningum dreifðust, sjá töflu 9, og svo hversu margir í hverjum aldurshópi samþykktu þær, sjá töflu 10.

	<b>já</b>	<b>?</b>	<b>nei</b>
a. Það var sýnt þeim bæklinga áður en þau fóru.	135 (18%)	80 (10%)	550 (72%)
b. Var þeim ekki einu sinni sýnt íbúðina fyrst?	177 (23%)	107 (14%)	485 (63%)

Tafla 9: Niðurstöður úr könnun Tilbrigða í setningagerð (Höskuldur Þráinsson, Sigríður Sigurjónsdóttir og Hlíf Árnadóttir 2012).

	<b>15 ára</b>	<b>20–25</b>	<b>40–45</b>	<b>65–70</b>
a. Það var sýnt þeim bæklinga áður en þau fóru.	87 (43%)	42 (21%)	3 (2%)	3 (2%)
b. Var þeim ekki einu sinni sýnt íbúðina fyrst?	100 (49%)	42 (21%)	15 (8%)	20 (11%)

Tafla 10: Hlutfall jákvæðra svara í könnun Tilbrigða í setningagerð (Höskuldur Þráinsson, Sigríður Sigurjónsdóttir og Hlíf Árnadóttir 2012).

Líkt og við sjáum er b-setningin *Var þeim ekki einu sinni sýnt íbúðina fyrst?* samþykkt talsvert meira en a-setningin *Það var sýnt þeim bæklinga áður en þau fóru*. Þetta á við í öllum aldurshópum nema hjá 20–25 ára málhöfum þar sem jafnmargir samþykkja setningarnar. Við vitum því nú þegar að þeir sem samþykkja b-setninguna samþykkja ekki allir a-setninguna. Sé dreifing *já*- og *nei*-svara skoðuð með kíkvaðratprófi (og svör þeirra sem svöruðu með ? ekki höfð með) sést að munurinn á setningunum er marktækur við 99% mörk — það eru minna en 1% líkur á að munurinn á dreifingu svara við setningunum sé tilviljun.<sup>21</sup> Það er þó háð því að forsendur okkar séu réttar. Athyglisvert er hve margir samþykkja b-setninguna í tveimur elstu aldurshópunum þegar miðað er við að aðeins sex alls í þessum hópum samþykkja a-setninguna. Jóhannes Gísli Jónsson hefur bent mér á að mögulegt sé að ýmsir þátttakendur í könnuninni hafi ekki lesið b-setninguna rétt því að orðaröðin er sú sama og í venjulegri þolmynd tveggja andlaga sagna. Menn þurfi að vera vel á verði til að koma auga á að þolmyndarhátturinn sé *sýnt* en ekki *sýnd* og að einum bókstaf sé ofaukið (miðað við hefðbundna þolmynd) í beina andlaginu, *íbúðina* í stað *íbúðin*. Því kunni að vera að tölur um samþykki í tveimur elstu hópunum ættu að vera talsvert lægri.

<sup>21</sup>  $\chi^2 = 9,346$ , 1 frelsisgráða, p-gildi = 0,002.

Ef við gerum ráð fyrir því að þetta sé rétt hjá Jóhannesi Gísla og segjum að það sé í raun enginn munur á samþykki í tveimur elstu hópunum þurfum við líka að gera ráð fyrir því að nokkur fjöldi í tveimur yngstu hópunum hafi ekki lesið setningarnar rétt. En hve margir hafa þá lesið setninguna vitlaust? Helmingur þeirra sem samþykkti b-setninguna? Það eina sem við getum gert að svo komnu máli er að treysta á að tölurnar endurspegli málkunnáttu þátttakenda í könnuninni en um leið er vakin athygli á að þetta þarf að skoða betur.

Fylgnin milli setninganna tveggja er tiltölulega há, 0,46. Í Tilbrigðakönnun I sem hér um ræðir var önnur setning svipuð (77) *Það var sýnt þeim bæklinga áður en þau fóru*, sjá (112):

(112) Hvað var gefið þeim mikið í fyrra?

Hér er þgf. *þeim* í sæti sem og *mikið*. Spurnarorðið *hvað* er ákvæðisorð með *mikið* en við sjáum ekki hvort fall síðara orðsins er nefnifall eða þolfall. Það er líklegt að það sé þolfall því að í máli langflestra, líka þeirra sem hafa nýju þolmyndina, er nefnifall í sæti í setningum hliðstæðum (112) ótækt:

- (113) a. \*Hvað var gefið þeim margir bílar í fyrra?  
b. %Hvað var gefið þeim marga bíla í fyrra?

Ef við getum, með tiltölulega hreinni samvisku, flokkað (112) með (77) getum athugað fylgnina milli (112) og (77) annars vegar og (112) og (78) hins vegar. Eins og áður getum við búist við því að fylgnin sé svipuð í báðum tilfellum ef um er að ræða eina setningagerð en ekki tvær. Það er hún hins vegar ekki því að fylgnin milli setninganna þar sem þágufallsliðurinn er í sæti, þ.e. (112) og (77), er 0,63. Á milli (112) og (78) er hún talsvert lægri, 0,44. Það er raunar mjög svipuð fylgni og á milli (77) og (78).

Nú skulum við skoða fylgnisamband þessara setninga við aðrar nýþolmyndarsetningar. Eftirleiðis verður talað um nýja þolmynd tveggja andlaga sagna, þgf.-þf.-þolmynd og nýja þolmynd eins andlags sagna. Eftirfarandi niðurstöður, rétt eins og útreikningarnir á fylgninni hér að ofan, byggjast útreikningum í tölfræðiforritinu R sem les tilbrigðagögnin úr tölfræðiforritinu SPSS en gögnin voru einmitt skráð í SPSS-skrá. Í útreikningunum eru setningarnar í (77) og (112) flokkaðar saman (ný þolmynd tveggja andlaga sagna), í þgf.-þf.-þolmynd er setningin í (78) og ný þolmynd eins andlags sagna samanstendur af 16 setningum.<sup>22</sup> Þrátt fyrir að það sé

<sup>22</sup>Setningarnar 16 eru sýndar í (i) en þar valdi ég eingöngu þolmyndarsetningar með þolfallsandlagi. Þó ber að athuga að *margar kjötbollur* í (ie) er ekki ótvírætt í þolfalli þrátt fyrir ósamræmi við þolmyndarhátt og að sögnin *vera* sé í eintölu en ekki fleirtölu:

- (i) a. Það var rekið manninn út af staðnum.  
b. Það var strax dæmt vítaspyrnu.

ekkert sem bendi til þess að gera eigi greinarmun á nýrri þolmynd eins andlags og tveggja andlaga sagna er það gert hér til þess að skoða samband nýrrar þolmyndar tveggja andlaga sagna og þgf.-þf.-þolmyndar við sömu breytuna og athuga hvort þar á sé einhver munur.


Við höfum séð fylgni þgf.-þf.-þolmyndar við hvora nýþolmyndarsetningu fyrir sig með tveimur andlögum. Við höfum því nokkra hugmynd um hana en við skulum þó samt sem áður athuga fylgnina milli breytanna þgf.-þf.-þolmyndar og nýrrar þolmyndar tveggja andlaga sagna. Hún er frekar há, eins og við reyndar vissum, eða 0,5.

Því næst skulum við skoða samband þessara breyta við nýja þolmynd eins andlags sagna. Ef þgf.-þf.-þolmynd er ein birtingarmynd nýju þolmyndarinnar gerum við ráð fyrir að fylgnin milli nýrrar þolmyndar eins andlags sagna og þgf.-þf.-þolmyndar sé svipuð fylgninni milli nýrrar þolmyndar eins og tveggja andlaga sagna. Á mynd 1 sést samband nýrrar þolmyndar eins andlags sagna og þgf.-þf.-þolmyndar.

Fylgnin, sem er 0,61, er lítillega hærri en á milli nýrrar þolmyndar tveggja andlaga sagna og þgf.-þf.-þolmyndar. Á x-ásnum mótar fyrir aðeins þremur línur vegna þess að hér er einungis ein setning sem tilheyrir þgf.-þf.-þolmynd. Til vinstri á x-ásnum eru þá svör þeirra sem sögðu *nei* við setningunni (einkunn = 0), í miðjunni þeir sem merktu við ? (einkunn = 0,5) en *já* er til hægri á ásnum (einkunn = 1). Punktarnir á y-ásnum dreifast mun þéttar vegna þess að 16 setningar eru þar lagðar til grundvallar. Neðst á y-ásnum eru neikvæð svör en efst jákvæð; þeir sem samþykkja allar setningarnar fá einkunnina 1 en þeir sem hafna öllum fá 0. Ef einhver samþykkir t.d. þrjár setningar, segir sex vera vafasamar og hafnar 7 er einkunnin  $3 \cdot 1/16 + 6 \cdot 0,5/16 + 0 \cdot 7/16 = 0,375$ .


Niðri vinstra megin er stór, dökkur flekkur sem sýnir að mjög margir höfnuðu þgf.-þf.-þolmynd og öllum eða nær öllum nýþolmyndarsetningum með einu andlagi. Uppi hægra megin sést aftur á móti að mjög fáir samþykktu þgf.-þf.-þolmynd og allar eða næstum allar nýþolmyndarsetningarnar.

- 
- c. Hvað var pantað marga miða?
  - d. Þess vegna var skammað formanninn á fundinum.
  - e. Það var borðað svo margar kjötbollur.
  - f. Var passað krakkana á meðan?
  - g. Það var strax rekið hana út af.
  - h. Það var beðið mig að vaska upp.
  - i. Jón var sendur heim en það var bara skammað Óla.
  - j. Það var skammað mig fyrir letina.
  - k. Um daginn var loksins eignast nýjan bíl.
  - l. Eftir það var forðast óhollan mat í langan tíma.
  - m. Þá er bara haldið veislu.
  - n. Það voru nokkrir reknir en bara áminnt aðra.
  - o. Það var samt alltaf átt marga hesta.
  - p. Skoðað verður miða við innganginn.



Mynd 1: Samband dóma um nýja þolmynd eins andlags sagna og þgf.þf.-þolmyndar.

Skoðum nú sambandið milli nýrrar þolmyndar eins og tveggja andlaga sagna en það er sýnt á mynd 2. Þar sjáum við móta fyrir fimm línur á x-ásnum vegna þess nú eru fimm möguleikar í stöðunni: Hægt er að hafna báðum setningum (einkunn = 0), hafna annarri en segja hina vafasama (einkunn = 0,25), segja báðar vafasamar (einkunn = 0,5), samþykkja aðra en segja hina vafasama (einkunn = 0,75) eða samþykkja báðar (einkunn = 1).



Mynd 2: Samband dóma um nýja þolmynd eins og tveggja andlaga sagna.

Eins og áður er talsvert um að báðum setningabreytum sé hafnað en fáir samþykkja báðar sem er svipað og á mynd 1. Það sem er aftur á móti öðruvísi á mynd 2 er að hornið niðri hægra megin er autt og einnig uppi vinstra megin. Það þýðir að lítið var um að annarri breytunni væri hafnað en hin samþykkt. Það kemur þess vegna ekki á óvart að fylgnin milli nýrrar þolmyndar eins andlaga sagna og tveggja andlaga sagna er mjög há, hún er 0,81.

Þessar niðurstöður gefa til kynna að sambandið milli þgf.-þf.-þolmyndar og nýju þolmyndarinnar sé á einhvern hátt öðruvísi en á milli nýrrar þolmyndar eins og tveggja andlaga sagna. Ef forsendurnar sem við gefum okkur eru réttar er þetta vísbending um að þgf.-þf.-

þolmynd geti verið önnur setningagerð.<sup>23</sup>

### 2.3.4 Afturbeyging

Lítum á eftirfarandi setningu.

- (114) John was shaved. (enska)  
Jón var rakaður  
(Baker, Johnson og Roberts 1989:224)

Baker, Johnson og Roberts (1989:224) benda á að setningin geti ekki þýtt ‘Jón rakaði sig’. Hið sama gildir í íslensku.

- (115) a. Jón rakaði sig.  
b. Jón var rakaður.

Setningarnar í (115) þýða ekki það sama, þ.e. þolmyndarsetningin *Jón var rakaður* gefur til kynna að einhver annar en Jón hafi rakað hann. Sögnin *raka* getur hvort heldur sem er tekið með sér afturbeygt andlag sem vísar til frumlagsins (*Jón rakaði sig*) eða andlag sem er ekki samvísandi frumlagi (*Jón rakaði Gunnar*).

Sagnir sem eru skyldubundið afturbeygðar, svo sem *monta*, geta hins vegar aðeins tekið með sér afturbeygt andlag sem vísar til frumlagsins.

- (116) a. Jón montaði sig.  
b. \*Jón montaði Gunnar.

Ef við höfum þær hömlur sem eru á merkingu (115) í huga, þá þarf ekki að koma á óvart að ekki er hægt að mynda þolmynd með skyldubundið afturbeygðum sögnum.

- (117) \*Jón var montaður.

En hins vegar eru þær mögulegar í afturbeygðri þolmynd:

- (118) Það var montað sig.  
‘Einhver montaði sig.’

---

<sup>23</sup>Þó er rétt að taka það fram að svo þarf alls ekki að vera: Ef það er t.d. rétt hjá Jóhannesi Gísla Jónssyni að þátttakendur hafi auðveldlega getað ruglast þegar þeir mátu setninguna (78) *Var þeim ekki einu sinni sýnt íbúðina fyrst?* eru niðurstöðurnar ekki jafnáræiðanlegar.



Eins er hægt að mynda afturbeygða og nýja þolmynd með *raka* hvort sem andlagið er afturbeygt eða þá að það er ekki samvísandi geranda (hvar svo sem hann er í setningunni).

- (119) a. Það var rakað sig.  
'Einhver rakaði sig.'
- b. Það var rakað Gunnar.  
'Einhver (annar en Gunnar) rakaði Gunnar.'

Eins og kom fram í kafla 2.1.2.3 samþykkja þeir sem hafa afturbeygða þolmynd ekki allir nýju þolmyndina. Ef við gætum flokkað afturbeygða þolmynd með nýju þolmyndinni gætum við sagt að ómögulegt væri að mynda venjulega þolmynd af *Jón montaði sig* og *Jón rakaði sig*. Þannig gætum við sagt að nýja þolmyndin væri eins og germynd. Þeir sem aðhyllast þolmyndartilgátuna gætu á hinn bóginn sagt að afturbeygð þolmynd væri ein tegund ópersónulegrar þolmyndar, sbr. Hlíf Árnadóttur, Þórhall Eyþórsson og Einar Frey Sigurðsson (2011), án ósýnilegs frumlags. Hlíf Árnadóttir o.fl. (2011) benda t.a.m. á að í nokkrum öðrum málum sem hafa ekki nýju þolmyndina, svo sem þýsku og norsku, sé afturbeygð þolmynd tæk.

- (120) a. Hier wurde sich (von den Römern) gewaschen. (þýska)  
hér var sér af Rómverjunum þvegið  
'Hér þvoðu Rómverjarnir sér.'
- b. Det vart rulla seg i graset (norska)  
það var rúllað sér í grasinu  
'Einhver rúllaði sér í grasinu.'; 'Það var rúllað sér í grasinu.'

Það er því hægt að halda því fram að afturbeygingin í afturbeygðri þolmynd skyldubundið og náttúrulega afturbeygðra sagna (e. *inherently reflexive* og *naturally reflexive verbs*) sé ekki bundin við ósýnilegt frumlag. Hins vegar er ekki jafnaðvelt að útskýra samsetta afturbeygða fornafnið í (102) *Það er drepið sjálfan sig* og (106) *Var sýnt sjálfum sér íbúðina?* í nýju þolmyndinni; slík dæmi virðast renna stoðum undir að afturbeyging sé hluti af nýju þolmyndinni.

Þó er mikilvægt að taka það fram að afturbeyging í þolmynd í íslensku er mjög margslungin eins og Jóhannes Gísli Jónsson (2009) sýnir:

- (121) a. Á kvöldin var skoðaður tölvupóstur frá börnunum sínum.  
b. Sumt er bara gert fyrir sjálfan sig.  
(Jóhannes Gísli Jónsson 2009:296)

Í þessum dæmum vísar afturbeygingin ekki til frumlagsins heldur undirliggjandi geranda. Dæmi Jóhannesar eru mjög áhugaverð en þau sýna líklega ekki að afturbeyging í nýju þolmyndinni

þarfnist ekki setningafræðilegs undanfara. Lítum að lokum á eftirfarandi setningu:

- (122) Það er alltaf látið  $\text{mann}_i$  bíða eftir sér  $_{*i/j}$   
(Dæmi frá Eiríki Rögnvaldssyni)

Þetta mun Eiríkur Rögnvaldsson hafa sagt við konuna sína, Guðrúnu Ingólfssdóttur, þegar hann var orðinn óþolinmóður að bíða eftir henni (ég þakka honum fyrir dæmið og honum, Joan Maling og Sigríði Sigurjónsdóttur fyrir umræðu um það). Setningin merkir þá í raun að hann hafi talið að hún léti hann alltaf bíða eftir sér. Afturbeygða fornafnið vísar þá til ytri rökliðar. Hefði Eiríkur ekki notað nýju þolmyndina og haft óákveðna fornafnið *maður* í frumlagssæti hefði setningin ekki getað merkt það sama:

- (123)  $\text{Maður}_i$  er alltaf látinn bíða eftir (sjálfum) sér  $_{i/*j}$ .

Hér vísar afturbeygða fornafnið til frumlagsins *maður* en getur ekki vísað til þess sem lætur einhvern bíða eftir sér. Setningarnar að ofan eru líkar setningum (109)–(111) og benda sterklega til þess að rökliðir í nýju þolmyndinni þarfnist undanfara og að þannig megi skýra afturbeyginguna.


## 2.4 Germyndarleg þolmynd

### 2.4.1 $\varphi$ -frumlag

Halldór Ármann Sigurðsson (2011) fellst ekki á germyndartilgátuna og reyndar ekki heldur á þolmyndartilgátuna. Hann telur þó nýju þolmyndina vera þolmynd, hann t.a.m. fellst á röksemdir Þórhalls Eypórssonar (2008a) um að ekki nægilega sterkar vísbendingar séu um það að *af*-liðir séu ótækir í nýju þolmyndinni. Skilningur hans á setningagerðinni er aftur á móti allt annar en Þórhalls og að sumu leyti nær hugmyndum Sigríðar Sigurjónsdóttur og Maling (2001a).

Segja má að þær tilgátur, sem var fjallað um hér að ofan, séu skrifaðar í kenningakerfum sem eru kennd við stjórnun og bindingu (e. *Government and Binding, GB*) og lögmál og færíbreytur (e. *Principles and Parameters, P&P*). Halldór Ármann Sigurðsson (2011) vinnur hins vegar innan naumhyggjustefnunnar (e. *Minimalist Program, MP*) sem er í raun og veru framhald hinna kenningakerfanna.

Líkt og Maling og Sigríður Sigurjónsdóttir (2002) telur Halldór Ármann Sigurðsson (2011) að í nýju þolmyndinni sé ósýnilegt frumlag. Hjá Halldóri er það hins vegar af öðrum toga og þar að auki á öðrum stað, sjá (124).



Frumlagið,  $\varphi$  (fí), er eins og gervifrumlag (e. *expletive*).  $\varphi$ -þættir, eða samræmisþættir, þess (persóna, tala og kyn) eru ekki sýnilegir og þess vegna veldur frumlagið ekki samræmi en það skýrir hvers vegna nýja þolmyndin fær alltaf hið sjálfgefna form 3.p.et.hk.

Ein af röksemdum Halldórs fyrir því að frumlagið sé svona er sú að fylgifylling geranda er að hans sögn ótæk í nýju þolmyndinni (sbr. umræðu í kafla 2.3.2.2).

- (125) a. Það er alltaf borðað morgunmat (\*nakinn).  
(Jóhannes Gísli Jónsson 2009:297)
- b. Var barið hana (\*fullur)?  
(Halldór Ármann Sigurðsson 2011:10)

Þetta er ólíkt ósýnilegu frumlagi ópersónulegu háttarsagnagerðarinnar (sjá umræðu um hana í kafla 4.4.4) en með því getur fylgifylling staðið (sbr. Halldór Ármann Sigurðsson 2011).

- (126) Má ekki berja hana fullur?

Hér fær fylgifyllingin sömu persónu, tölu og kyn og  $\varphi$ -þættir ósýnilega frumlagsins segja til um, þ.e. 3.p., et. og kk. Þar sem þetta er ekki hægt í nýju þolmyndinni, sjá (125), dregur Halldór Ármann þá ályktun að frumlagið geti ekki verið *for*. Það er athyglisvert að dæmi Halldórs (125b) er sams konar og Jóhannesar Gísla í (125a) en þrátt fyrir það er túlkun þeirra gjörólík: Jóhannes Gísli telur þetta vera rök fyrir því að nýja þolmyndin sé þolmynd en Halldór telur aftur á móti að þetta séu rök fyrir því að ósýnilegt frumlag nýju þolmyndarinnar sé ekki *for*.

Hið sama er að segja um túlkun setninga sem Þórhallur Eypórsson (2008a) sýnir.

- (127) a. Það á að gefa börnum brauð.  
b. Það á einhver að gefa börnum brauð.  
(Þórhallur Eypórsson 2008a:194)

Í (127a) er ópersónulega háttarsagnagerðin en gert er ráð fyrir að hún hafi ósýnilegt frumlag, *for*. Það að hægt sé að setja röklið í stað *for*, sbr. (127b), túlka bæði Halldór og Þórhallur sem staðfestingu á því að þarna sé ósýnilegt frumlag því að hægt sé að bera það fram. Þetta er hins

vegar ekki hægt í nýju þolmyndinni.

(128) \*\*Það var einhver barið mig.

(Þórhallur Eypórsson 2008a:194)

Þórhallur túlkar þetta þolmyndartilgátunni í hag en Halldór telur að þetta sýni að frumlagið sé annars konar en frumlag það sem germyndartilgátan spáir fyrir um.

Greiningar Antons Karls Ingasonar, Legate og Yangs (2012) á nýju þolmyndinni svipar til greiningar Halldórs. Þau gera ráð fyrir frumlagi í nýju þolmyndinni og eru, eins og Halldór, ósammála Maling og Sigríði Sigurjónsdóttur (2002) um gerð þess. Anton, Legate og Yang byggja á skiptingu Landaus (2010) á ósýnilegum frumlögum en hann skiptir þeim í sterk (e. *strong implicit arguments*) og veik (e. *weak implicit arguments*). Sterk, ósýnileg frumlög eru *for* og FOR en Anton o.fl. telja frumlagið vera smærra en svo, þ.e. veikt. Hins vegar greina þau ósýnilegt frumlagið í pólskri „nýrri þolmynd“ sem sterkt, sbr. kafla 2.2.2. Eins og Halldór telja Anton o.fl. að frumlagið sé neðar í formgerðinni en *for*, í Ákv, sL. Þrátt fyrir að frumlagið í greiningu Antons o.fl. (2012) sé smærra en *for* getur það, eins og frumlag Halldórs Ármanns (2011), stýrt afturbeygingu í nýju þolmyndinni.<sup>24</sup>

#### 2.4.2 Aðeins um afleiðslu í fösum

Í áfangabundinni afleiðslu (sbr. þýðingu Heimis Freys Viðarssonar 2009 á e. *phase theory*; sjá t.d. Chomsky 2000, 2001, 2008) er gert ráð fyrir að setningafræðileg afleiðsla eigi sér stað í áföngum, svokölluðum fösum. Í einfölduðu máli er ein útfærsla áfangabundinnar afleiðslu á þá leið að þegar hluti afleiðslunnar, svokallaður fasi, er fullbúinn er hann sendur í útskrift (e. *spell-out*) en ekki þegar öll afleiðslan er fullbúin. Þá er enn fremur oft gert ráð fyrir að fasar geti verið veikir og sterkir: Til þess að hluti afleiðslunnar sé fullbúinn þarf höfuð hans að vera sterkt fasahöfuð en sé fasinn veikur er ekki hægt að senda afleiðsluna til útskriftar.

Í áfangabundinni afleiðslu er gert ráð fyrir að sterkir fasar séu „órjúfanlegir“ að því leyti að einungis það sem er á jaðri (e. *edge*) fasans og höfuð hans komist úr fasanum eftir að hann er fullmyndaður en þessu er lýst með órjúfanleikaskilyrði fasa (e. *Phase-Impenetrability Condition*; sjá t.d. Chomsky 2000:108, 2001:13).

(129) Svið höfuðsins H er ekki aðgengilegt fyrir aðgerðir utan HL; aðeins H og jaðar þess eru aðgengileg.

<sup>24</sup>Rétt er að taka fram að ef setningar á borð við (78) *Var þeim ekki einu sinni sýnt íbúðina fyrst?* væru gild rök gegn germyndartilgátunni væru það jafnframt rök gegn tilgátu Halldórs Ármanns Sigurðssonar (2011) og Antons Karls Ingasonar, Legate og Yangs (2012). Ástæðan er sú sama: Setningar sem þessar brytu lögmál á borð við stystu færslu og afstæð lágmarksvensl.

Hlutverkshausinn T (höfuð tengiliðar) er ávallt talinn vera höfuð sterks fasa, hvort sem er í germynd eða þolmynd. Hlutverkshausinn s er á hinn bóginn oft talinn vera höfuð sterks fasa í germynd (þá oft táknaður með stjörnu, s\*) en veiks í þolmynd og óakkúsatífum setningagerðum.<sup>25</sup> Halldór Ármann Sigurðsson (2011) telur s vera höfuð sterks fasa í nýju þolmyndinni en það passar við það að aðalsögnin í setningagerðinni tekur með sér andlag. Ef sL væri ekki sterkur fasi gætum við hugsanlega búist við nafnliðarfærslu líkt og í hefðbundinni þolmynd.

Skoðum nú aðeins afleiðslu eins og má hugsa sér hana fyrir einfalda germyndarsetningu á borð við (130) (útfærslan hér að neðan byggir á framsetningu Gallegos 2010:36–37).

(130) Jón barði konuna sína.

Í þessari setningu eru tveir rökliðir, frumlagið *Jón* og andlagið *konuna sína*. Hvor rökliður um sig inniheldur  $\varphi$ -þætti (3p.et.kk. og 3p.et.kvk.; til einföldunar verður hér þó einungis notast við persónu og tölu). Þessa þætti þarf að gáta en það gera þau höfuð sem innihalda ótúlkanlega  $\varphi$ -þætti, Tíð og s\*.

(131)  $[_{TL} T [_{TíðL} Tíð_{[\varphi]} [_{s^*L} Jón_{[3.et.]} s^*_{[\varphi]} [_{SL} barði konuna sína_{[3.et.]}]]]]$

Tíð og s\* eru svokallaðir þreifarar (e. *probes*) en þeir þreifa fyrir sér eftir rökliðum. Rökliðirnir eru aftur á móti mörk (e. *goals*). Þannig þreifar þá Tíð á frumlaginu *Jón* og s\* á andlaginu *konuna sína*.

(132)  $[_{TL} T [_{TíðL} Tíð_{[\varphi]} [_{s^*L} Jón_{[3.et.]} s^*_{[\varphi]} [_{SL} barði konuna sína_{[3.et.]}]]]]$

Í útfærslu Halldórs Ármanns Sigurðssonar (2011) er þetta eins og í germynd: Þar þreifar Tíð á ósýnilegu frumlaginu og s\* á andlaginu. Í (134) er þetta sýnt fyrir setninguna í (133).

(133) Það var barið konuna sína.

(134)  $[_{TL} T [_{TíðL} Tíð_{[\varphi]} [_{s^*L} \varphi s^*_{[\varphi]} [_{SL} barið konuna sína_{[3.et.]}]]]]$

Eftir að Tíð í (131) þreifar á  $\text{Ákv}, s^*L$  (*Jón*) kemst á samræmissamband (e. *Agree*) milli þessara tveggja þegar þreifari og mark hafa parast saman (skref 1 í (135)) og mark úthlutar þreifara gildi (skref 2).

<sup>25</sup>Þetta er þó umdeilt, sjá t.d. Legate (2003) og Marantz (2007) sem telja þolmynd og óakkúsatífar setningagerðir einnig vera sterka fasa.

- (135) a. Skref 1 (pörun, e. *Match*): þreifari [φ] ↔ [3.et.] mark  
 b. Skref 2 (gilding, e. *Valuation*): þreifari [φ] ← [3.et.] mark  
 (sbr. Gallego 2010:37)

Ótúlkanlegir þættir tíðarhaussins verða þá 3.p.et. rétt eins túlkanlegir þættir frumlagins. Þegar Tíð þreifar hins vegar á φ-búntinu í (134) eru ótúlkanlegu þættirnir hinir sömu, þ.e. 3.p.et., en það er vegna þess að tíðarhausinn fær sjálfgefna (e. *default*) þætti þegar hann kemst í samband við φ-frumlagið (sbr. Halldór Ármann Sigurðsson 2011:27).

### 2.4.3 Ný rök fyrir sterkum fasa í nýju þolmyndinni: Orðatiltæki

Eins og alþekkt er er mikill fjöldi orðatiltækja (e. *idioms*) í íslensku. Nokkuð vandasamt er að skilgreina þau nákvæmlega og verður ekki gerð tilraun til þess hér. Í þessum kafla skoða ég þolmyndun nokkurra orðatiltækja en af þeim sökum skoða ég orðatiltæki þar sem sagnliðurinn er fasti eða ein heild, sbr. (136b), en frumlaginu má breyta svo gott sem að vild, sbr. (136a).

- (136) a. **Guðmundur/Hann/Smíðurinn** hefur mörg járn í eldinum.  
 b. Hann hefur **mörg járn/??þau öll/\*mikinn við** í eldinum.

Þegar einhver rökliður er breytanlegur í orðatiltæki, þetta er stundum kallað „opið pláss“, er algengast að það sé frumlag en sjaldgæfara er að það sé beint andlag (sjá t.d. Marantz 1984 og Svenonius 2005 fyrir ensku). Anton Karl Ingason, Einar Freyr Sigurðsson og Wallenberg (2012) könnuðu hlutfall orðatiltækja með opnu plássi fyrir andlag og komust að því að einungis um 10% orðatiltækja (56 af 561) í bók Sölva Sveinssonar (1995), *Íslenskum orðtökum*, hafði opið andlagspláss.

Rétt eins og (136) eru mörg orðatiltæki einkum eða eingöngu notuð í germynd og oft gengur ekki að þolmynda þau (sjá t.d. Nunberg, Sag og Wasow 1994:507). Sem dæmi má nefna orðatiltækið *kick the bucket* ‘deyja’ í ensku. Út frá orðhlutum þess er ekki auðsætt hvað það þýðir en bókstaflega þýðir það ‘að sparka í fötuna’. Eins og sýnt er í (137) er merkingin tvíræð þegar orðhlutarnir eru notaðir í germynd en í þolmynd fá þeir eingöngu bókstaflegu merkinguna.

- (137) a. He kicked the bucket.  
 hann sparkaði fötuna  
 ‘Hann dó.’ (orðatiltækismerking)  
 ‘Hann sparkaði í fötuna.’ (bókstafleg merking)

- b. The bucket was kicked (by him).  
 fatan var spörkuð (af honum)  
 \*‘Hann dó.’  
 ‘Hann sparkaði í fötuna.’

Þetta gildir einnig um ýmis orðatiltæki í íslensku: Þegar þeim er snúið úr germynd yfir í þolmynd tapast hin sérstaka merking þeirra og þau er þá aðeins hægt að túlka á bókstaflegan hátt. Þetta á t.a.m. við um orðatiltækið *að mála bæinn rauðan* sem merkir ‘að sletta úr klaufunum’ (svo annað orðatiltæki sé notað). Það getur þó einnig haft bókstaflega merkingu: Ef við ímyndum okkur að borgaryfirvöld samþykki reglugerð um að öll hús bæjarins skuli máluð rauð getum við sagt þegar því hefur verið framfylgt að bærinn hafi verið málaður rauðum lit.

Sjálfgefin merking orðatiltækisins er þó ‘að sletta úr klaufunum’ og germyndarsetningin í (138a) hefur einmitt þá merkingu. Hins vegar hefur þolmyndarútgáfa hennar, (138b), bókstaflega merkingu svipaða þeirri sem lýst var hér að ofan.

- (138) a. Við máluðum bæinn rauðan.  
 ‘Við máluðum bæinn rauðum lit.’  
 ‘Við slettum úr klaufunum.’  
 b. Bærinn var málaður rauður.  
 ‘Bærinn var málaður rauðum lit.’  
 \*‘Það var slett úr klaufunum.’

Það sem er svo athyglisverðast er að sjálfgefin merking nýþolmyndarútgáfu orðatiltækisins er sú sama og germyndar, sbr. (139).

- (139) Það var málað bæinn rauðan.  
 ‘Bærinn var málaður rauðum lit.’  
 ‘Það var slett úr klaufunum.’

Nefna mætti fleiri orðatiltæki, svo sem *hafa mörg járn í eldinum* og *leggja upp laupana*, þar sem hið sama gildir, þ.e. að varla eða alls ekki sé hægt að þolmynda orðatiltæki germyndar þannig að merking þess haldist þótt hún haldist með því að nota nýju þolmyndina.<sup>26</sup>

Það getur verið erfitt að ákvarða hvað eigi að teljast til orðtaka en með þeim flokka ég einnig „orðtakakennd sagnasambönd“, eins og Helgi Skúli Kjartansson (1991:21) kallar þau, á borð við *drepa tittlinga* sem merkir ‘að depla augunum í sífellu’. Helgi bendir á að erfitt sé að

<sup>26</sup>Ég þakka Hlíf Árnadóttur fyrir umræðu um orðatiltæki sem snúið er yfir í nýju þolmyndina og þolmynd en hún hafði einnig veitt því athygli að merkingin helst í nýju þolmyndinni.

búa til þolmynd af þessu sambandi og segist telja „að heimilt sé að nota þolmynd barnamálsins“, þ.e. nýju þolmyndina, sbr. dæmið í (140), en með því á hann við að í máli þeirra sem hafa ekki nýju þolmyndina sé þessi notkun hreint ekki svo slæm.<sup>27</sup>

- (140) Allt kvöldið var hvíslast á, skipst á augnagotum og drepið tittlinga.  
(Helgi Skúli Kjartansson 1991:21)

Þessu er ég sammála; það hljómar skringilega að nota hefðbundna þolmynd með þessu orðtakasambandi (Helgi Skúli 1991:21 merkir hana með einu spurningarmerki) nema þá í bókstaflegri merkingu.

- (141) ??Allt kvöldið voru drepnir tittlingar.

Til viðbótar þessu mætti nefna fleiri orðtakakennd sambönd, svo sem *rífa kjaft*. Það má auðveldlega nota það í nýju þolmyndinni (a.m.k. í máli þeirra sem hafa hana), sbr. (142c), en öllu erfiðara er að nota hana í þolmynd, sbr. (142b), jafnvel í bókstaflegri merkingu. Ef við ímyndum okkur þó að barn rífi mynd af manni í litabókinni sinni, nánar tiltekið kjaftinn á honum, er hægt að segja setninguna í (142b).

- (142) a. Gunnar reif kjaft. (germynd)  
b. ??Það var rifinn kjaftur. (þolmynd)  
c. %Það var rífið kjaft. (nýja þolmyndin)

Hér höfum við séð að merking orðatiltækja getur tapast í þolmynd. Ástæðan fyrir því gæti verið sú að s er höfuð veiks fasa í þolmynd en sterks í germynd. Samband sagnarhaussins og andlagsins er nátengt í sterkum fasa og þegar hann er fullbúinn er hann sendur til útskriftar en það hefur þær afleiðingar að merkingin helst. Reynist þetta rétt eru þetta rök fyrir því að sL í nýju þolmyndinni sé sterkur fasi rétt eins og í germynd en ólíkt þolmynd.

## 2.5 Samantekt

Hér hafa margvísleg rök með og á móti mismunandi tilgátum um nýju þolmyndina verið reifuð, vegin og metin. Í 5. kafla er sett fram tilgáta um setningagerðina sem byggir m.a. á niðurstöðum þessa kafla. Við getum hins vegar ekki sett fram tilgátuna strax, við eigum enn eftir að vega það og meta hvort *af*-liðir séu tækir eða ótækir í nýju þolmyndinni. Það er viðfangsefni næsta kafla.

<sup>27</sup>Helgi Skúli (1991:21) nefnir í þessu sambandi einnig orðtakakenndu samböndin *draga ýsur*, *flá kött* og *steypa stömpum*.



### 3 Af-liðir

Af-liðir eru eitt meginneikenni þolmyndar og því hefur umræðan um eðli nýju þolmyndarinnar m.a. snúist um þá spurningu hvort þeir séu tækir í setningagerðinni.

#### 3.1 Inngangur

Að mati Höskuldar Þráinssonar (2007:273) eru af-liðir ótækir þegar nafnliður færir ekki í ákvarðarasæti tíðarliðar heldur er í sæti (e. *in situ*). Þannig eru a-setningarnar í (143)–(144) tækar að hans sögn en ekki b-setningarnar.

- (143) a. Einhver nemandi var gripinn (af kennaranum).  
b. Það var einhver nemandi gripinn (?\*af kennaranum).
- (144) a. Einhverjum nemanda var hjálpað (af kennaranum).  
b. Það var hjálpað einhverjum nemanda (?\*af kennaranum).

Þórhallur Eypórsson (2008a) er sama sinnis, sbr. (145). Hann segir af-liði ganga illa með það-þolmynd (leppþolmynd).

- (145) Það var sagt upp mörgu fólki (?\*af forstjóranum).  
(Þórhallur Eypórsson 2008a:198)

Í kafla 3.3 hér á eftir segir frá tveimur dómaprófskönnunum á af-liðum. Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling (2001a) túlka niðurstöður könnunar sinnar þannig að af-liðir séu ótækir í nýju þolmyndinni. Þær spá því að nýja þolmyndin sé að breytast í átt til germyndar en það getur þýtt að ekki komi mjög á óvart þótt nú um stundir séu ýmsir málhafar sem samþykki af-liði; þegar breytingin hafi gengið yfir verði af-liðir sem vísa til geranda ótækir.

Þórhallur Eypórsson (2008a) bendir aftur á móti á að erfitt geti verið að túlka niðurstöður á af-liðum í setningagerðinni því að alveg eins og þeir séu slæmir í það-þolmynd ættu þeir að vera það líka í nýju þolmyndinni. Vegna þessa þróaði ég annars konar aðferð við að prófa hvort af-liðir séu tækir. Ég lít á athugun mína fyrst og fremst sem forrannsókn og vona að aðferðin verði þróuð frekar með stærra úrtaki. Í næsta undirkafla lýsi ég athuguninni nokkuð nákvæmlega til þess að líklegra sé að vel takist til við að þróa hana áfram.

## 3.2 Tvíræðir *af*-liðir

### 3.2.1 Tvíræðir *af*-liðir í þolmynd og nýju þolmyndinni

Forsetningarliðir með forsetningunni *af* sem höfuðorði eru gjarnan tvíræðir í þolmyndarsetningum. Skoðum setningaparið í (146).

- (146) a. María tók töskuna (af Jóni).  
b. Taskan var tekin (af Maríu).

Í (146a) er María gerandi, það er hún sem tekur töskuna. Í (146b) er mögulegt að María hafi tekið töskuna — þá er hún gerandi líkt og í (146a) — en sá möguleiki er einnig fyrir hendi að hún sé þolandi verknaðarins, þ.e. að einhver hafi tekið töskuna af henni, enda er forsetningarliðurinn *af Jóni* í (146a) valfrjáls.

En hvernig er þetta í nýju þolmyndinni? Er forsetningarliðurinn *af Maríu* í (147) tvíræður, þ.e. er hægt að túlka setninguna á þann veg að María hafi tekið töskuna?

- (147) Það var tekið töskuna af Maríu.

Séu *af*-liðir ótækir í nýju þolmyndinni verður María að vera þolandi.

Ég ákvað að athuga þetta betur og byrjaði á því að tala við tvo málhafa sem ég veit að hafa nýju þolmyndina í máli sínu. Ég spurði þá um eftirfarandi tvær setningar (rétt er að það komi fram að ég spurði ekki hvorn í sínu lagi heldur báða í einu):

- (148) a. Af hverjum var þessi mynd tekin?  
b. Af hverjum var tekið þessa mynd?

Setningin í (148a) er þríræð:

- (149) a. ‘Hver tók þessa mynd?’  
b. ‘Hver er á myndinni?’  
c. ‘Einhver hrifsaði myndina af einhverjum öðrum. Hver lenti í því?’

Báðir töldu málhafarnir setningarnar tækar. Þegar ég spurði þá um merkingu setningarinnar í (148a) nefndu þeir möguleika (149a) og (149b). Þegar ég spurði þá hins vegar um (148b) nefndu þeir aðeins merkingu (149b), þeir töldu ekki mögulegt að þar væri hægt að nefna geranda í *af*-lið.

Ég taldi óæskilegt að setningarnar sem ég spyrði um væru þríræðar m.t.t. *af*-liðarins. Að auki — og þetta er mikilvægara — er frumlagið í (148a) greinilega ekki á sama stað og andlagið

í (148b); frumlagið í (148a) hefur m.ö.o. færst í frumlagssæti. Út frá þessum upplýsingum vitum við ekki hvort málfhafarnir tveir töldu fyrri setninguna tvíræða en þá síðari ekki vegna þess að nafnliðurinn í (148a) var í frumlagssæti eða vegna þess að (148a) er þolmynd en (148b) ný þolmynd.

Ég ákvað því að prófa mig dálítið áfram með þetta. Í stað þess að biðja málfafa um að segja mér hvað tilteknar setningar þýddu ákvað ég að reyna að fá túlkun þeirra fram með öðru móti.<sup>28</sup> Athuginin fólst í því að í netspjalli fékk ég málfafa, fólk sem ég þekki, til að lesa örstutta sögu sem innihélt þolmyndarsetningu með tvíræðum *af*-forsetningarlið. Í upphafi vildi ég athuga hvernig gengi í þolmynd að kalla fram þá túlkun að forsetningarliðurinn vísaði til geranda. Þetta prófaði ég með sögninni *stela*, sjá (150).<sup>29</sup> Svo bað ég málfafana um að endursegja mér söguna en hún var á þessa leið.

(150) Ímyndum okkur konu að nafni María Jónsdóttir. Hún er þrjátíu ára og vinnur á skrifstofu. Í gær var hún á útsölu. **Þar var stolið tösku af henni.** Getur þú sagt mér það sem þú veist um Maríu?

Setningin *Þar var stolið tösku af henni* ætti að vera tvíræð, sbr. (151):

- (151) a. Þar stal hún tösku (af einhverjum).  
b. Þar stal einhver tösku (af henni).

Eins og sést í germyndarsetningunum í (151) er hægt að *stela e-u af e-m* þótt sumir kjósi líklega frekar að tala um að *stela e-u frá e-m*. Vegna þess að hægt er að sleppa forsetningarliðnum *af e-m* með sögninni *stela* er þolmyndin tvíræð, þ.e. sú túlkun á forsetningarliðnum að hann vísi

<sup>28</sup>Hugmyndin að þessu er að hluta fengin úr könnun Labovs (1975) (sjá einnig Weiner og Labov 1983:31). Í ensku er oft erfitt að greina merkingarmun milli þolmyndar með hjálparsögninni *be* 'vera' og *get* 'fá(st)'. Í fyrrgreindri könnun voru viðbrögð málfafa við slíkum setningum með tilgangsnafnháttarsetningum athuguð.

- (i) a. He was arrested to test the law.  
hann var handtekinn til að prófa lögin  
b. He got arrested to test the law.  
hann fékkst handtekinn til að prófa lögin

Íslenska setningin *Hann var handtekinn til að (láta) reyna á lögin* er frekar skrítn vegna þess að tilgangssetningin *til að (láta) reyna á lögin* gefur í skyn að þolandinn hafi látið handtaka sig. Slík túlkun er hins vegar nokkuð langsótt í þolmynd í íslensku með hjálparsögninni *vera* og það er hún einnig í ensku, sbr. (ia), eins og viðbrögð málfafa í áðurnefndri könnun leiddu í ljós. Hins vegar þótti (ib) mun eðlilegri sem bendir til að *get*-þolmynd í ensku sé „germyndarlegri“ en hefðbundin þolmynd.

<sup>29</sup>Athugin á túlkun tvíræðra forsetningarliða í þolmyndarsetningum fór í flestum tilvikum fram í netspjalli. Mögulegt er að mismunandi áhersla sé á *af*-liðum sem vísa til geranda og öðrum forsetningarliðum með höfuðorðinu *af*. Ef svo er hafði ég í fæstum tilfellum áhrif á túlkunina vegna þess að flestir málfafar lásu sjálfir þolmyndarsetningarnar.

til geranda er möguleg sem og að hann vísi til þess sem varð fyrir stuldinum.

Í setningunni *Þar var stolið tösku af henni* í (150) er óákveðinn þágufallsrökliðurinn í sæti sínu og færast ekki í frumlagssæti. Ég taldi mikilvægt að svo væri til þess að þetta kallaðist á við nýju þolmyndina þar sem sýnilegir rökliðir eru andlög sagnarinnar og geta þannig ekki færst í frumlagssæti. Fljótlega kom í ljós að viðmælendur mínir túlkuðu örsöguna í (150) aldrei þannig að María væri þjófur og það þrátt fyrir að mörgum þyki e.t.v. betra að tala um *að stela frá e-m* en *stela af e-m*.<sup>30</sup>

Ég vildi prófa aðferðina með fleiri sögnum og þá með sögnum sem taka þolfallsandlag í germynd og nýju þolmyndinni en nefnifallsfrumlag í þolmynd. Dæmi um slíka sögn er *kaupa*.

- (152) a. Ég keypti bókina af Jóni.  
b. Bókin var keypt af Jóni.

Vegna þess að hægt er að *kaupa e-ð af e-m* og þar sem forsetningarliðurinn er ekki skyldubundinn er þolmyndarsetningin í (152b) tvíræð. Það nýtti ég mér í eftirfarandi sögu sem var sett upp í fréttastíl. Annar viðmælenda minna fékk feitlettruðu þolmyndarsetninguna (*keyptur tæplega sex tuga gamall gítar*) en hinn fékk nýþolmyndarútgáfuna (*keypt tæplega sex tuga gamlan gítar*) — það skal áréttað að textinn sem málfhafarnir fengu var hvorki með feitlettri né skáletri:

- (153) Á uppboði í gær í Berlín var **keyptur tæplega sex tuga gamall gítar / keypt tæplega sex tuga gamlan gítar** á 12 milljónir króna *af viðskiptajöfrinum Harold Bernard*. Bítillinn John Lennon mun hafa leikið á þennan gítar daginn sem hann kynntist Paul McCartney. Harold Bernard þessi er þekktur fyrir að vera klókur í viðskiptum en frægastur er hann fyrir að hafa komið upp um Manhattan-svikamylluna árið 1999.

Hér hefur samhengið verið hannað þannig að eðlilegast er að túlka forsetningarliðinn *af viðskiptajöfrinum Harold Bernard* sem svo að hann hafi keypt gítarinn. Orðið *viðskiptajöfur* bendir til að hann búi yfir auðæfum og nokkuð ólíklegt verður að teljast að ríkur maður færi að selja grip af þessu tagi. Hér er þannig reynt að stýra túlkun málfafa þannig að *af*-liður vísi til geranda.

Viðmælandinn sem fékk þolmyndarútgáfuna taldi að Harold Bernard hefði keypt gítarinn og sá sem fékk nýþolmyndarútgáfuna taldi slíkt hið sama en hins vegar spurði hann hvort rétt væri að segja *keypt gamlan gítar*. Það bendir til þess að hann hafi ekki nýju þolmyndina í sínu máli.

<sup>30</sup>Málhafi sem hefur nýju þolmyndina getur túlkað setninguna *Þar var stolið tösku af henni* þannig að hún hafi ósýnilegt frumlag, þ.e. ef germyndartilgátan er rétt. Ástæðan fyrir því að viðmælendur mínir túlkuðu setninguna þannig að María væri þolandi gæti því verið sú að þeir hafi túlkað setninguna sem nýja þolmynd.

Ég lagði aðra útgáfu af sögunni í (153) fyrir málhafa sem ég veit að hefur nýju þolmyndina, sjá (154):

- (154) Á uppboði í gær í Berlín var **keypt gamla tölvu af viðskiptajöfri**, sá heitir Jon Gustavson. Hann er af íslensku bergi brotinn en langafi hans fluttist til Kanada á 19. öld og kynntist þar kanadískri konu sem hann eignaðist fimm börn með.

Athyglisvert er að þessi málhafi túlkaði forsetningarliðinn ekki þannig að hann vísaði til geranda heldur að einhver hefði keypt tölvuna af viðskiptajöfrinum.

Anton Karl Ingason stakk upp á því að gera athugun mína enn „Labov-legri“ með því að spyrja spurningarinnar í (155):

- (155) Hvað fyndist þér um það ef það væri **keyptur kvóti / keypt kvóta af landsbyggðarfyrirtækjum?**

Mjög margir Íslendingar hafa skoðun á málefnum og ætti ekki að vera skortur á viðbrögðum við spurningunni sem ættu að láta túlkun málhafa á forsetningarliðnum í ljós. Kosturinn við þessa aðferð þegar hún virkar vel er að hún veitir á mjög einfaldan hátt mikilvægar upplýsingar um túlkun *af*-forsetningarliða í þolmynd og nýrri þolmynd.

Ég spurði einn málhafa spurningarinnar í (155) og notaði nýþolmyndarútgáfu hennar. Honum þótti skrítið að segja *keypt kvóta* og taldi eðlilegra að segja *keyptur kvóti*. Svo svaraði hann spurningunni og sagði að sér þætti í góðu lagi að dreifa kvótanum um landið. Þrátt fyrir að svar hans benti sterklega til þess að hann skildi forsetningarliðinn þannig að hann vísaði til geranda taldi ég nauðsynlegt að spyrja hver það væri sem keypti kvótann. Svar hans var að það væru fyrirtækin á landsbyggðinni.

Þessar athuganir sem hér hefur verið greint frá sýna að aðferðin við að kalla fram mismunandi túlkun á forsetningarliðum með höfuðorðinu *af* virkar í þolmyndarsetningum. Aftur á móti er ekki ljóst hvort málhafar sem hafa nýju þolmyndina geti túlkað tvíráða *af*-liði í nýþolmyndarsetningum þannig að þeir vísi til geranda. Þeir sem túlkuðu þá þannig í slíkum setningum voru málhafar sem virðast ekki hafa nýju þolmyndina.

Þegar hér var komið sögu í athugunum mínum á tvíráðum *af*-liðum taldi ég ekkert því til fyrirstöðu að reyna mig áfram með aðferðina. Ég útbjó stutta könnun til að athuga þetta betur en hér á eftir segir frá henni.

### 3.2.2 Könnun á tvíræðum af-liðum

Til þess að reyna að fá úr því skorið hvort það væri munur á túlkun tvíræðra af-liða í þolmynd og nýju þolmyndinni útbjó ég stutta könnun sem ég lagði fyrir nemendur á B.A.-stigi í íslensku.<sup>31</sup> Megintilgangur könnunarinnar var að fá nemendur til að lesa tvær skáldaðar fréttir en í annarri var þolmyndarsetning með tvíræðum af-lið en í þeirri síðari var tvíræður af-liður í nýþolmyndarsetningu. Þátttakendur voru svo fengnir til að segja það sem þeir mundu úr fréttunum.

Könnunin var þannig uppbyggð að ég byrjaði á því að sýna þátttakendum eftirfarandi texta sem ég varpaði á tjald (feitletrun mín).

(156) Frétt A

Undanfarið hafa verið fregnir af því að talsverð hreyfing hafi verið á fiskveiðikvóta. Nýlega var **keyptur umtalsverður kvóti af útgerðarmanninum Aðalsteini Guðmundssyni**. Aðalsteinn hefur gert út frá Patreksfirði síðustu ár en hann á fiskiskipið Aðalmond.

Þátttakendur gátu þannig ekki lesið fréttina á könnunarblaðinu en það taldi ég mikilvægt vegna þess að síðari fréttin var svo lík hinni fyrri að möguleiki var á að þátttakendur færu að bera fréttirnar saman og kæmu þannig auðveldar en ella auga á nýju þolmyndina í síðari fréttinni.

Þegar ég hafði fjarlægt textann af myndvarpanum bað ég fólk um að skrifa niður það sem það mundi með hjálp „lykilorða“. Fyrirmælin voru svona:

(157) Skrifðu hér fyrir neðan allt sem þú veist um manninn í frétt A. Byrjaðu allar setningar á *Maðurinn* eða *Hann* (t.d. *Maðurinn heitir ...*). Til hliðar við hverja línu er lykilorð (t.d. *nafn*) sem getur hjálpað þér að rifja það upp sem stóð í fréttinni. Ef þú manst eitthvað fleira getur þú skrifað það í neðstu línuna (*Annað*).

1. Maðurinn heitir (nafn)
2. \_\_\_\_\_ (atvinna)
3. \_\_\_\_\_ (kvóti)
4. \_\_\_\_\_ (staður)
5. \_\_\_\_\_ (skip)
6. Annað: \_\_\_\_\_

Að þessu loknu áttu þátttakendur að meta hvort tvær tiltekna setningar hefðu sömu merkingu.<sup>32</sup>

<sup>31</sup>Ég þakka Sigríði Sigurjónsdóttur fyrir að heimila mér að leggja könnunina fyrir í námskeiðinu ÍSL 110G Inngangi að málfræði.

<sup>32</sup>Setningarnar sem spurt var um voru þessar:

Ef svarið væri nei áttu þátttakendur að tilgreina merkingarmuninn. Þessi liður í könnuninni var fyrst og fremst hafður með til þess að lengri tími liði milli fréttanna tveggja. Þegar búið var að svara spurningunni um mögulegan merkingarmun var síðari fréttinni varpað upp á tjald. Hún var mjög lík þeirri fyrri en nú var ein setningin í nýju þolmyndinni og með tvíræðum *af*-forsetningarlið. Fréttin er sýnd í (158) (feitletrun mín):

(158) Frétt B

Og enn berast fréttir af kvótanum en í gær **var keypt mikinn kvóta af útgerðarmanninum Magnúsi Traustasyni**. Hann hefur gert út frá Bolungarvík undanfarin 15 ár en hann á togarann Trausta Pálsson.

Þegar fréttin hafði verið fjarlægð voru þátttakendur beðnir að skrifa allt sem þeir mundu um útgerðarmanninn í fréttinni en fyrirmælin voru þau sömu og í (157).

Að endingu átti að meta átta setningar með möguleikumum *já* 'Eðlileg setning. Svona get ég vel sagt' og *nei* 'Ótæk setning. Svona get ég ekki sagt'. Þar á meðal voru tvær setningar með nýju þolmyndinni en það taldi ég mikilvægt til að athuga hvort málfhafarnir í könnuninni samþykktu hana því að það var jú verið að kanna skilning á henni.<sup>33</sup> Setningarnar tvær voru almennt ekki samþykktar. Þegar könnun sem þessi er lögð fyrir, þar sem aðaltakmarkið er að athuga eitt tiltekið málfræðilegt atriði, er mikilvægt að hún taki ekki langan tíma. Hægt er að undirbúa slíka könnun með tiltölulega stuttum fyrirvara og ef eitthvað misferst er hægt að sníða af vankanta og leggja svipaða könnun fyrir annan hóp fólks.<sup>34</sup> Með þetta í huga ákvað ég að biðja um tiltölulega litlar persónuupplýsingar: fæðingarár, kyn, hvar viðkomandi hefði alist upp (til 16 ára aldurs eða svo) og móðurmál (ef það væri annað en íslenska). Við úrvinnslu gagnanna tók ég frá úrlausnir þeirra tveggja sem höfðu annað tungumál en íslensku að móðurmáli; annar þeirra hafði íslensku og ensku að móðurmáli, hinn ensku. Þegar það hafði verið gert stóðu eftir úrlausnir 27 málhafa. Skipting þeirra eftir fæðingarári sést í töflu 11.

Nú skulum við líta á niðurstöðurnar úr þeim hluta sem allt snerist um, hvernig málfhafar

- 
- (i) a. Krakkarnir máluðu bæinn rauðan.  
b. Bærinn var málaður rauður.

<sup>33</sup>Nýþolmyndarsetningarnar sem ég lagði fyrir þátttakendur voru eftirfarandi (fyrst er skáletruð samhengis-setning):

- (i) *Stjórn fyrirtækisins stóð sig illa.*  
Þess vegna var skammað formanninn á fundinum.
- (ii) *Helga fékk ekki að fara í veiðiferðina.*  
Það var skilið hana eftir heima.

<sup>34</sup>Þess má geta að það tók fólk tiltölulega stuttan tíma að ljúka við könnunina, líklega rétt innan við 20 mínútur.

1948–1959	1977–1981	1988–1992
6 (22%)	3 (11%)	18 (67%)

Tafla 11: Könnun í Háskóla Íslands — fæðingarár.

túlkuðu tvíræðan *af*-lið í þolmynd annars vegar og nýju þolmyndinni hins vegar, sjá töflu 12.

keypt/ur af útgerðarmanninum =	Hann keypti kvóta	Hann seldi kvóta
<b>Þolmynd</b>	8 (57%)	6 (43%)
<b>Ný þolmynd</b>	8 (44%)	10 (56%)

Tafla 12: Könnun í Háskóla Íslands.

Með svo fáum svörum verða svona kannanir aldrei meira en vísbendingar. Þótt það sé munur á því hvernig þátttakendur skildu setningarnar *Nýlega var keyptur umtalsverður kvóti af útgerðarmanninum Aðalsteini Guðmundssyni og [Í] gær var keypt mikinn kvóta af útgerðarmanninum Magnúsi Traustasyni* er hann ekki marktækur<sup>35</sup> auk þess sem úrtakið getur ekki talist dæmigert fyrir þýðið, málsamfélagið.

Þegar nýja þolmyndin er könnuð meðal málhafa verður að hafa ýmislegt í huga, t.d. aldur þeirra og búsetu (hvar þeir ólust upp, hvar þeir búa núna o.s.frv.). Nýja þolmyndin er miklu frekar samþykkt af yngri málhöfum og að auki frekar af þeim sem búa í ytri Reykjavík og á landsbyggðinni (sbr. niðurstöður Sigríðar Sigurjónsdóttur og Maling 2001a). Til að kanna túlkun á nýju þolmyndinni er best að skoða slíkt meðal fólks sem hefur hana í máli sínu, það er ekki víst að það hafi mikið upp á sig að fá fólk til að túlka setningagerð sem það hefur ekki í máli sínu (nema ætlunin sé ekki að kanna eiginleika þeirrar setningagerðar heldur sjálfa túlkunina).

Ég útbjóst nýja útgáfu af könnuninni og lagði hana fyrir tvo hópa í 8. bekk.<sup>36</sup> Auk þess sem beðið var um persónuupplýsingar var einungis ein saga á hverju könnunarblaði (ég sýndi hana ekki á skjávarpa) og aftan á því voru sams konar fyrirsmáli og í Háskóla Íslands, sbr. (157). Helmingur þátttakenda fékk útgáfu byggða á sögunni í (156) með hefðbundinni þolmynd en hinn helmingurinn fékk sömu sögu en með nýju þolmyndinni. Hvor saga fyrir sig er sýnd í (159)–(160) en þar hef ég feitletrað muninn á sögunum.<sup>37</sup>

<sup>35</sup>p-gildi = 0,72. Hér er Fisher-próf (e. *Fisher's exact test*) notað en því er einkum beitt þegar úrtak er lítið.

<sup>36</sup>Ég kann Guðlaugu Magnúsdóttur, kennara í Réttarholtsskóla, þakkir fyrir að taka vel í beiðni mína um að leggja könnunina fyrir þar.

<sup>37</sup>Langflestir fullorðnir þekkja orðið *kvóti* og merkingu þess. Það er hins vegar ekki jafntamt mörgum börnum og unglíngum. Til að hafa könnunina í Réttarholtsskóla sambærilega þeirri sem ég lagði fyrir í Háskóla Íslands skipti ég ekki út orðinu *kvóti*. Nemendur í fyrri hópnum í Réttarholtsskóla spurðu talsvert um merkingu orðsins. Ég gerði mitt besta til að útskýra hana en nokkuð var um að þátttakendur skrifuðu ekki í línuna þar sem lykilorðið var *kvóti* eða þá að svörin væru ófullnægjandi. Ég gætti þess svo að útskýra merkingu orðsins fyrir nemendum í seinni hópnum áður en þeir fylltu út könnunarblaðið.



- (159) Polmyndarútgáfa lögð fyrir í Réttarholtsskóla  
Síðustu daga hafa verið fregnir af því að nokkur hreyfing hafi verið á fiskveiðikvóta. Nýlega **var keyptur mikill kvóti af útgerðarmanninum Aðalsteini Guðmundssyni**. Aðalsteinn býr á Patreksfirði en hann á fiskiskipið Aðalmund.
- (160) Nýþolmyndarútgáfa lögð fyrir í Réttarholtsskóla  
Síðustu daga hafa verið fregnir af því að nokkur hreyfing hafi verið á fiskveiðikvóta. Nýlega **var keypt mikinn kvóta af útgerðarmanninum Aðalsteini Guðmundssyni**. Aðalsteinn býr á Patreksfirði en hann á fiskiskipið Aðalmund.

Í töflu 13 getur að líta dreifingu svara málfaha í Réttarholtsskóla. Þar sést að allir átta þátttakendur sem fengu þolmyndarútgáfuna túlkuðu forsetningarliðinn þannig að útgerðarmaðurinn væri ekki gerandi heldur sá sem hefði selt kvóta. Aftur á móti túlkuðu þrír af tólf þátttakendum *af*-liðinn í nýþolmyndarsetningunni sem svo að hann vísaði til geranda, þ.e. að útgerðarmaðurinn hefði keypt kvóta. Munurinn sem er sýndur í töflu 13 er þó ekki marktækur<sup>38</sup> og að auki er rétt að hafa í huga að við vitum ekki hvort úrtakið í Réttarholtsskóla er dæmigert fyrir unglina á Íslandi.

<b>keypt/ur af útgerðarmanninum =</b>	<b>Hann keypti kvóta</b>	<b>Hann seldi kvóta</b>
<b>Polmynd</b>	0 (0%)	8 (100%)
<b>Ný þolmynd</b>	3 (25%)	9 (75%)

Tafla 13: Könnun í Réttarholtsskóla.

Af niðurstöðum könnunarinnar (í Háskóla Íslands og Réttarholtsskóla) má að minnsta kosti draga tvær gagnstæðar ályktanir um þær vísbendingar sem þær veita. Sú fyrri og augljósari er einfaldlega sú að enginn munur sé á þolmynd og nýju þolmyndinni hvað varðar *af*-liði.

Hin ályktunin sem draga mætti af gögnunum byggist á mismunandi túlkun eftir aldri þátttakenda. Langflestir yngri þátttakenda (f. 1998) telja að *Nýlega var keyptur mikill kvóti / mikinn kvóta af útgerðarmanninum Aðalsteini Guðmundssyni* merki að Aðalsteinn hafi selt kvótann. Aðeins þrír telja að þarna sé raunverulegur *af*-liður.

Túlkun eldri þátttakenda, sbr. töflu 12, er hins vegar „jafnari“. Í þolmyndartextanum taldi rúmur helmingur þeirra sem svöruðu á viðeigandi hátt, þ.e. sögðu annaðhvort að Aðalsteinn hefði keypt eða selt kvótann, að hann hefði keypt hann (átta þátttakendur), tæpur helmingur sagði hann hafa selt hann (sex þátttakendur). Þegar niðurstöður nýþolmyndartextans eru skoðaðar snúast tölurnar við að því leyti að hér er tæpur helmingur sem telur að útgerðarmaðurinn hafi keypt kvótann (átta þátttakendur) en rúmur helmingur að hann hafi selt hann (tíu þátt-

<sup>38</sup>p-gildi = 0,24. Hér er Fisher-prófi beitt vegna þess hve lítið úrtakið er.

takendur). Munurinn á þessu tvennu er hins vegar svo lítill að hann er langt frá því að vera tölfræðilega marktækur.

Vegna þess að könnuninni í Háskóla Íslands var öðruvísi háttað en í Réttarholtsskóla höfum við upplýsingar um það hvernig hver þátttakandi túlkaði hvorn *af*-forsetningarlið fyrir sig. Tveir þátttakendur sögðu að fyrri útgerðarmaðurinn (í þolmyndartextanum) hefði keypt kvótann en að sá síðari (í nýþolmyndartextanum) hefði selt hann. Enginn hins vegar sagði að sá fyrri hefði selt kvótann og sá síðari keypt hann.

Möguleg ályktun er þá sú að hver málhafi hafi aðeins eitt „kerfi“ fyrir leppþolmynd. Skilningur þess sem hefur nýju þolmyndina á nýþolmyndarsetningunni *Það var keypt kvóta af útgerðarmanninum* er þá sá sami og á leppþolmyndarsetningunni *Það var keyptur kvóti af útgerðarmanninum*. Ef nýja þolmyndin er germynd og hefur *for*-frumlag skýrir þetta hvers vegna svo fáir í Réttarholtsskóla túlkuðu *af*-forsetningarliðinn, hvort sem er í þolmynd eða nýju þolmyndinni, þannig að hann vísaði til geranda. Þessi síðari ályktun er þó e.t.v. heldur langsótt og fyrirliggjandi gögn eru ekki nægilega ríkuleg til að hún sé sannfærandi.

### 3.2.3 Næstu skref

Eins og komið hefur fram kannaði ég tvíráða *af*-forsetningarliði í þolmynd og nýju þolmyndinni ekki nægilega ítarlega til þess að hægt sé að draga af þeim sannfærandi ályktanir um eðli nýju þolmyndarinnar. Ég tel þó að þær gefi vísbendingar um að *af*-liðir sem vísa til geranda séu ekki ótækir í nýju þolmyndinni. Það er í samræmi við niðurstöður úr könnun Tilbrigðaverkefnisins á *af*-liðum (Jóhannes Gísli Jónsson 2009; Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.) 2012).

Það væri til mikilla bóta að *af*-liðir væru kannaðir frekar en þá væri hægt að útfæra þær aðferðir betur sem ég hef kynnt hér. „Söguaðferðin“, sbr. kafla 3.2.1, virkar vel en það getur verið svolítið seinlegt að fá fólk til að lesa sögu og endursegja hana að því loknu. Betra væri að útbúa stutta spurningu á borð við (155) sem kallaði fram viðbrögð málhafa. Hún er endurtekin í (161).

(161) Hvað fyndist þér um það ef það væri **keyptur kvóti / keypt kvóta af landsbyggðar-fyrirtækjum?**

Þegar slík spurning er vel úr garði gerð er mjög fljótlegt að safna saman svörum nokkurs fjölda málhafa. Mikilvægt er þó, a.m.k. í fyrstu atrennu, að aðeins þeir sem hafi nýju þolmyndina svari nýþolmyndarútgáfu spurningarinnar enda getur verið að sá sem hefur ekki setningagerðina skilji hana á sama hátt og þolmynd. Aftur á móti getum við að öllum líkindum gert ráð fyrir

því að allir málfarar hafi venjulega þolmynd í máli sínu og því ætti að vera í lagi að hver sem er svaraði þolmyndarútgáfu spurningarinnar í (161). Fljótleg leið til að fá fram upplýsingar um það hvort tiltekinn málfari hafi nýju þolmyndina er að spyrja spurningar á borð við þá í (162):

(162) Hvaða mál er talað í Eistlandi?

Ekki sést hvaða fall er á *hvaða mál*; í hefðbundinni þolmynd er *hvaða mál* í nefnifalli en einnig er mögulegt að liðurinn sé í þolfalli enda er spurnarfærsla tæk í nýju þolmyndinni (feitltrun mín):

(163) Sko, ég hérna hef oft spilað þetta spil [Cleudo] og hugsaði bara **hvaða lit var ekki talið upp**.

(Útsvar 7. október 2011, keppandi Reykjavíkur, f. 1992)

(164) yooo skvís var höstlað á busaballi ;D

eða frekar **hvern var höstlað** :P

(<http://comment.myspace.com/index.cfm?fuseaction=user.viewComments&friendID=208188248&page=3&state=146!50!1!1586104!1112427>, athugasemd á bloggsíðu skrifuð 3. september 2007)

(165) Eru menn búnir að kjósa í All-Star Game ?

**Hverja var kosið ?**

(<http://www.hugi.is/korfubolti/korkar/483781/all-star-game/>, skrifað í janúar 2007)

Til þess að athuga hversu vel það virkar að fá fram nýja þolmynd í spurningu eins og í (162) fékk ég Sigurrós Eiðsdóttur, kennara við Fellaskóla, til að spyrja nemendur í 8. bekk spurningarinnar í (162). Hún skrifaði spurninguna upp á töflu og bað nemendur um að skrifa svarið niður á blað. Það er skemmst frá því að segja að aðferðin virkar: Ellefu nemendur notuðu þolfall (nýju þolmyndina) en tíu svöruðu með nefnifalli (venjulegri þolmynd). Ástæðan fyrir því að ég valdi að spyrja um Eistland er sú að svarið er ekki jafneinfalt og ef spurt væri um t.d. Ísland (íslenska) eða Danmörku (danska) því að sumir eru ekki vissir um það hvort málið kallist eistneska eða eistlenska. Með því að spyrja um Eistland er reynt að beina athyglinni að þessu.

En hvað vitum við um málfarann 21 í Fellaskóla? Við vitum að tíu hafa venjulega þolmynd en getum ekki fullyrt að þeir hafi ekki nýju þolmyndina. Í könnuninni okkar fengju þessir þolmyndarútgáfu spurningarinnar í (161). Við vitum á hinn bóginn með nokkurri vissu að ellefu nemendanna hafa nýju þolmyndina og það eru nægar upplýsingar fyrir okkur. Þessir fengju þá nýþolmyndarútgáfu spurningarinnar í (161).

Fleiri útfærslur við könnun á tvíræðum *af*-liðum mætti gjarnan prófa. Þegar ég heimsótti

Pennsylvaníu-háskóla (University of Pennsylvania) í febrúar 2012 ræddi ég við William Labov um hvernig heppilegast væri að gera athuganir á borð við þær sem hefur verið lýst í þessum kafla. Hann lagði til að ég segði viðmælendum mínum stutta sögu af manni og hún skyldi innihalda tvíræðan *af*-lið. Að sögunni lokinni væru málhafar svo spurðir hvort maðurinn í sögunni hefði breytt rétt. Á íslensku gæti sagan sem Labov útbjó hljómað svona:<sup>39</sup>

- (166) Bróðir manns nokkurs dó í slysi. Þegar maðurinn fór að gramsa í eigum bróður síns fann hann tösku fulla af peningum sem hann var viss um að hefði verið **stolið af bróður sínum**. Þrátt fyrir það ákvað maðurinn að nota peninginn til að borga upp lánin sín. Telur þú að það hafi verið rétt hjá honum að gera það?

Þessi leið er sömuleiðis mun skilvirkari en endursögn því að spurningin kallar fram viðbrögð sem afhjúpa skilning á *af*-liðnum.

Í (166) sést engin ný þolmynd en þeir sem hafa nýju þolmyndina ættu að geta skilið tilvísunarsetninguna *sem hann var viss um að hefði verið stolið af bróður sínum* á annan hátt en þeir sem hafa hana ekki. Það sést t.d. í tilvísunarsetningum með tveggja andlaga sögnum, sbr. (167):

- (167) Þetta er hringurinn sem var gefið mér í gær.  
(Einar Freyr Sigurðsson 2010:22)

Hér er að öllum líkindum um nýju þolmyndina að ræða og það sést á því að ekki er samræmi milli *hringurinn* og þolmyndarháttarins *gefið* og þar að auki er rökliðurinn *mér* í sæti. Þrátt fyrir að beint andlag *gefa* geti verið í frumlagssæti í þolmynd, sbr. (168a), er ótækt fyrir alla, að því er ég best veit, að hafa ósamræmi milli nefnifallsfrumlags og þolmyndarháttar í setningum á borð við (168b):

- (168) a. Í gær var hringurinn gefinn mér.  
b. \*Í gær var hringurinn gefið mér.

Í stað setningarinnar í (167) segðu þeir sem ekki hafa nýju þolmyndina sennilega frekar setninguna í (169a) eða jafnvel (169b):

---

<sup>39</sup>Sagan sem Labov bjó til, ásamt spurningu fyrir viðmælendum, er þannig á ensku:

- (i) This man had an older brother he was very close to. His brother died, and he moved into a house next to where his brother used to live. One day he was repairing a wall in the attic and found a suitcase full of money that he was sure was stolen [by his brother][from his brother]. He used the money to pay off his mortgage. Do you think that was the right thing to do?

- (169) a. Þetta er hringurinn sem mér var gefinn í gær.  
 b. Þetta er hringurinn sem var gefinn mér í gær.

Niðurstaðan er sem sagt sú að ef nýja þolmyndin hefur ósýnilegt frumlag, *for*, geta þeir málhafar sem hana hafa skilið tilvísunarsetninguna í (166) þannig að hún innihaldi slíkt frumlag.

Í (166) er gerandatúlkun á *af*-liðnum þröngvuð fram þar sem maðurinn í sögunni getur varla dregið þá ályktun þegar hann finnur töskuna að einhver óþekktur hafi stolið henni af bróður hans. Ef *af*-liðir eru ótækir í nýju þolmyndinni ættu þeir sem hafa hana í máli sínu líklega erfitt með að fá botn í söguna ef þeir túlka setninguna með gleraugum nýju þolmyndarinnar — þeir gætu varla skilið af hverju maðurinn hefði fundið töskuna ef bróðir hans hefði tafað henni. Aftur á móti er kannski ekkert svo líklegt að þeir túlki setninguna frekar sem nýja þolmynd en þolmynd, sérstaklega ef nýþolmyndartúlkun leiðir til þess að sagan skilst ekki en þolmyndartúlkun gerir söguna auðskiljanlega. Þess vegna væri eðlilegra að setningin væri án alls vafa annaðhvort þolmynd eða ný þolmynd og þá gæti verið gott að nota sögn sem tekur þolfallsandlag í nýju þolmyndinni en nefnifallsfrumlag í þolmynd.

### 3.3 Dómapróf á *af*-liðum

Þórhallur Eyþórsson (2008a) telur að í könnun Sigríðar Sigurjónsdóttur og Maling (2001a) hafi ekki tekist að sýna fram á að *af*-liðir væru ótækir í nýju þolmyndinni. Í töflu 14 eru sýndar niðurstöður þeirra fyrir *af*-liði. Í setningum a og b er venjuleg þolmynd en í c og d ný þolmynd.

	Landsbyggðin + úthv. Rvíkur	Rvík vestan Ellidaáa	Full- orðnir
a. Honum var sagt upp af forstjóranum.	87%	93%	90%
b. Það var samþykkt af öllum í bekknum að fara í keilu.	94%	92%	94%
c. Það var skoðað bílinn af bifvélavirkjanum.	33%	9%	0%
d. Það var sagt honum upp af forstjóranum.	19%	9%	0%

Tafla 14: Hlutfall jákvæðra svara í könnun Sigríðar Sigurjónsd. og Maling (2001a:160–161).

*Af*-liðir í venjulegri þolmynd eru almennt samþykktir en *af*-liðir í nýju þolmyndinni eru mun minna samþykktir. Líkt og Jóhannes Gísli Jónsson (2009) bendir á er þó hlutfall unglinga á landsbyggðinni og í úthverfum Reykjavíkur sem samþykkja þá í nýju þolmyndinni talsvert hærra en hægt væri að búast við ef germyndartilgátan væri rétt. Hann tilfærir einnig niðurstöður úr Tilbrigðaverkefninu en einnig þar voru *af*-liðir í þolmynd og nýju þolmyndinni kannaðir, sjá töflu 15. Þar sjáum við að rétt innan við þriðjungur yngstu málhafanna samþykkir setningu c í

töflunni, þ.e. nýja þolmynd með *af*-lið. Þetta er hærra hlutfall en við væri að búast ef *af*-liðir væru ótækir í setningagerðinni.

	15 ára	20–25	40–45	65–70
a. Hann var smíðaður af færeyska bátasmiðnum.	72%	87%	85%	82%
b. Fyrst var þó skoðuð önnur flugvél af flugvirkjanum.	48%	36%	35%	41%
c. Það var strax lagað bílinn af bifvélavirkjanum.	28%	4%	1%	2%

Tafla 15: Hlutfall jákvæðra svara í könnun Tilbrigða í setningagerð (Höskuldur Þráinsson, Sigríður Sigurjónsdóttir og Hlíf Árnadóttir 2012, sbr. Jóhannes Gísli Jónsson 2009:301–302).

Í töflunni sjáum við einnig að þolmynd án ákveðniliðarfærslu, sem samsvarar *það*-þolmynd, sjá setningu b, er samþykkt mun síður en þolmynd þar sem ákveðniliðurinn færast í frumlagssæti. Þetta er í samræmi við dóma Höskuldar Þráinssonar og Þórhalls Eyþórssonar í dæmum (143b), (144b) og (145).

### 3.4 Samantekt

Athugun mín á *af*-liðum sem sagt var frá í kafla 3.2 gaf ekki nógu skýrar niðurstöður til að hægt væri að segja til um það hvort *af*-liðir séu tækir eða ótækir í nýju þolmyndinni. Ég tel hana þó að vissu leyti hentugri til að útkljá þetta álitafni. Að svo komnu máli verður ekki með fullri vissu skorið úr um þetta álitamál en miðað við þá vitneskju sem við höfum getum við ekki sagt að þeir séu ótækir; raunar tel ég að niðurstöður úr könnun Tilbrigða í setningagerð bendi til þess að þeir séu tækir.

## 4 Ópersónuleg frumlög

### 4.1 Inngangur

Í þessum kafla er rætt um ópersónuleg frumlög, bæði sýnileg (e. *overt*) og ósýnileg (e. *covert*). Ósýnileg frumlög, þ.e. frumlög sem eru ekki borin fram, eru stundum kölluð núllfrumlög (e. *null-subjects*). Þau eru af ýmsum toga en hér verður ekki rætt um ósýnileg gervifrumlög á borð við þau sem finnast í ópersónulegri þolmynd, sbr. (170a), og ópersónulegum lýsingarhætti nútíðar, sbr. (170b).

- (170) a. Fyrst er beygt til hægri.  
b. Það er ekki flytjandi þangað.  
(Halldór Ármann Sigurðsson og Egerland 2009:160)

Hér verður hins vegar rætt um *for* (e. *pro*) í ópersónulegu háttarsagnagerðinni, FOR (e. *PRO*) í nafnháttarsetningum og sýnilega, ópersónulega frumlagið *maður*. Frumlögin verða tengd við undirliggjandi geranda í nýju þolmyndinni.

### 4.2 FOR í nafnháttarsetningum

#### 4.2.1 Almennt um FOR

Lítum á eftirfarandi setningu:

- (171) a. Ég vonast til [<sub>NH</sub> FOR<sub>i</sub> að standa mig<sub>i</sub> / \*okkur<sub>i</sub> / \*sig<sub>i</sub> vel].  
b. Þeir reyndu [<sub>NH</sub> FOR<sub>i</sub> að sjá \*sjálfan mig<sub>i</sub> / \*sjálfan sig<sub>i</sub> / sjálfa sig<sub>i</sub>].

Í hvorugri nafnháttarsetningunni er sýnilegt frumlag en gert er ráð fyrir því að þær innihaldi báðar frumlag, FOR (skrifað með stórum stöfum og þannig aðgreint frá *for* í persónuháttarsetningum). Sagnir á borð við *vonast (til)* og *reyndu* eru stýrisagnir en auk þess sem þær úthluta sjálfar merkingarhlutverki til frumlags síns taka þær með sér nafnháttarsetningu þar sem aðalsögnin úthlutar einnig merkingarhlutverki til frumlags síns, FOR, í þeirri setningu. Túlkun frumlagsins í stýrinafnháttum ræðst af frumlagi stýrisagnarinnar. Í (171a) verður að túlka FOR sem 1.p.et. því að frumlag *vonast (til)* er *ég*. Sögnin *standa* í nafnháttarsetningunni (171a) tekur með sér skyldubundið afturbeygt andlag, þ.e. andlagið verður að vera ósamsett persónufornafn sem er samvísandi frumlagi sagnarinnar (það verður þá að hafa sömu tölu og persónu og frumlagið). Eins og sjá má er (171a) aðeins tæk ef andlag *standa* er 1.p.et. Í (171b) er hið sama á seyði en nú tekur aðalsögnin, *sjá*, ekki skyldubundið afturbeygt fornafn og því stýrir hún

samsetta afturbeygða fornafninu þegar frumlag og andlag eru samvísandi. Vegna þess að frumlag stýrisagnarinnar *reyna* í (171b) er *þeir* verður að túlka FOR sem 3.p.ft. og þar með verður andlag *sjá* einnig að vera 3.p.ft. *sjálfa sig*.<sup>40</sup>

Berum nú setningarnar í (171) saman við eftirfarandi setningar:

- (172) a.  $[_{NH} \text{ FOR Að standa } *mig_i / *okkur_i / sig_i \text{ vel}]$  er mikilvægt.  
b.  $[_{NH} \text{ FOR}_i \text{ Að sjá } *sjálfan mig_i / *sjálf ykkur_i / sjálfan sig_i]$  getur verið erfitt.

Hér hefur FOR engan undanfara líkt og í tilfalli stýrisagna og því fær FOR sjálfgefna (e. *default*), almenna (e. *arbitrary*) túlkun. Í (172a) verður skyldubundið afturbeygt fornafnið að vera í 3.p., ólíkt (171a) þar sem það var í 1.p.et. Við sjáum ekki töluna á afturbeygða fornafninu *sig* í (172a) því að fornafnið er eins í eintölu og fleirtölu. Við sjáum hins vegar á samsetta afturbeygða fornafninu í (172b) að þetta er eintala — þar að auki er *sjálfan* karlkyn. Við getum því sagt að sjálfgefin, almenn túlkun á FOR í íslensku sé 3.p.et.kk.

Túlkun almenns FOR getur þó breyst ef eitthvað, t.d. í aðalsetningunni, gefur vísbendingu um það hvernig túlka skuli FOR.

- (173)  $[_{NH} \text{ FOR}_i \text{ Að sjá ekki sjálfan mig}_i]$  var mjög erfitt fyrir  $mig_i$ .

Hér er FOR túlkað sem 1.p.et. vegna þess að í aðalsetningunni eru upplýsingar um túlkunina, þær felast í persónufornafninu í forsetningarliðnum *fyrir mig*. Hægt hefði verið að halda því fram í setningunum í (171) að FOR fengi túlkun sína frá frumlagi stýrisagnanna vegna þess að það væri liðstýrandi undanfari. Aftur á móti er augljóst að svo er ekki í (173).

Fylgifyllingar geta einnig staðið með FOR-frumlögum í nafnháttarsetningum en þær fá einmitt hið sjálfgefna form, 3.p.et.kk.:

- (174)  $[_{NH} \text{ FOR Að keyra bíl fullur}]$  er lögbrot.

Eins og við eigum eftir að sjá í kafla 4.4.4, sjá (242), fá fylgifyllingar *for*-frumlaga í ópersónulegu háttarsagnagerðinni einnig hina sjálfgefna túlkun, 3.p.et.kk.

#### 4.2.2 Nýja þolmyndin ótæk í nafnháttarsetningum

Í kafla 4.2.1 kom fram að FOR er rökliður, nánar tiltekið frumlag, í nafnháttarsetningu. Þessi rökliður er ekki borinn fram. Þetta gildir auðvitað einnig í þolmynd, sbr. (175).

<sup>40</sup>Vegna þess að *sjá* tekur ekki með sér *skyldubundið* afturbeygt andlag hefði andlag *sjá* í (171b) allt eins getað verið *Guðmund*, *mig* eða *þá* svo lengi sem það væri þá ekki samvísandi við FOR.



- (175) a. Ég vonast til [<sub>NH</sub> FOR að verða ekki barinn].  
 b. Ég vonast til [<sub>NH</sub> FOR að verða gefin tölva í fermingargjöf].

Í (175a) kemur FOR í stað nefnifallsfrumlags en í (175b) í stað þágufallsfrumlags. Í þessum dæmum er ómögulegt að bera fram frumlagið, sbr. (176).

- (176) a. \*Ég vonast til [<sub>NH</sub> ég að verða ekki barinn].  
 b. \*Ég vonast til [<sub>NH</sub> mér að verða gefin tölva í fermingargjöf].

Tilgáta Sigríðar Sigurjónsdóttur og Maling (2001a) er sú að nýja þolmyndin hafi frumlag sem er til staðar setningafræðilega en er ekki borið fram (er ósýnilegt). Þær setja tilgátuna fram fyrir persónuháttarsetningar og því tákna þær frumlagið sem *for*. Sé tilgátan rétt ætti þetta einnig að gilda um nafnháttarsetningar með FOR-frumlagi. Ef hægt er að mynda nafnháttarsetningar sem innihalda nýju þolmyndina þar sem ytri rökliður jafngildir FOR er tilgáta þeirra að öllum líkindum rétt. Þetta er hins vegar ekki hægt eins og Einar Freyr Sigurðsson, Hlíf Árnadóttir og Þórhallur Eypórsson (2010) hafa sýnt fram á. Í (177a) er ný þolmynd eins andlags sagnar í persónuháttarsetningu sýnd. Þar er *for*-frumlag til samræmis við tilgátu Sigríðar og Maling. Samsvarandi ný þolmynd í nafnháttarsetningu er sýnd í (177b) en hún er ótæk (hér sem annars staðar í þessum kafla er auðvitað miðað við mál þeirra sem hafa nýju þolmyndina).

- (177) a. Það var *for* lamið strákana.  
 b. \*Það er ljótt [FOR að vera lamið stráka].  
 (Einar Freyr Sigurðsson, Hlíf Árnadóttir og Þórhallur Eypórsson 2010)

Aftur á móti er germyndarsetning sem samsvarar (177b) auðvitað tæk, sjá (178).

- (178) Það er ljótt [FOR að lemja stráka].

Við getum skoðað þetta fyrir fleiri gerðir sagna. Ef nýja þolmyndin inniheldur ósagt frumlag getum við búist við því að ópersónulega þolmynd túlki málhafar setningagerðarinnar þannig að hún innihaldi slíkt frumlag, ólíkt öðrum málhöfum, sbr. (179).

- (179) a. Það er oft dansað í veislum. (ópersónuleg þolmynd)  
 b. Það er *for* oft dansað í veislum. (nýja þolmyndin)  
 (Einar Freyr Sigurðsson, Hlíf Árnadóttir og Þórhallur Eypórsson 2010)

Nafnháttarsetning með FOR-frumlagi sem inniheldur ópersónulega þolmynd er hins vegar ótæk í máli þeirra sem hafa nýju þolmyndina sem og þeirra sem hafa hana ekki.

(180) \*[FOR Að vera dansað í veislum] er algengt.

(Einar Freyr Sigurðsson, Hlíf Árnadóttir og Þórhallur Eypórsson 2010)

Hið sama gildir einnig um tveggja andlaga sagnir, þrátt fyrir að þær séu tækar í nýju þolmyndinni í persónuháttarsetningum — og þá hugsanlega með *for*-frumlagi — eru þær ótækar í nafnháttarsetningum með FOR-frumlagi.

(181) Það var *for* gefið mér hring.

(181) \*[FOR Að vera gefið mér hring] þótti fólki ekkert tiltökumál.

(Einar Freyr Sigurðsson, Hlíf Árnadóttir og Þórhallur Eypórsson 2010)

Þó er hægt að mynda með FOR-frumlagi það sem hér hefur verið kallað þgf.-þf.-þolmynd.

(182) [FOR Að vera gefið hring] er skemmtilegt.

(Einar Freyr Sigurðsson, Hlíf Árnadóttir og Þórhallur Eypórsson 2010)

Þetta er önnur leið til að sýna að í setningum eins og Jóhannes Gísli Jónsson (2009) fjallar um er þágufallslíðurinn frumlag. Vísast hér í umræðu í kafla 2.3.3 um að slíkar setningar, og þá einnig (182), séu ekki dæmi um nýju þolmyndina.

Niðurstaðan í þessum undirkafla virðist þá vera sú að germyndartilgáta Sigríðar Sigurjónsdóttur og Maling (2001a) fái ekki staðist með öllu. Einar Freyr Sigurðsson, Hlíf Árnadóttir og Þórhallur Eypórsson (2010) túlkuðu setningarnar sem hér hefur verið rætt um þannig að þær hrektu germyndartilgátuna en styddu þolmyndartilgátuna. Hins vegar færi ég rök fyrir því síðar að ástæðan fyrir því að nafnháttarsetningarnar hér að ofan eru ótækar sé sú að frumlagið sé af öðrum toga og sé jafnframt neðar í hríslunni (sbr. tilgátur Halldórs Ármanns Sigurðssonar 2011 og Antons Karls Ingasonar, Legate og Yangs 2012).

## 4.3 Vera og vera búinn í þolmynd

### 4.3.1 Þolmyndarháttur *vera*

Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling (2001a) benda á líkindi með nýju þolmyndinni og setninga-gerð þar sem sögnin *vera* er í þolmyndarhætti en þá er framvinduorf myndað með hjálpar-sögninni *vera* og þolmyndarhættinum *verið*.

(183) a. Í gær þegar það var gefið mér lýsi þá ...

b. Í gær þegar það var verið að gefa mér lýsi þá ...

(Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling 2001a:173)

Þær segja að (183b) virðist hafa sömu merkingu og dæmið um nýju þolmyndina í (183a) sem haft er eftir fjögurra ára gamalli stúlku. Þær telja líklegt að setningagerðin í (183b) sé fyrirmyndin í (183a).

Líkindin með þessum tveimur setningagerðum eru ákaflega athyglisverð. Í fyrsta lagi er ekkert sýnilegt frumlag en samt getur aðalsögnin úthlutað formgerðarþolfalli, sbr. (184), rétt eins og aðalsögn í nýju þolmyndinni, sbr. (185).

- (184) a. Nú er verið að leggja lokahönd á framkvæmdir.  
b. Nú er verið að sýna þeim íbúðina.
- (185) a. Það var lagt lokahönd á framkvæmdir.  
b. Það var sýnt þeim íbúðina.

Afturbeyging er einnig möguleg í setningagerðinni, sbr. (186), og virðist þá einhver ósýnilegur undanfari vera til staðar. Slíkt var einmitt hluti af tilgátu Sigríðar Sigurjónsdóttur og Maling (2001a) fyrir nýju þolmyndina en eins og rifjað er upp með dæmunum í (187) er afturbeyging einnig tæk í nýju þolmyndinni.

- (186) a. Er verið að hvíla sig?  
b. Nú er verið að sýna sjálfum sér íbúðina.
- (187) a. Var hvílt sig?  
b. Það var sýnt sjálfum sér íbúðina.

Sýnilegir rökliðir sagnarinnar í þessari setningagerð með *vera* í þolmyndarhætti eru ótvírætt andlög, þeir geta ekki færst í frumlagssæti, sbr. (188). Samsvarandi dæmi fyrir nýja þolmynd eins andlags sagnar er sýnt í (189).

- (188) a. \*Nú er lokahönd verið að leggja á framkvæmdir.  
b. \*Nú er þeim verið að sýna íbúðina.
- (189) \*Það verður lokahönd lagt á framkvæmdir.

Í kafla 2.3.3 var því haldið fram að ef þágufallsliður tveggja andlaga sagnar í þolmynd færir í frumlagssæti og andlag sé í þolfalli sé ekki um nýju þolmyndina að ræða — það sé önnur setningagerð. Út frá setningum á borð við (188b) virðist það rökrétt ályktun.

Bæði Jóhannes Gísli Jónsson (2009) og Halldór Ármann Sigurðsson (2011) telja að fylgifylling geranda sé ótæk í nýju þolmyndinni (hér eru dæmin í (125) endurtekin).

- (190) a. \*Það er alltaf borðað morgunmat nakinn.  
(Jóhannes Gísli Jónsson 2009:297)
- b. \*Var barið hana fullur?  
(Halldór Ármann Sigurðsson 2011:10)

Þetta virðist einnig eiga við um setningagerðina sem hér er til umfjöllunar, a.m.k. að nokkru leyti (ég treysti mér ekki til að stjörnumerka öll dæmin í (191)).

- (191) a. ??Er verið að borða morgunmat nakinn?  
b. ??Er verið að berja hana fullur?  
c. \*Nú er verið að leggja lokahönd á framkvæmdir dauðþreyttur.  
d. ??Nú er verið að sýna þeim íbúðina eldhress.

Við höfum nú séð mikil líkindi með nýju þolmyndinni og setningagerðinni þar sem *vera* stendur í þolmynd. Næsta rökrétta skref er að skoða hvort *af*-liðir koma fyrir í þessari setningagerð en Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling (2001a) halda því fram að þeir séu ótækir í nýju þolmyndinni.

Erfiðlega gengur að finna *af*-liði í setningagerðinni með leitarvélinni Google (<http://google.com>) og af 24 dæmum um gerðina í IcePaHC (Wallenberg o.fl. 2011) inniheldur ekkert þeirra *af*-lið. Ég hef þó fundið nokkur dæmi með *af*-liðum en það passar við mína máltílfinningu því að þeir eru tækir í máli mínu (leturbreytingar mínar).

- (192) a. Þar er **verið að halda því fram af meiri hluta utanrnmn.** að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hafi látið kanna hvort einhver ákvæði EES-samningsins brytu í bága við íslensku stjórnarskrána.  
(<http://www.althingi.is/altext/116/12/r16203140.shtml>,  
alþingisræða flutt 16. desember 1992)
- b. Hér er í raun **verið að halda því fram af háttvirtum yfirmanni lögreglunnar** að jafnræðisregla réttarríkisins virki ekki [...]  
(<http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1115342/>, 21. nóvember 2006)
- c. Hér er **verið að gera nákvæmlega sama hlutinn**, og það ekki **af sjálfstæðismönnum** sem þó trúá á einkavæðingu heldur **af fulltrúum Besta flokks og Samfylkingar** sem að sögðust í upphafi kjörtímabilsins ætla að sveigja af stóriðjustefnunni og tryggja almannahagsmuni.  
(Viðmælandi í Morgunútvarpi Rásar 2, 26. apríl 2012)

Niðurstaða mín er þá sú að *af*-liðir séu ekki ótækir með þolmyndarhætti *vera* en hugsanlega eru þeir mjög sjaldgæfir í setningagerðinni. Þetta gæti passað vel við nýju þolmyndina. Ég hef fundið sárafá dæmi um *af*-liði í þeirri setningagerð, sbr. (193), sem bendir e.t.v. frekar til þess að þeir séu sjaldgæfir en ótækir enda benda niðurstöður Tilbrigða í setningagerð til þess að þeir séu tækir (Jóhannes Gísli Jónsson 2009).

- (193) Í dag er rífið kjaft við mann af 10 ára krökkum þegar maður gengur inn í sjoppu.  
(<https://bland.is/messageboard/messageboard.aspx?type=52&advid=9904688>, skrifað 5. júní 2008)

Það má svo áréttta að samkvæmt minni máltilfinningu eru *af*-liðir ekki ótækir í nýju þolmyndinni.

Í ljósi þess að nýja þolmyndin er nýjung í íslensku máli og þess hve lík hún er setningagerðinni með þolmyndarhætti *vera* er áhugavert að hún sömuleiðis virðist ekki gömul í málinu. Höskuldur Þráinsson (1974:30) dregur þá ályktun út frá skrifum Jakobs Jóh. Smára (1920:143–144) að þessi þolmyndarútgáfa framvinduhorfs sé yngri en germyndin. Þá bendir Höskuldur (1974:30) á að hann hafi ekki fundið dæmi um þolmyndarhátt *vera* hjá Nygaard (1905).

Niðurstöður úr leit minni í IcePaHC (Wallenberg o.fl. 2011) benda sömuleiðis til að þessi gerð hafi ekki verið til í fornu máli en þó skyldi auðvitað varast að draga of víðtækar ályktanir af „neikvæðum gögnum“ — það að eitthvað komi ekki fyrir, t.d. í málheild, er ekki endilega til marks um að það sé eða hafi verið ótækt á einhverjum tímavarki eða ekki notað.

Ég hef fundið 24 dæmi um þolmyndarhátt *vera* í IcePaHC, tvö þau elstu eru frá 17. og 18. öld.

- (194) a. og er þær komu að Glaumbæ var verið að syngja útgöngusálminn.  
(1675.MODARS.NAR-FIC,.243; Móðars þáttur 1950)  
b. á meðan var verið að ráðslaga um þetta.  
(1745.KLIM.NAR-FIC,67.731; *Nikulás Klím* 1948)

#### 4.3.2 Polmyndarháttur *vera* búinn

Polmynd setninga eins og þeirrar í (195a) minnir um margt á þolmynd *vera*. Polmyndargerðin er sýnd í (195b).

- (195) a. Mamma er búin að gefa mér lýsi.  
b. Það er búíð að gefa mér lýsi.

Líkt og í tilviki þolmyndarháttar *vera* er ekkert sýnilegt frumlag en þrátt fyrir það getur aðal-sögnin stýrt þolfalli, sjá (195b) og (196) — sýnilegu rökliðirnir eru andlög enda geta þeir ekki færst í frumlagssæti, sjá (197). Þá geta andlög aðalsagnarinnar verið afturbeygð, sjá (198), sem auðveldast væri að útskýra með ósýnilegum undanfara (frumlagi).

- (196) a. Nú er búið að leggja lokahönd á framkvæmdir.  
b. Nú er búið að sýna þeim íbúðina.
- (197) a. \*Nú er lokahönd búið að leggja á framkvæmdir.  
b. \*Nú er þeim búið að sýna íbúðina.
- (198) a. Er búið að hvíla sig?  
b. Nú er búið að sýna sjálfum sér íbúðina.

Þegar athugað er hvort fylgifyllingar geranda séu tækar kemur í ljós að slíkar setningar eru ekki mjög góðar, sjá (199), en þó e.t.v. ekki með öllu ótækar. Sambærilegar setningar með þolmyndarhætti *vera*, sjá (191), þykja mér ögn skárri.

- (199) a. ??Er ekki enn búið að borða morgunmat(inn) nakinn?  
b. ??Er loksins búið að berja hana fullur?  
c. \*Nú er búið að leggja lokahönd á framkvæmdir dauðpreyttur.  
d. \*Nú er búið að sýna þeim íbúðina eldhress.

Við ljúkum þessum stutta setningafræðilega samanburði á þolmynd *vera búinn* og þolmynd *vera* með því að kanna hvort *af*-liðir séu tækir. Þeir eru ekki ótækir í mínu máli og þótt þeir kunni að vera sjaldgæfir, líkt og *af*-liðir í þolmynd *vera*, hef ég fundið nokkur dæmi um þá í þolmynd *vera búinn* (leturbreytingar mínar):

- (200) a. Mikil óvissa er í öllu þessu máli og það er **búið að viðurkenna**, meira að segja **af forsætisráðherra**, að gríðarleg óvissa hvílir á þessu.  
(<http://www.althingi.is/alttext/raeda/138/rad20091126T211949.html>,  
alþingisræða flutt 26. nóvember 2009)
- b. Þetta bull er löngu **búið að afsanna af vísindamönnum** víða um heim.  
(<http://mofi.blog.is/blog/mofi/entry/319819/>,  
athugasemd á bloggsíðu skrifuð 28. september 2007)
- c. En svo nefndi hann að það væri **búið að sanna það af vísindamönnum** að fiski-  
stofnar væru staðbundnir [...]  
(<http://vargur.blogspot.com/2007/03/fiskveiar-horfi-hdegisvital-stvar-2-dag.html>,

skrifað 14. mars 2007)

Í kaflanum um þolmynd *vera* var rætt um að hún hefði líklega ekki verið til í forníslensku og skýrt var frá niðurstöðum leitar í IcePaHC þar sem elstu dæmin voru frá 17. og 18. öld. Ég hef einnig leitað að þolmynd *vera búinn*<sup>41</sup> en þau dæmi sem ég hef fundið eru 20 talsins og þau elstu frá svipuðum tíma, 17. og 18. öld, en þess má geta að báðar setningagerðirnar koma fyrir í *Nikulási Klím* (1948) í þýðingu Jóns Ólafssonar frá Grunnavík frá 18. öld (ég hef alls fundið fjögur dæmi um *vera búinn* í IcePaHC í *Nikulási Klím*).

- (201) a. Þá búíð var að að brenna, féll í ösku  
(1680.SKALHOLT.NAR-REL,.94; Sögu-þáttur um Skálholts biskupa fyrir og um siðaskiptin 1878)
- b. Þá nú búíð var að tilkynna mér allt þetta, var kallað á einhvern kiva, eður sekretera  
[...]  
(1745.KLIM.NAR-FIC,73.810; *Nikulás Klím* 1948)

Samanburður á þolmynd *vera* og *vera búinn* leiðir í ljós að mikil líkindi eru með setningagerðunum. Þær eiga síðan margt sameiginlegt með nýju þolmyndinni.

---

<sup>41</sup>Til þess að finna þetta leitaði ég að þolmyndarhættinum (VAN) *búíð* sem færi á undan nafnháttarmerkinu (TO):

- (i) VAN idoms búíð-\*|Búíð-\*  
AND VAN hasSister IP-INF\*  
AND IP-INF\* idoms TO  
AND VAN precedes TO

Hér ber að athuga að ekki dygði að láta þolmyndarháttinn fara næst á undan (iprecedes) nafnháttarmerkinu því að þá myndast ekki setningar með stílfærslu eins og í (201). Einnig má nefna það að væri einungis leitað að þolmyndarhættinum *búíð* sem færi á undan nafnháttarmerkinu væri viðbúíð að rangar niðurstöður fengjust vegna þess að nafnháttarsetningin sem nafnháttarmerkið er hluti af væri ekki endilega í sambandi við þolmyndarháttinn *búíð*, sbr. tilbúnu setninguna í (ii).

- (ii) Það var **búíð** um rúmið svo að hægt væri að þrifa herbergið.

Ef einungis væri leitað að þolmyndarhættinum *búíð* fengjust fleiri niðurstöður sem ættu ekki við, svo sem (iii).

- (iii) Lið Þorleifs var vel búíð að vopnum  
(1250.STURLUNGA.NAR-SAG,390.82; *Sturlunga* 1988)

## 4.4 Háttarsagnir

Aðalatriði þessa hluta er tengsl ópersónulegu háttarsagnagerðarinnar við nýju þolmyndina. Fyrst verður þó fjallað almennt um háttarsagnir, einkum í íslensku.

### 4.4.1 Um háttarsagnir í íslensku

Lítum nú á hvaða sagnir teljast til háttarsagna í íslensku.<sup>42</sup>

- (202) a. **Sagnir sem taka sögn í nafnhætti en ekki nafnháttarmerki**  
*munu, skulu, geta, mega, vilja*
- b. **Sagnir sem taka sögn í nafnhætti og nafnháttarmerki**  
*eiga, kunna, verða, þurfa, hljóta, ætla*
- c. **Sagnir sem taka sögn í lýsingarhætti þátíðar**  
*geta*

Eitt af aðaleinkennum (flestra) háttarsagna er að þær eru bæði til í **möguleikamerkingu** (e. *non-root reading, epistemic reading*) og **grunmerkingu** (e. *root reading, deontic reading*) (t.d. Höskuldur Þráinsson 1995:66, Höskuldur Þráinsson 2005:473). Í (203) er dæmi um hvora merkingu fyrir sig með sögninni *kunna*.

- (203) a. Ég kann ekki að dansa. (grunmerking)  
'Ég bý ekki yfir þeirri kunnáttu að dansa'
- b. Ég kann að dansa á morgun. (möguleikamerking)  
'Það er hugsanlegt að ég dansi á morgun'

Til einföldunar getum við sagt að möguleikamerking sé tengd einhverju sem er mögulegt, hugsanlegt eða líklegt en að grunmerking feli í sér orðabókamerkingu sagnanna. Ef við

<sup>42</sup>Eins og Höskuldur Þráinsson (2007:422) flokka ég *geta* ekki eingöngu sem háttarsögn sem tekur sögn í lýsingarhætti þátíðar heldur einnig sem háttarsögn sem tekur sögn í nafnhætti en ekki nafnháttarmerki enda tekur *geta* með sér hjálparsögnina *hafa* í nafnhætti, sjá (ia).

- (i) a. María getur hafa lesið bókina.  
(Höskuldur Þráinsson 2007:422)
- b. \*María getur haft lesið bókina.

Þegar *hafa* er hins vegar aðalsögn er hún í lýsingarhætti þátíðar þegar *geta* fer á undan, sjá (iib).

- (ii) a. \*María getur ekki hafa eftirlit með öllum gestunum.
- b. María getur ekki haft eftirlit með öllum gestunum.



værum t.d. spurð að því hvað sögnin *kunna* þýðir væri líklegt að við myndum tengja merkinguna við *kunnáttu* (grunnmerking) en síður við möguleika á einhverju (möguleikamerking). Það sama ætti líklega við um *mega* og *vilja*, við segðum líklega að þær hefðu svipaða merkingu og nafnorðin *leyfi* og *vilji*.

Höskuldur Þráinsson (2005:473) útskýrir hvora merkingu fyrir sig þannig:

- (204) a. **Möguleikamerking:**  
Mælandinn segir að eitthvað sé hugsanlegt, líklegt, nauðsynlegt o.s.frv. — en ber þó stundum aðra fyrir sig í því.
- b. **Grunnmerking:**  
Mælandinn segir að **frumlag** háttarsagnarinnar hafi skyldu, ábyrgð, leyfi, getu til þess að gera það sem í nafnháttarsögninni segir. Sú skylda, ábyrgð o.s.frv. sem um er að ræða getur oft verið félagsleg eða siðferðileg. Þess vegna er frumlag háttarsagnar í grunnmerkingu oftast lifandi vera.

#### 4.4.2 Samanburður á háttarsögnum í norrænum málum og ensku

Eins og alkunna er er ekki hægt að „hrúga“ saman fleiri en einni háttarsögn í sömu setningu í ensku (eða „hlaða“ þeim hverri ofan á aðra; á ensku er talað um *stacking*). Hins vegar er þetta mögulegt í norrænum málum.

- (205) a. \*They shall will build a house. (enska)  
þau skulu vilja byggja hús
- b. De skal ville bygge et hus. (danska)  
þau skulu vilja byggja hús
- c. Það mun vilja rigna meðan þið eruð þar. (íslenska)  
(Höskuldur Þráinsson og Vikner 1995:51)

Höskuldur Þráinsson og Vikner (1995) benda á að þetta sé einföldun; annars vegar fyrirfínist í ensku mállýskur þar sem tvær háttarsagnir í röð séu leyfðar (um þetta verður ekki rætt frekar hér) og hins vegar séu takmörk fyrir því að hrúga saman háttarsögnum í norrænum málum (í (206b) er fyrra dæmið um *kunna* í möguleikamerkingu en það síðara í grunnmerkingu).

- (206) a. \*De vil gerne skulle have tjent en milion. (danska)  
þau vilja gjarnan skulu hafa þénað milljón
- b. \*Hann verður að kunna að kunna að synda. (íslenska)

(Höskuldur Þráinsson og Vikner 1995:51)

Ástæðan fyrir því að setningarnar í (206) eru ótækar er sú að þar fer háttarsögn í grunnmerkingu (*ville* í (206a) og *verða* í (206b)) á undan háttarsögn í möguleikamerkingu (*skulle* í (206a) og *kunna* í (206b)). Þegar sögnum er hrúgað saman verða háttarsagnir í möguleikamerkingu að koma á undan öðrum sögnum, svo sem háttarsögnum í grunnmerkingu, aðalsögnum og hjálparsögnum á borð við *hafa*.

Hjá Halldóri Ármanni Sigurðssyni og Egerland (2009:172) er að finna eftirfarandi stigveldi sem sýnir þessa innbyrðis röð.

(207) möguleikamerking (e. *epistemic modality*) > fallháttur (*non-finite tense*) > grunnmerking (e. *deontic modality*)

Út frá þessu getum við sagt að háttarsagnir í möguleikamerkingu séu ofar í formgerðinni en háttarsagnir í grunnmerkingu. Einnig getum við sagt að ef hjálparsögnin *hafa* kemur á eftir háttarsögn vitum við að hún er í möguleikamerkingu en ef *hafa* fer á undan háttarsögn er hún í grunnmerkingu.

- (208) a. Hann kann að hafa teflt.  
'Það er mögulegt að hann hafi teflt.'  
b. Hann hefur líklega kunnað að tefla.  
'Það er líklegt að hann hafi haft þá kunnáttu að tefla.'

Innbyrðis röð háttarsagna í möguleikamerkingu skiptir þó máli, þ.e. ekki er hægt að hrúga þeim saman á hvaða hátt sem er svo lengi sem þær koma á undan annars konar sögnum. Þegar háttarsögnum er hrúgað saman geta *munu* og *skulu* þannig ekki komið á eftir neinni annarri sögn.

- (209) a. \*Mig mun skulu reka á land.  
(Höskuldur Þráinsson og Vikner 1995:77)  
b. Mig mun vilja reka á land.  
c. \*Mig vill munu reka á land.

- (210) a. \*Það skal munu rigna.  
b. Mig skal vilja reka á land.  
c. \*Mig vill skulu reka á land.  
(Höskuldur Þráinsson og Vikner 1995:77)

Í ensku er oft litið svo á að háttarsagnir (*may, might, must, can, could, will, would, shall* og *should*) færast ekki í tíðarhaus heldur séu þær einfaldlega grunnmyndaðar þar. Rökin fyrir þessu eru m.a. þau að ekki er hægt að hrúga enskum háttarsögnum saman; ein háttarsögn getur ekki staðið á eftir annarri og háttarsagnir geta ekki heldur staðið á eftir hjálparsögnum á borð við *have* ‘hafa’.

- (211) a. \*She has can/could come in the past.  
hún hefur geta/getað koma í fyrndinni  
‘Hún hefur getað komið í fyrndinni.’
- b. \*Canning swim, I was not afraid of the water.  
getandi synda ég var ekki hræddir við vatnið  
‘Þar sem ég kann að synda var ég ekki hræddur við vatnið.’  
(Höskuldur Þráinsson og Vikner 1995:52)

Þar af leiðir að þær eru ekki til í lýsingarhætti nútíðar eða þátíðar og ekki heldur í nafnhætti.

*Munu* og *skulu* líkjast þannig enskum háttarsögnum að því leyti að þær eru ekki til í fallháttum (sbr. þó þolfall með nafnhætti) og þær koma ekki á eftir öðrum sögnum í setningu.<sup>43</sup>

<sup>43</sup>Undantekningu frá þessu er að finna í eftirfarandi vísu en hún mun eiga að sýna málfar Svarfdælinga (Eiríkur Brynjólfsson 1985:28, Ásta Svavarsdóttir og Þóra Björk Hjartardóttir 1996:98 — þær tvær útgáfur vísunnar sem hér er vísað til eru ekki að öllu leyti samhljóma (*sú hugsu ég hafi verið feit* hjá Eiríki sem ritar *hebbði*) en hér er stuðst við grein Ástu og Þóru, ég hef þó tekið út skáletranir þeirra og bætt við feitletri á viðeigandi stöðum):

- (i) Svartfuglu í sandinum ég leit  
sú ég hugsu verið hafi feit.  
Hana **drepið hebbði** ég **skulað** þá  
hebbði hún ekki flogið burt mér frá.

Hér er ýmislegt sem er athyglisvert, svo sem framburðarmyndin *hebbði*, en það sem er áhugavert í ljósi umræðu þessa kafla er lýsingarháttarmyndin *skulað*. Hér er sem sagt um að ræða lýsingarhátt þátíðar (eða kannski öllu heldur sagnbót)! Setningin með „eðlilegri“ orðaröð (og hefðbundinni stafsetningu) væri þá einhvern veginn svona:

- (ii) Ég hefði skulað drepið hana.

Hér stýrir *skulu* lýsingarhætti þátíðar (eða sagnbót) sagnarinnar *drepa*. Það er óvænt því *skulu* tekur alla jafna með sér nafnhátt án nafnháttarmerkis. Þetta er eina svarfdælska dæmið sem ég veit um þar sem *skulu* stendur í lýsingarhætti og því vitum við ekki hvort *skulu* taki almennt með sér lýsingarhátt í máli þeirra sem hafa þessa notkun *skulu*.

Það er þó ekki óþekkt að háttarsagnir sem stýra nafnhætti fari að stýra lýsingarhætti. Þannig geta nokkrar háttarsagnir í færeysku stýrt nafnhætti og lýsingarhætti en þó er merkingarmunur á því hvor hátturinn er notaður eins og sjá má í (iii) (Höskuldur Þráinsson o.fl. 2004:76–77).

- (iii) a. Hon kundi fara, hvar hon vildi.  
hún kunni fara hvar hún vildi  
‘Hún gat farið hvert sem hún vildi.’
- b. Hon kundi farið, um hon vildi.  
hún kunni farið ef hún vildi

Þannig mætti líta svo á að þessar tvær sagnir væru grunnmyndaðar í tíðarhaus rétt eins og enskir kollegar þeirra. Hér verður þó að minnast á það að þessar háttarsagnir tíðbeygjast en þó eru þær ekki til í framsöguhátti þátíðar eins og sést í töflum 16–17.

	Framsöguháttur				Viðtengingarháttur			
	Nú tíð		Þátíð		Nú tíð		Þátíð	
	et.	ft.	et.	ft.	et.	ft.	et.	ft.
1.p.	mun	munum	–	–	muni	munum	myndi	myndu
2.p.	munt	munuð	–	–	munir	munið	myndir	mynduð
3.p.	mun	munu	–	–	muni	muni	myndi	myndu

Tafla 16: Beyging háttarsagnarinnar *munu*.

	Framsöguháttur				Viðtengingarháttur			
	Nú tíð		Þátíð		Nú tíð		Þátíð	
	et.	ft.	et.	ft.	et.	ft.	et.	ft.
1.p.	skal	skulum	–	–	skuli	skulum	skyldi	skyldu
2.p.	skalt	skuluð	–	–	skulir	skulið	skyldir	skylduð
3.p.	skal	skulu	–	–	skuli	skuli	skyldi	skyldu

Tafla 17: Beyging háttarsagnarinnar *skulu*.

Hugsanlega má líta á *could, might, should* og *would* sem þátíð og jafnvel viðtengingarhátt *can, may, shall* og *will* en aftur á móti er *must* ekki til í þátíð. Þannig má e.t.v. segja að *would* væri notuð til að tákna viðtengingarhátt þátíðar, rétt eins og *myndi* (vh.þt. af *munu*) er notuð til að tákna viðtengingarhátt þátíðar.

Ólíkt *munu* og *skulu* í íslensku (og öðrum sögnum í ensku) beygjast enskar háttarsagnir hins vegar ekki eftir persónum, þ.e. þær fá ekki 3.p.-s:

‘Hún hefði getað farið ef hún hefði viljað það.’  
(Höskuldur Þráinsson o.fl. 2004:76)

Hér til viðbótar má svo nefna að nokkuð virðist bera á því að háttarsögnin *vilja* taki lýsingarhátt þátíðar sagnarinnar *geta* en ekki beran nafnhátt (Einar Freyr Sigurðsson 2007).

- (iv) a. Ég á jeppa því ég vil getað komist út fyrir malbikið með túristana mína.  
(<http://jenfo.blog.is/blog/jenfo/entry/459735/>, athugasemd á bloggsíðu skrifuð 28. febrúar 2008)
- b. Ég hefði viljað getað sagt að við ættum að vera hér á fundi á Alþingi á mánudaginn kemur [...]  
(<http://www.althingi.is/alttext/raeda/132/rad20051020T180131.html>, alþingisræða flutt 20. október 2005)

Nokkuð erfitt er að segja til um það hvort dæmi sem þessi séu prentvillur en þó eru niðurstöður af Google svo margar að það er e.t.v. ólíklegt að svo sé alltaf. Mér þykja dæmin í (iv) ekki ótæk en þó þykir mér mun eðlilegra að nota *getað* ef sagnbót (eða lýsingarháttur þátíðar) *vilja* fer á undan, sbr. *viljað getað* í (ivb).

- (212) \*He wills come.  
hann mun koma  
(Höskuldur Þráinsson og Vikner 1995:52)

Fyrir utan það sem hér hefur verið tínt til virðist sögnin *munu* ekki hafa neina grunnmerkingu heldur eingöngu háttarmerkingu (eða möguleikamerkingu; Höskuldur Þráinsson 2005:420). Í þátíð er hún þá einkum notuð til að tákna viðtengingarhátt, sbr. (213a). Þannig hafa setningarnar tvær í (213) sömu merkingu.

- (213) a. Ég myndi gjarnan vilja það.  
b. Ég vildi (vh.þt.) það gjarnan.

Í nútíð er *munu* notuð til að tákna framtíð, sbr. (214) (eða líkindi, sbr. Höskuld Þráinsson 2005:420), eða sögusögn, sbr. (215) (Höskuldur Þráinsson 2005:420).

- (214) Þið munuð finna ungabarn reifað og liggjandi í jötu.

- (215) Þú munt vera Bandaríkjamaður.

Það er hins vegar ekki jafnljóst hvort *skulu* hafi bæði möguleikamerkingu og grunnmerkingu þrátt fyrir að hegðun hennar sé mjög lík og *munu* eins og lýst var hér að ofan. Hún er a.m.k. til í möguleikamerkingu líkt og Höskuldur Þráinsson (2005) bendir á.

- (216) Það skal alltaf rigna þegar ég ætla í sólbað.

Hér gefur mælandi ekki skipun um að það *skuli* rigna þegar hann ætli í sólbað. Hér er háttar-sögnin notuð með veðurlepp (gervifrumlaginu *það* og svo veðursögn, *rigna*) sem bendir til að þetta sé möguleikamerking. Hins vegar er *skulu* oft (jafnvel oftar, a.m.k. í mínu máli) notuð þar sem sögnin táknar skyldu sem bendir þá til grunnmerkingar.<sup>44</sup>

- (217) Þú skalt koma heim undir eins!

Þetta skiptir máli fyrir ópersónulegu háttarsagnagerðina, sbr. kafla 4.4.4, þ.e. að sögnin *skulu* sé notuð, að því er virðist, í grunnmerkingu.


---

<sup>44</sup>Þess má geta að t.d. Eide (2005) flokkar *skulle* 'skulu' í norsku bæði sem háttarsögn í grunnmerkingu og möguleikamerkingu.

### 4.4.3 Skipting háttarsagna í lyftingar- og stýrisagnir

Höskuldur Þráinsson og Vikner (1995) ræða þann möguleika að háttarsagnir í möguleikamerkingu séu lyftingarsagnir en í grunnmerkingu stýrisagnir. Þeir bera saman íslensku og dönsku að þessu leyti og komast að þeirri niðurstöðu að háttarsagnir í dönsku séu lyftingarsagnir, hvort heldur sem er í grunn- eða möguleikamerkingu, en í íslensku séu háttarsagnir í grunnmerkingu stýrisagnir en í möguleikamerkingu lyftingarsagnir. Hér verður því haldið fram að þetta sé rétt fyrir íslensku að mestu leyti: Háttarsagnir í möguleikamerkingu séu vissulega lyftingarsagnir en í grunnmerkingu séu aðeins sagnirnar *kunna*, *vilja* og *ætla* stýrisagnir, aðrar séu lyftingarsagnir. Áður en við athugum rök Höskuldar og Vikners skulum við skoða stuttlega stýrisagnir og lyftingarsagnir.

Í (218) er formgerð stýrisagna sýnd (Wurmbrand 1999:600).




Líkt og sést á þessari mynd er tveimur merkingarhlutverkum úthlutað: Háttarsögnin (Hátt) úthlutar frumlagi sínu, sem er ofar í formgerðinni, merkingarhlutverki og sögnin sem er í nafnhætti (NH) úthlutar frumlagi nafnháttarsetningarinnar merkingarhlutverki. Það frumlag, FOR á myndinni, er ekki borið fram. *Vonast til* og *reyna* eru dæmi um stýrisagnir.

- (219) a. Jón vonast til að sjá Sigurð í veislunni.  
b. Jón reyndi að sjá Sigurð í veislunni.

Formgerð setninganna í (219) er þá sú sem sýnd er í (218): sagnirnar *vonast til* og *reyna* úthluta frumlagi sínu, *Jón*, merkingarhlutverki og sögnin *sjá* í báðum setningum úthlutar FOR merkingarhlutverki.

Í (220) er formgerð lyftingarsagna sýnd (Wurmbrand 1999:600).



*Virðast* er dæmi um lyftingarsögn. Hún úthlutar ekki merkingarhlutverki og því er aðeins einu hlutverki úthlutað í eftirfarandi setningu:

(221) Jón virtist sjá Sigurð.

Höskuldur Þráinsson og Vikner (1995) færa fyrir því ýmis rök að háttarsagnir í möguleikamerkingu séu lyftingarsagnir en stýrisagnir í grunnmerkingu. Hér verða röksemdir þeirra ekki raktar í smáatriðum en þess í stað rætt um sterkustu setningafræðilegu rökin fyrir þessari aðgreiningu, varðveislu frumlagsfalls.

Þegar lyftingarsagnir standa með sögnum sem taka aukafallsfrumlag varðveitist fallið. Þetta sést í (222). Þegar hins vegar stýrisagnir standa með slíkum sögnum varðveitist fallið ekki því að stýrisagnir taka eigið frumlag og úthluta því merkingarhlutverki og falli. Þetta er sýnt í (223) en vegna þess að *vonast til* er stýrisögn og tekur nefnifallsfrumlag er frumlagið, *Haraldur*, í nefnifalli en hvorki í þolfalli né þágufalli.

(222) a. Harald / \*Haraldur virðist vanta peninga. (lyfting)

b. Haraldí / \*Haraldur virðist líka vel í Stuttgart. (lyfting)

(223) a. Haraldur / \*Harald vonast til að vanta ekki peninga. (stýring)

b. Haraldur / \*Haraldi vonast til að líka vel í Stuttgart. (stýring)

(sbr. Höskuld Þráinsson og Vikner 1995:60)

Háttarsagnir í möguleikamerkingu hegða sér eins og lyftingarsagnir m.t.t. þess sem hér hefur verið rætt, varðveislu frumlagsfalls. Þetta sést vel þegar háttarsögn í möguleikamerkingu stendur með aðalsögn sem tekur aukafallsfrumlag.

(224) a. Harald / \*Haraldur vill oft vanta peninga. (möguleikamerking)

‘Það hendir oft að Harald vanti peninga.’

- b. Haraldi / \*Haraldur ætlar að líka vel í Stuttgart. (möguleikamerking)  
'Það lítur út fyrir að Haraldi muni líka vel í Stuttgart.'  
(Höskuldur Þráinsson og Vikner 1995:60)

Sögnin *vanta* tekur með sér þolfallsfrumlag og *líka* þágufallsfrumlag. Í (222) varðveitist frumlagsfallið vegna þess að *virðast* er lyftingarsögn og úthlutar engum röklið merkingarhlutverki og falli. Hið sama er á seyði í (224) en þar varðveitist frumlagsfallið sömuleiðis. Í þessum setningum eru háttarsagnirnar *vilja* og *ætla* í möguleikamerkingu og hegða sér eins og lyftingarsagnir: Þær úthluta ekki merkingarhlutverki eða falli heldur helst fall frumlagsins (þolfall í (224a), þágufall í (224b)) sem er frá aðalsögnunum *vanta* og *líka* komið.

Wurmbrand (1999) heldur því fram að allar háttarsagnir, einnig í íslensku, séu lyftingarsagnir. Það byggir hún m.a. á setningunum í (224) (Wurmbrand 1999:602) þar sem frumlagsfall „neðri“ sagnarinnar varðveitist — ef t.d. háttarsögnin *vilja* í (224a) væri stýrisögn úthlutaði hún frumlaginu nefnifalli.

Þó er augljóst að *vilja* í (224a) er í möguleikamerkingu og það er *líka* einnig í (224b) (um það vitnar líka þýðing Wurmbrand 'It looks like Harold will like Stuttgart') þótt það sé ekki jafnaugljóst. Þetta passar vel við greiningu Höskuldar og Vikners. En Wurmbrand sýnir hins vegar einnig setninguna í (225).

- (225) Haraldi / \*Haraldur verður að líka hamborgarar.  
(Wurmbrand 1999:602)

Hér virðist *verða* vera í grunnmerkingu en engu að síður er nefnifallið *Haraldur* ótækt. Það kemur á óvart ef háttarsagnir í grunnmerkingu eru stýrisagnir. Út frá þessu mætti ætla að ályktun Wurmbrand væri rétt, þ.e. að allar háttarsagnir, í grunn- og möguleikamerkingu, séu lyftingarsagnir. Lítum betur á þetta og skoðum fleiri dæmi.

Í (226)–(233) fara háttarsagnir á undan sögninni *mistakast* sem tekur þágufallssfrumlag, sbr. *Þér mistekst*.

- (226) a. Þér mun ekki mistakast.  
b. \*Þú munt ekki mistakast.
- (227) a. Þér skal ekki mistakast.  
b. \*Þú skalt ekki mistakast.
- (228) a. Þér má ekki mistakast.  
b. \*Þú mátt ekki mistakast.



- (229) a. Þér þarf ekki að mistakast.  
b. \*Þú þarft að mistakast.
- (230) a. Þér á að mistakast.  
b. \*Þú átt alls ekki að mistakast.
- (231) a. Þér verður að mistakast.  
b. \*Þú verður að mistakast.
- (232) a. Þér hlýtur að mistakast.  
b. \*Þú hlýtur að mistakast.
- (233) a. Þér getur ekki mistekist.  
b. \*Þú getur ekki mistekist.

Í b-dæmunum hér að ofan er reynt að nota háttarsögn í grunnmerkingu með nefnifallsfrumlagi þrátt fyrir að sögnin sem á eftir fer sé sögn sem úthlutar frumlagi sínu aukafalli (það er þó erfitt að heimfæra þetta á *munu* í (226b) því að hún er aðeins til í möguleikamerkingu eins og vikið var að í kafla 4.4.2). Öll eru þessi dæmi ótæk en a-dæmin eru aftur á móti tæk. Þetta bendir til þess að allar þessar háttarsagnir séu lyftingarsagnir, hvort heldur sem er í grunn- eða möguleikamerkingu.

Þrjár aðrar háttarsagnir, *vilja*, *kunna* og *ætla*, hegða sér aftur á móti ekki á sama hátt í grunnmerkingu:

- (234) a. \*Honum vill alls ekki mistakast.  
b. ?Hann vill alls ekki mistakast.
- (235) a. \*Hafðu ekki áhyggjur af mér, mér kann ekki að leiðast.  
b. ?Hafðu ekki áhyggjur af mér, ég kann ekki að leiðast.
- (236) a. \*Liði Liverpool ætlar að mistakast viljandi í lokaleiknum svo að Everton falli.  
b. ?Lið Liverpool ætlar að mistakast viljandi í lokaleiknum svo að Everton falli.

Eins og sést hef ég sett spurningarmerki við b-setningarnar en ég hef stjörnumerkt a-setningarnar. Þetta bendir til þess að þessar háttarsagnir í grunnmerkingu séu ekki lyftingarsagnir heldur miklu frekar stýrisagnir. Því tek ég ekki undir þá fullyrðingu Wurmbrand (1999) að allar háttarsagnir séu lyftingarsagnir því að *vilja*, *kunna* og *ætla* í grunnmerkingu eru stýrisagnir en aðrar sagnir, í grunnmerkingu og möguleikamerkingu, eru lyftingarsagnir.

#### 4.4.4 Ópersónulega háttarsagnagerðin

Í þessum hluta verður fjallað um setningar á borð við (237).

(237) Það má ekki skoða lítinn kall.

(Úr „Laginu um það sem er bannað“, höf. Sveinbjörn I. Baldvinsson)

Þetta er dæmi um hina svokölluðu ópersónulegu háttarsagnagerð (e. *Impersonal Modal Construction*) sem Halldór Ármann Sigurðsson (1989) benti, mér vitanlega, fyrstur manna á og hann er jafnframt sá sem hefur fjallað ítarlegast um þessa setningagerð (sjá einnig Halldór Ármann Sigurðsson og Egerland 2009). Áhrifssögnin *skoða* stýrir formgerðarþolfalli á rökliðnum *lítinn kall* í (237) en þó er ekkert sýnilegt, röklegt frumlag í setningunni — *það* er leppur eins og sést á því að þegar einhver annar liður í setningunni er færður fremst er *það* ótækt.

(238) Ekki má (\*það) skoða lítinn kall.

Þessi setningagerð er þó ekki möguleg með öllum háttarsögnum, t.d. er ekki hægt skipta *munu* (sem er eingöngu til í möguleikamerkingu, sbr. kafla 4.4.2) eða *kunna* út fyrir *mega* í setningunni í (237) (hér sleppi ég því að nota neitunina, *ekki*, vegna þess hún virðist knýja fram grunmerkingu *kunna* í (239b)).<sup>45</sup>

(239) a. \*Það mun skoða lítinn kall.

b. \*Það kann að skoða lítinn kall.

Þær sagnir, fyrir utan *mega*, sem eru mögulegar í ópersónulegu háttarsagnagerðinni eru *eiga*, *þurfa*, *verða* og *skulu*.

Einkenni ópersónulegu háttarsagnagerðarinnar er frumlagsleysið en forsenda hennar er þá — líkt og nafnið bendir til — að í setningunni sé háttarsögn. Frumlagsleysið er hins vegar aðeins á „yfirborðinu“ en færð hafa verið sterk rök fyrir því að setningagerð þessi taki með sér ósýnilegt frumlag, *for*. Það sem er til marks um það er formgerðarþolfall sem aðalsögnin úthlutar (þ.e. taki hún andlag). Væri ekki *for* í þessari setningagerð mætti jafnvel búast við því að sögn, sem venjulega tekur með sér andlag í þolfalli í germynd, tæki með sér röklið í nefnifalli. Það er hins vegar ótækt eins og sést í eftirfarandi dæmi:

<sup>45</sup>Hér skal það tekið fram að setningarnar í (239) væru ekki ótækar ef *það* væri ekki gervifrumlag heldur fornafn sem væri t.d. notað til þess að vísa til barns.

(i) a. Það (= barnið) mun skoða lítinn kall.

b. Það (= barnið) kann að skoða lítinn kall.

- (240) Hér má ekki auglýsa bókina/\*bókin.  
(Halldór Ármann Sigurðsson og Egerland 2009:171)

Það styður það einnig að ópersónulega háttarsagnagerðin í (240) sé germynd með ósýnilegu frumlagi, *for*/FOR, að afturbeyging er möguleg: Þá er afturbeyging tæk þrátt fyrir að enginn sjáanlegur undanfari liðstýri afturbeygða liðnum:

- (241) a. Hér má ekki auglýsa bækurnar **sínar**.  
b. Þarf að vanda **sig**?

Til viðbótar þessu má nefna að viðurlag sem vísar til geranda er mögulegt í ópersónulegu háttarsagnagerðinni, sjá (242):

- (242) Það má ekki dansa **einn/hlæjandi**.

Rökin sem hér eru talin upp eru þau hin sömu og Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling (2001a) færa fyrir þeirri tilgátu sinni að nýja þolmyndin sé germynd. Áður en við athugum *af*-liði í ópersónulegu háttarsagnagerðinni skulum við líta betur á sagnirnar sem koma fyrir í henni. Eins og áður hefur verið nefnt koma háttarsagnir í möguleikamerkingu á undan hjálparsögninni *hafa* þegar sögnunum er hrúgað saman en *hafa* fer aftur á móti á undan háttarsögn í grunnmerkingu. Í ópersónulegri þolmynd, þar sem ekkert röklegt frumlag er, er einungis tækt að mynda setningar með háttarsögnum á borð við *mega* þegar þær eru í möguleikamerkingu (sbr. Halldór Ármann Sigurðsson og Egerland 2009).

- (243) a. Það má hafa verið dansað í veislunni, ég man það bara ekki.  
b. \*Það má hafa dansað.
- (244) a. \*Það hefur aldrei mátt vera dansað í skólanum.  
b. Það hefur aldrei mátt dansa í skólanum.

Af þessu er hægt að draga þá ályktun að einungis háttarsagnir í grunnmerkingu komi fyrir í ópersónulegu háttarsagnagerðinni, þ.e. að einungis í grunnmerkingu sé *for* eða FOR til staðar í setningunni.

Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling (2001a) telja að í nýju þolmyndinni sé ósagt frumlag, *for*, og gera ráð fyrir að það sé svipað og í ópersónulegu háttarsagnagerðinni. Því er mikilvægt að skoða hvernig ópersónulega háttarsagnagerðin gengur með nýju þolmyndinni. Í (244a) sést að formgerðin er ótæk með ópersónulegri þolmynd en þar er í raun miðað við mál þeirra sem hafa ekki nýju þolmyndina. Ef nýja þolmyndin hefur *for*-frumlag þá ætti a.m.k. að vera

mögulegt fyrir málfafa sem hafa hana í máli sínu að túlka (244a) þannig að þar sé *for*. Setningin í (244a) er hins vegar ótæk í máli þeirra. Það eru líka svipaðar setningar sem ótvírætt sýna nýju þolmyndina, sjá (245):

- (245) a. \*Það má alls ekki vera lamið sjálfan sig!  
b. \*Það hefur aldrei þurft að vera sagt mér þetta tvisvar.
- (246) a. Það má alls ekki lemja sjálfan sig!  
b. Það hefur aldrei þurft að segja mér þetta tvisvar.

Setningar svipaðar þeim í (245) verða tækar (í máli þeirra sem hafa nýju þolmyndina) þegar háttarsagnirnar eru ekki í grunnmerkingu heldur möguleikamerkingu, sjá (247):

- (247) a. Það má þá aldeilis hafa verið lamið sjálfan sig.  
b. Það verður að hafa verið sagt honum brandarann áður ef þú vilt að hann fatti hann.  
c. Það á víst að hafa verið brennt bókina.
- (248) a. \*Það má þá aldeilis hafa lamið sjálfan sig.  
b. \*Það verður að hafa sagt honum brandarann áður ef þú vilt að hann fatti hann.  
c. \*Það á víst að hafa brennt bókina.

Ópersónulega háttarsagnagerðin er því ótæk með nýju þolmyndinni. Það virðast, við fyrstu sýn, vera mjög sterk rök gegn því að í nýju þolmyndinni sé ósagt frumlag, *for*. Um mótrök gegn þessu er rætt í 5. kafla.

Eins og áður hefur verið rakið hefur einkum verið deilt um *af*-liði í nýju þolmyndinni. Um þá hefur hins vegar ekki verið deilt í tengslum við ópersónulegu háttarsagnagerðina enda virðist augljóst að ótækt sé að tákna geranda í forsetningarlið (*af*-lið).

- (249) a. \*Það má ekki dansa af neinum.  
b. \*Í gamla daga mátti bara taka þátt í almennum kosningum af körlum.
- (250) \*Það þarf að þvo gólflið af einhverjum.  
(Jóhannes Gísli Jónsson 2009:294)

Ekki er þó allt sem sýnist.

- (251) Í dag á samkvæmt dagskrá að brenna föður minn (af femínistum og fylgifiskum).  
(<http://www.dv.is/frettir/2012/2/23/i-dag-samkvaemt-dagskra-ad-brenna-fodur-minn->

af-feministum-og-fylgifiskum/, skrifað 23. febrúar 2012)

Hér er *af*-liður notaður í ópersónulegu háttarsagnagerðinni, þrátt fyrir að ósýnilegt andlag (FOR eða *for*) sé þar. Við fyrstu sýn mætti ætla að *af*-liðir væru ótækir með *mega* og *þurfa* en tækir með *eiga*. Svo er hins vegar ekki eins og niðurstöður úr könnun Hlífur Árnadóttur leiða í ljós,<sup>46</sup> sjá töflu 18, en þar var sögnin *þurfa* í ópersónulegu háttarsagnagerðinni með *af*-lið dæmd tæk af miklum meirihluta þátttakenda (sjá til samanburðar *þurfa* í (250)).

	<b>já</b>	<b>?</b>	<b>nei</b>
Það þyrfti að rannsaka þetta	761	182	115
mun betur af fræðimönnum.	(72%)	(17%)	(11%)

Tafla 18: Niðurstöður úr könnun Hlífur Árnadóttur, apríl 2012.

Að einhverju leyti virðast þannig *af*-liðir í ópersónulegu háttarsagnagerðinni vera tækir þótt ekki verði gerð tilraun til að skýra hvenær svo er. En hvernig getur á þessu staðið ef ósýnilegur rökliður er til staðar í setningunni? Við höfum þegar séð að aðeins þrjár háttarsagnir í grunnmerkingu eru stýrisagnir (*vilja*, *ætla*, *kunna*). Aðrar háttarsagnir í grunnmerkingu eru þar með lyftingarsagnir en þá er aðeins einu merkingarhlutverki úthlutað. Það hlýtur að skipta máli.

## 4.5 Næstum lokið horf

Jóhannes Gísli Jónsson (1992b) fjallar um tvenns konar lokið horf í íslensku, sbr. eftirfarandi:

- (252) a. Ég hef séð þessa mynd.  
b. Ég er búinn að sjá þessa mynd.  
(Jóhannes Gísli Jónsson 1992b:129)

Ef nýja þolmyndin er germynd gætum við búist við því að þolmyndarháttur (í hefðbundinni þolmynd) verði að lýsingarhætti þátíðar (í nýju þolmyndinni). Það virðist ekki fjarri lagi — germyndarsetningar með loknu horfi, mynduðu með hjálparsögninni *hafa*, eiga sér oftast hliðstæðar setningar í nýju þolmyndinni sé tekið tillit til lýsingarháttarins og andlagsins (eða andlaganna, þegar þau eru tvö).

- (253) a. Ég hef séð þessa mynd.  
b. Það var séð þessa mynd.

<sup>46</sup>Hlíf Árnadóttir framkvæmdi könnun á netinu í apríl 2012. Á meðal setninganna sem hún prófaði kannaði hún fyrir mig setninguna í töflu 18.

Hins vegar hefur (253) ekki merkingu lokins horfs heldur er merkingin ‘Einhver sá þessa mynd’.

Jóhannes Gísli Jónsson (1992b) nefnir aðra gerð sem minnir á lokið horf.

- (254)
- a. Hún var nærri dottin í hálkunni.
  - b. Ég er ekki enn farinn heim.
  - c. Hann er löngu dáinn.

Jóhannes telur þetta ekki vera lokið horf, a.m.k. ekki í sama skilningi og lokið horf með *hafa*. Munurinn sést í (255) og (256) (Jóhannes Gísli Jónsson 1992b).

- (255)
- a. \*Jón er farinn gangandi/í flýti til Boston.
  - b. \*Jón er oft farinn til Boston.
  - c. \*Jón er farinn yfir þrjár brýr á leiðinni.
- (256)
- a. Jón hefur farið gangandi/í flýti til Boston.
  - b. Jón hefur oft farið til Boston.
  - c. Jón hefur farið yfir þrjár brýr á leiðinni.

Dæmin ótæku í (255) eru í germynd. Samsvarandi dæmi í þolmynd eru hins vegar tæk.

- (257)
- a. Það var oft farið (?)gangandi/í flýti til Boston.
  - b. Það var oft farið til Boston.
  - c. Það er farið yfir þrjár brýr á leiðinni.

Þessar setningar eru allar tækar. Merking (257a) er ‘Einhver fór gangandi/í flýti til Boston’. Þessi setning er einnig tæk í nýju þolmyndinni en ef það væri ótiltekið frumlag í henni byggjumst við hins vegar við að setningin væri ótæk rétt eins og germyndarsetningin í (255a).

Skoðum næst setningu sem Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling (2001a) telja til marks um að nýja þolmyndin sé germynd.

- (258) Það var næstum því dottið í hálkunni.

Hér ættu tvær merkingar að koma til greina í máli þeirra sem hafa nýju þolmyndina, annars vegar ‘Einhver datt næstum því í hálkunni’ (ekkert *for*-frumlag) og hins vegar ‘Einhver var næstum því dottinn í hálkunni’ (*for*). Þó er aðeins fyrri merkingin, „þolmyndarmerkingin“, sem kemur til greina.

Einnig er athyglisvert að í máli þeirra sem hafa nýju þolmyndina stýrir meint *for* ekki samræmi á þolmyndar- eða lýsingarhættinum, sbr. (259), en þannig er það hins vegar í ópersónulegu háttarsagnagerðinni, sbr. (260):

- (259) a. \*Verður farinn á morgun?  
b. Verður farið á morgun?
- (260) a. Má vera farinn þegar sjálf hátíðin byrjar?  
b. \*Má vera farið?

Ópersónulega háttarsagnagerðin, sem inniheldur ósýnilegt frumlag, kallar á samræmi við frumlagið. Þetta bendir til þess að annaðhvort sé ekki *for* í nýju þolmyndinni eða að það sé öðruvísi en Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling (2001a) telja.

## 4.6 Ópersónulega frumlagið *maður*

### 4.6.1 Almennt um óákveðna fornafnið

Þegar rætt er um ópersónulega germynd í ýmsum tungumálum ber ópersónuleg frumlög sem borin eru fram gjarnan á góma. Þetta eru þá oft óákveðin fornöfn á borð við *maður*. Hliðstæð fornöfn í skyldum málum eru *man* í dönsku og þýsku og *man(n)* í færeysku. Þá var *man* til í fornensku en í nútímamáli er það ekki til en hins vegar er annað fornafn í ensku, *one* 'einhver', notað að sumu leyti eins og *maður* í íslensku.<sup>47</sup>

<sup>47</sup>Þess má geta að á undanförunum árum — eftir því sem ég best veit er þetta mjög nýlegt — hefur færst í vöxt að konur noti ekki óákveðna fornafnið *maður* heldur segi *kona* í sömu eða svipaðri merkingu (t.d. *Kona spyr sig* í stað *Maður spyr sig* sem er allt að því fast orðasamband). Virðist þetta oft eða oftast vera gert meðvitað. Þrátt fyrir að nafnorðið *maður* geti átt við um karlmenn og kvenmenn getur *maður* einnig átt aðeins við um karlmenn. Sú merking virðist fyrirferðarmikil, einnig þegar um er að ræða óákveðna fornafnið *maður*, í hugum margra þeirra sem nota *kona* sem fornafn.

Í eftirfarandi texta af netinu eru sýnd dæmi um notkunina en þar sést einnig að notkun óákveðna fornafnsins *kona* er ekki náttúrulega sprottin hjá höfundu textans heldur af ásettu ráði (hér hef ég feitiletrað orðin *maður* og *kona*):

- (i) Jamm svo hef ég ákveðið að venja mig á að segja "**kona**" í staðinn fyrir "**maður**" þegar **maður** segir e-ð! Eins og t.d. "Já, **maður** er nú ansi klár sko!" verður "já, **kona** er nú ansi klár sko!" Og "Já **kona**!" Í staðinn fyrir "já **maður**!" og þar fram eftir götumum :-D Held að þetta verði frekar fyndið ef **kona** nær að venja sig á þetta! Hvað haldið þið? Vona bara að **kona** eigi eftir að muna þetta áfram!  
(<http://dinolitli.blogcentral.is/blog/2005/1/16/myrkur-i-blokkinni/>, skrifað 16. janúar 2005)

Þessa nýju notkun mætti líklega fella undir það sem Guðrún Þórhallsdóttir (2008:109) kallar á íslensku *kvenvæðingu* (e. *feminization*, *gender specification*) og er hluti femínískrar málstýringar en um hana má lesa í grein Guðrúnar (2008), sjá einkum 4. kafla. Með kvenvæðingu er að sögn Guðrúnar reynt að gera konur sýnilegri í málinu og sem dæmi um hana nefnir hún það þegar kvenkyn er notað við hlið sjálfgefins, hlutlauss kyns (karlkyns) (Guðrún Þórhallsdóttir 2008:109), sbr. (ii):

Ýmis rök má færa fyrir því að *maður* sé hægt að greina sem fornafn. Aðalsteinn Eyþórsson (1986) sýnir eftirfarandi dæmi um fornafnsnotkunina:

- (261) a. Manni getur nú sárnað.  
b. Maður reynir að gera sitt besta.  
(Aðalsteinn Eyþórsson 1986)

Sé ákvæðisorði bætt við orðið *verður* að greina *maður* sem nafnorð, eins og Aðalsteinn Eyþórsson (1986) bendir á.

- (262) a. Þessum manni getur nú sárnað.  
b. Sérhver maður reynir að gera sitt besta.  
(Aðalsteinn Eyþórsson 1986)

Að þessu leyti er fornafnið *maður* líkara persónufornöfnum en óákveðnum fornöfnum en þau síðarnefndu geta staðið með ákvæðisorðum, sbr. (263):

- (263) a. Þessir fáeinu mjög óánægðu kjósendur.  
b. Þessir ýmsu afar mikilhæfu listamenn.  
c. Þessir mörgu hrikalega efnilegu framsóknarmenn.

---

(ii) *Sá eða sú* sem svarar flestum spurningum rétt fær verðlaun. *Hann eða hún* verður fulltrúi skólans á skólámóti næsta vor.  
(Guðrún Þórhallsdóttir 2008:110)

Hér þætti mörgum fara betur á því að nota eingöngu málfræðilegt karlkyn enda vísar það þá ekki eingöngu til karlkyns nemenda.

Þess má til gamans geta að þótt sumir telji e.t.v. að fornafnið *maður* geri fyrst og fremst karlmenn sýnilega í málinu geta aðrar verur en menn, svo sem bangsar, asnar og refir, notað það, svo sem í skáldsögum, til að vísa til sjálfs sín. Þetta er sýnt í (iii)–(iv) (leturbreytingar eru mínar).

- (iii) a. „Þetta sýnir **manni** hvað hægt er að gera með smá fyrirhöfn,“ sagði Eyrnaslapi.  
b. „Hann segir þetta aftur,“ sagði Bangsímon, „og ég held áfram að raula. Og það kemur honum í uppnám. Því að þegar **maður** segir „Ho-hó!“ tvisvar í röð og hlakkandi og hinn bara raular þá finnur **maður** allt í einu, þegar **maður** ætlar að fara að segja það í þriðja sinn að — að — sko **maður** finnur —“  
(Milne 2009:17, 43–44)

(iv) Það má vel vera, sagði refurinn. **Maður** sér allt mögulegt á jörðinni ...  
(Saint-Exupéry 2010:66)

Þó má benda á það að í dæmunum hér að ofan eru mælendur allir karlkyns. Ef *maður* vísaði bara til manna þyrfti refurinn í (iv) e.t.v. að segja (þótt margt annað hefði auðvitað komið til greina): „Refur sér allt mögulegt á jörðinni.“



- d. Þessir fáu mjög lélegu bílar.  
(Aðalsteinn Eyþórsson 1986)

Aðalsteinn stingur raunar upp á því að *maður* sé flokkað með persónufornöfnum og færir frekari rök fyrir því: *Maður* geti tekið eftirsett ákvæðisorð á borð við *sjálfur*, líkt og persónufornöfn:

- (264) Aðrir eru ekkert betri en maður sjálfur.  
(Aðalsteinn Eyþórsson 1986)

Jóhannes Gísli Jónsson (1992a) segir að orðið *maður* tákni þrennt: 1) samnafnið ‘maður’, 2) fornafnið ‘einhver’ (e. *one*) og 3) 1.p. fornafnið ‘ég’.<sup>48</sup> Mér virðist *sjálfur* aðeins notað með fornafninu *maður*, sbr. (264), þegar það er notað í 1.p.-merkingunni.

Greining Aðalsteins er athyglisverð og a.m.k. eitt enn mætti tína til sem sýnir að *maður* hegðar sér ekki eins og óákveðin fornöfn. Í íslensku er aðeins tiltölulega lítill hluti málsamfélagsins sem notar ákveðniliði á borð við (265a) *bíllinn Jóns*. Þetta er hið svokallaða Ólafsfjarðareignarfall sem er landshlutabundið setningabrigði (Gunnhildur Ottósdóttir 2006; Guðjón Ragnar Jónasson 2008); það finnst í miklum mæli m.a. á Ólafsfirði en einnig t.d. á Sauðárkróki (Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.) 2012).

- (265) a. %bíllinn Jóns  
b. bíll Jóns  
c. bíllinn hans Jóns

Það sem gerir (265a) ótækt í máli svo margra er að þar fer nafnorð með greini á undan öðru nafnorði, sérnafni, í eignarfalli. Þeir sem telja setningu (265a) ótæka segðu líklega frekar (265b) eða (265c). Aftur á móti ætti nafnorð með greini á undan eignarfornafni að vera tækt í máli allra:

- (266) bíllinn minn

Ef fornafnið *maður* hegðaði sér eins og óákveðin fornöfn ætti það ekki að geta staðið sem eignafallseinkunn með nafnorði með greini, sbr. (267):

- (267) a. %bíllinn fáeinna  
b. %bíllinn ýmissa  
c. %bíllinn margra  
d. %bíllinn fárra

---

<sup>48</sup>Hann segir að í forníslensku hafi aðeins nafnorðið *maður* verið til en telur að út frá því hafi fornafnið *maður* þróast en þá fyrst í merkingunni ‘einhver’, síðar hafi svo merkingin ‘ég’ orðið möguleg.

Hins vegar hegðar *maður* sér eins og eignarforöfn:

(268) Ef bíllinn manns bilar verður *maður* að gera við hann.

Í titli þessa undirkafla segir að *maður* sé óákveðið foröfn. Ekki er augljóst að það sé rétt, að sumu leyti líkist það einna helst persónuforöfnum, að öðru leyti eignarforöfnum. Ég mun þó halda mig við það að kalla þetta óákveðið foröfn.

Notkun orðsins *maður* sem óákveðins foröfns er nýjung í íslensku að því leyti að hún virðist ekki vera samgermanskur arfur þrátt fyrir að fjölmörg germönsk tungumál búi yfir sams konar notkun. Eins og Halldór Ármann Sigurðsson og Egerland (2009:nmgr. 4 á bls. 160) benda á segir Jakob Jóh. Smári (1920:130) uppruna notkunarinnar danskan og þýskan. Elstu dæmin sem ég hef fundið í IcePaHC þar sem ég tel að *maður* sé notað sem óákveðið foröfn eru frá 16. og 17. öld. Tvö þeirra eru sýnd í (270). Aftur á móti eru eldri dæmi til þar sem ekki er ljóst í hvaða merkingu orðið *maður* er notað. Slík dæmi eru sýnd í (269). Leturbreytingar eru mínar hér að neðan.

- (269) a. Hverega tungu er **maður** skal rita annarrar tungu stöfum [...] (1150.FIRSTGRAMMAR.SCI-LIN.,5; *The First Grammatical Treatise* 1972)
- b. Var hann vakur og vel stilltur og lét þess snemma á kenna að hann mundi það heilræði þýðast vilja er Davíð kennir í saltara, að **maður** skuli hneigja sig frá illu og gera gott [...] (1210.THORLAKUR.REL-SAG.,24; *Þorláks saga helga* 1989)
- (270) a. þar sem eg kom, var hún með stórum köstulum á báðar síður, og með svo stórum stykkjum, að **maður** mátti smjúga inn í þeirra kjaft. (1628.OLAFUREGILS.BIO-TRA.,517; Ólafur Egilsson 1969)
- b. Þess vegna finnur **maður** og sjaldan í þeirra árabókum eður almanökum nokkuð teiknað um þeirra stríð, (1745.KLIM.NAR-FIC,66.702; *Nikulás Klím* 1948)

Í (270a) vísar sögumaður til sjálfs sín í 1.p. („þar sem eg kom“) og notar svo stuttu síðar *maður* og á þá mögulega við sjálfan sig (og jafnvel fleiri) frekar en að hann vísi þar til þess að mannskepnan hafi átt erfitt með að „smjúga inn í þeirra kjaft“. Í (270b) er svo líklega lýst reynslu sögumanns af því að finna sjaldan „nokkuð teiknað um þeirra stríð“. Þarna er ekki alhæft um reynslu manna almennt af hinu sama og því virðist mega draga þá ályktun að *maður* sé notað sem óákveðið foröfn.

#### 4.6.2 Tengsl við nýju þolmyndina

Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling (2001a:150) benda á að eitt af aðaleinkennum þolmyndar sé að gerandinn sé óþekktur eða ónefndur. Í íslensku sé einnig hægt að nota ópersónulegt, raunverulegt (sýnilegt) fornafn, *maður*, til að ná fram þessum eiginleikum. Í pólsku sé hins vegar hægt að nota hulið fornafn (*for*).

- (271) Maður fékk alltaf hafragraut á morgnana í gamla daga.  
(Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling 2001a:150)

Athyglisvert er að hefðbundin þolmynd gengur varla í stað (271), sbr. (272a), en í nýju þolmyndinni gengur þetta mun betur, sbr. (272b).

- (272) a. ??Hafragrauttur var alltaf fenginn á morgnana í gamla daga.  
b. %Það var alltaf fengið hafragraut á morgnana í gamla daga.

Ýmislegt virðist sameiginlegt með *maður* og ósýnilegum frumlögum í íslensku en þó skiptir máli í hvaða merkingu fornafnið er. Jóhannes Gísli Jónsson (1992a) sýnir að eingöngu í almennu merkingunni er langdræg afturbeyging tæk.

- (273) a. \*Maður óttast að sér verði sagt upp. (1.p.-merking)  
b. Ef maður óttast að sér verði sagt upp ... (almenn merking)  
(Jóhannes Gísli Jónsson 1992a:22)

Í stað (273a) er hægt að segja, í 1.p.-merkingu, setninguna í (274):

- (274) Maður óttast að manni verði sagt upp. (1.p.-merking)

Ópersónulega háttarsagnagerðin hegðar sér eins og 1.p.-*maður*. Það sést í (275):

- (275) Má óttast að manni / \*sér verði sagt upp?

Hið sama má segja um ópersónulega þolmynd, sbr. (276):

- (276) Nú er óttast að manni / \*sér verði sagt upp.

Notkun 1.p.-*maður* getur verið hálfundarleg þegar fornafnið vísar til eiginleika (tiltekins) einstaklings (Jóhannes Gísli Jónsson 1992a:15):

- (277) a. ?Maður þolir ekki popptónlist.

- b. ?Maður á þrjá bræður og eina systur.
  - c. ?Maður er með frekar stórt nef.
- (Jóhannes Gísli Jónsson 1992a:16)

Í almennu merkingunni verða setningarnar miklu betri:

- (278)
- a. Ef maður þolir ekki popptónlist ...
  - b. Ef maður á þrjá bræður og eina systur ...
  - c. Ef maður er með frekar stórt nef ...

Þetta leiðir okkur að nýju þolmyndinni. Í könnun Maling og Sigríðar Sigurjónsdóttur (2002) voru eignarfornöfn í nýju þolmyndinni könnuð en eftirfarandi niðurstöður fengust:

	Landsbyggðin + úthv. Rvíkur	Rvík vestan Elliðaáa	Full- orðnir
a. Á kvöldin var skoðað tölvupóstinn sinn.	32%	10%	2%
b. Það var oft kaffært bróður sinn í sundlauginni.	5%	3%	1%

Tafla 19: Hlutfall jákvæðra svara í könnun Maling og Sigríðar Sigurjónsdóttur (2002:123).

Hér er setning a mun meira samþykkt en b þrátt fyrir að báðar setningar séu ótvíræð dæmi um nýju þolmyndina. Maling og Sigríður Sigurjónsdóttir (2002:124) telja að setning b í töflu 19 sýni ekki að afturbeyging sé ótæk í nýju þolmyndinni heldur að eitthvað við setninguna sé óeðlilegt. Munurinn á setningunum virðist fyrst og fremst sá að meint *for*-frumlag í a-setningunni er hægt að túlka þannig að það hafi almenna vísun. Í b-setningunni vísar frumlagið aftur á móti til tiltekens einstaklings. Maling og Sigríður Sigurjónsdóttir (2002:124) ræða einnig í þessu samhengi setningarnar í töflu 20 en þær báðar er hægt að túlka sem nýja þolmynd (fallið sést reyndar ekki í setningu b og í a hefur sögnin ákveðinn þágufallsröklið). Maling og Sigríður telja hér, eins og í setningu b í töflu 19, að eitthvað sé bogið við setningarnar frekar en að þær sýni að afturbeyging sé ótæk. Ég tek undir það en hér virðist einnig verða að túlka setningarnar þannig að undirliggjandi gerandi hafi tiltekna vísun, þó sér í lagi setningu a, *Í morgun var hrint systur sinni af hjólinu*, því að hún vísar til eins, ákveðins verknaðar. Að sama skapi gefa orðin *sundlauginni* og *hjólinu* það til kynna að einhver hafi verið kaffærður í tiltekinni sundlaug og öðrum hrint af ákveðnu hjóli.

Maling og Sigríður Sigurjónsdóttir (2002:124) segja að hefðu setningar b í töflu 19 og a–b í töflu 20 ópersónulegt, sýnilegt frumlag (*maður*) teldu flestir þær óeðlilegar. Við skulum skoða það nánar, sbr. (279):

	Landsbyggðin + úthv. Rvíkur	Rvík vestan Elliðaáa	Full- orðnir
a. Í morgun var hrint systur sinni af hjólinu.	13%	7%	2%
b. Það var klippt hárið á dúkkunni sinni.	5%	2%	2%

Tafla 20: Hlutfall jákvæðra svara í könnun Maling og Sigríðar Sigurjónsdóttur (2002:123).

- (279) a. ?Maður kaffærði oft bróður sinn í sundlauginni.  
b. ??Í morgun hrinti maður systur sinni af hjólinu.  
c. Maður klippiti hárið á dúkkunni sinni.

Þessar setningar eru misgóðar en sýnu verst er að mínu mati (279b) en hana verður að túlka í 1.p.-merkingunni. Ástæðan gæti mögulega verið sú sama og ástæðan fyrir því hvers vegna setningarnar í (277), þar sem *maður* er í 1.p.-merkingu, eru skrítnar: Að minnsta kosti í setningum (279a) og (279b) er eðlilegasta túlkunin sú að einhver einn hafi kaffært bróður sinn og annar hrint systur sinni, þ.e. þetta eru í einhverjum skilningi „eiginleikar“ tiltekinna einstaklinga. Þess má svo geta að með því að breyta setningunum í (279) lítillega og með því að láta *maður* fá almenna merkingu verða setningarnar betri að mínu mati, sjá (280):

- (280) a. Ef maður kaffærir bróður sinn ...  
b. Ef maður hrindir systur sinni ...  
c. Ef maður klippir hárið á dúkkunni sinni ...

Áður en verður skilist við þessa frekar yfirborðskenndu umræðu um tilvísun og merkingu undirliggjandi geranda er rétt að taka fram að í nýju þolmyndinni verður hann ekki að hafa almenna tilvísun. Sem dæmi um þetta má ímynda sér karlmann sem fer á bar en þar er enginn nema barþjónninn. Hann kemur svo heim og segir konunni sinni þetta. Hann gæti svo bætt við setningunni í (281):

- (281) En það var þó að sjálfsögðu drukkið mikinn bjór.

Eins hefði konan getað spurt, hefði hún ekki áttað sig á ástandi eiginmanns síns:

- (282) Var ekki fengið sér neinn bjór?

Ekki verður farið nánar í merkingu ópersónulegra frumлага í íslensku hér en þess í stað vakin athygli á grein Halldórs Ármanns Sigurðssonar og Egerlands (2009).

## 4.7 Samantekt

Í þessum kafla voru ópersónulegar setningagerðir í íslensku skoðaðar og kom í ljós að sumar þeirra eiga mjög mikilvæga þætti sameiginlega með nýju þolmyndinni. Eru þetta einkum þolmynd *vera* og *vera búinn* og ópersónulega háttarsagnagerðin. Í næsta kafla er sett fram tilgáta sem byggir á þessu og niðurstöðum í köflum 2–3.

## 5 Germynd en samt þolmynd

Í þessum kafla er sett fram tilgáta um eðli nýju þolmyndarinnar og hún svo sett í samhengi við fleiri setningagerðir í íslensku. Hér verður því haldið fram að nýja þolmyndin hafi ósýnilegt frumlag, líkt og Sigríður Sigurjónsdóttir og Maling (2001a) halda fram, en að það sé neðar í setningaformgerðinni en þær telja. Að því leyti byggji ég á tilgátum Halldórs Ármanns Sigurðssonar (2011) og Antons Karls Ingasonar, Legate og Yangs (2012). Halldór og Anton o.fl. telja að *af*-liðir séu tækir í setningagerðinni og það geri ég einnig.

Ég byggji sem sé á þeim tilgátum Halldórs (2011) og Antons o.fl. (2012) að það sé *eitthvað* í ákvæðisliðarsæti fyrir ofan sagnliðinn (SL) en það geti ekki færst í frumlagssæti (Ákv,TíðL). Ég fylgi mismunandi útfærslum þeirra þó ekki að öllu leyti eftir, ég tek t.d. upp tilgátu Kratzer (1996) um að gerandi eða ytri rökliður sé grunnmyndaður í ákvæðisliðarsæti myndliðar, Ákv,MyndL.<sup>49</sup> Þannig geri ég ráð fyrir að frumlagið í nýju þolmyndinni sé grunnmyndað þar en ekki í Ákv,sL líkt og Halldór (2011) og Anton o.fl. (2012) gera.

Ég fellst á þau rök sem rætt var um í kafla 2.4.1 að frumlag nýju þolmyndarinnar geti ekki verið *for*. Ég útfæri greininguna á frumlaginu ekki á jafnflókinn hátt og Halldór Ármann (2011) heldur læt nægja að segja að það sé smærra en *for* í anda Antons o.fl. (2012) og Landaus (2010). Þetta „smáa“ frumlag er þó nægilegt til að geta stýrt afturbeygingu og tekið með sér lýsingarháttarviðurlög en er ekki nógu stórt til að fylgifylling geranda geti staðið með því.

Sú staðreynd að í ópersónulegri þolmynd óakkúsatífra sagna í máli þeirra sem hafa nýju þolmyndina verður ekki samræmi milli frumlags og þolmyndar- eða lýsingarháttarins rennir hugsanlega stöðum undir þessa túlkun frumlagsins, sjá (283) og einnig kafla 4.5.

- (283) a. Það var farið snemma af stað.  
b. \*Það var farinn snemma af stað.

En hvernig getum við réttlætt tilvist frumlags þrátt fyrir gagndæmin í (284) og (285) (sbr. kafla 4.2.2 og 4.4.4)?

- (284) \*Það er ljótt [að vera lamið stráka].  
(Einar Freyr Sigurðsson, Hlíf Árnadóttir og Þórhallur Eypórsson 2010)

- (285) \*Það má alls ekki vera lamið sjálfan sig!


Báðar þessar setningagerðir kalla á notkun FOR (í þeirri síðari gæti að vísu verið *for* en það er ekki aðalatriði). Ef nýja þolmyndin hefði *for*-frumlag væri líklegt að tveimur ósýnilegum

<sup>49</sup>Hugmynd Kratzer (1996) byggist m.a. á því að gerandi sé ekki eiginlegur rökliður sagnar en ekki verður farið nánar út í þá sálma hér.

frumlögum væri þröngvað í hvora setningu fyrir sig, eins og Jim Wood hefur bent mér á. Hins vegar er bara pláss fyrir eitt frumlag og þess vegna hrynur afleiðslan. Svipaða sögu er að segja ef frumlag nýju þolmyndarinnar er smærra en *for* en nú eru tveir möguleikar fyrir hendi: Afleiðslan hrynur annaðhvort vegna þess að gert er ráð fyrir of mörgum frumlögum þar sem aðeins er pláss fyrir eitt eða þá að FOR/*for*-frumlagi er þröngvað upp á nýju þolmyndina. Það er hins vegar of stórt.

Nú skulum við skoða hvernig hægt er að teikna upp setningagerðina á hríslumynd.

(286) Það var drepið marga borgara.



Hvernig getum við réttlætt tilvist frumlags ef *af*-liðir eru tækir? Hér skiptir gerð frumlagsins máli, hvort heldur sem er í tilgátu Halldórs Ármanns Sigurðssonar (2011) eða Antons Karls Ingasonar o.fl. (2012). Hjá Antoni o.fl. skiptir þannig líklega höfuðmáli að frumlagið sé smátt (veikt,  $\varphi$ ) en ekki stórt (sterkt, *for*/FOR) því að þótt það taki sæti frumlags uppfyllir það ekki aðrar kröfur sem gerðar eru til frumlaga (setningafræðilegar og merkingarlegar).

Ég geri ráð fyrir að *af*-liðir séu viðhengi, ólíkt t.d. greiningu Collins (2005). Við gætum gert ráð fyrir að *af*-liðir væru hengdir við sagnliðinn og þótt smátt sé gæti frumlagið liðstýrt *af*-liðnum. Í hefðbundinni þolmynd getur frumlag stýrt afturbeygingu *af*-liðar:

- (288) a. Jón var gagnrýndur af sjálfum sér.  
 b. (? )Það voru gagnrýndir nokkrir nemendur af sjálfum sér.

Hugsanlega þarf rökliðurinn að færast í ákvæðisliðarsæti tíðarliðar (Ákv,TíðL) til að þetta geti gengið en þó er setning (288b) að mínu mati ekki alsæl. Í ópersónulegu háttarsagnagerðinni er þetta líklega einnig mögulegt þegar hún er notuð með þolmynd:




(289) Má vera gagnrýndur af sjálfum sér?

Í nýju þolmyndinni gengur þetta hins vegar alls ekki eins og sést í (290):

- (290) a. \*Var gagnrýnt Jón af sjálfum sér?  
 b. Það er drepíð sjálfan sig af mörgu ungu fólki / \*af sjálfum sér.

Það mætti þessa vegna hugsa sér að *af*-liðurinn væri hengdur við formgerðina fyrir ofan MyndL (á myndinni í (291) er forsetningarliðurinn hengdur við TíðL en hann gæti auðvitað verið neðar en nógu ofarlega þó til að vera fyrir ofan MyndL):



Þetta þyrfti hins vegar að rannsaka mun betur.


Í 4. kafla voru sýnd líkindi með nýju þolmyndinni annars vegar og nokkrum öðrum setningagerðum hins vegar. Við sáum t.a.m. í köflum 4.3.1–4.3.2 að í þolmynd *vera* og *vera búinn* varðveitist formgerðarlegt þolfall en samt eru *af*-liðir tækir.

Fylgifyllingar geranda eru, að því er virðist, ótækar í nýju þolmyndinni. Þær virðast líka vera ótækar með þolmynd *vera* og *vera búinn*:

- (292) a. Það er verið að berja hana (\*fullur).  
 b. Það er búíð að berja hana (\*fullur).

Við getum því sagt að frumlag þessara setningagerða sé smærra en *for*, þ.e. φ, og getum gert ráð fyrir að formgerð þessara setninga sé sú sama og formgerðin í (287):

(293)




Við þurfum svo ekki að einskorða okkur við þolmyndargerðir því að eins og komið hefur fram eru *af*-liðir ekki bundnir við þolmynd.

(294) Það þyrfti að rannsaka þetta mun betur af fræðimönnum.

Það að tákun ytri rökliðar í *af*-lið sé möguleg í germynd, þ.e. ópersónulegu háttarsagnagerðinni, kemur nokkuð á óvart. Við höfum séð að fylgifyllingar geranda ganga gjarnan í setningagerðinni en ef tilgátan er á réttri leið ættu þær að vera ótækar til þess að *af*-liðurinn sé tækur. Athyglisvert er að það gengur eftir, þegar *af*-liður er tækur í ópersónulegu háttarsagnagerðinni er fylgifylling geranda ótæk:

- (295) a. Í dag á samkvæmt dagskrá að brenna föður minn (\*fullur).  
b. Það þyrfti að rannsaka þetta mun betur (??nakinn).

Við getum því enn og aftur notað sömu formgerð til að lýsa setningagerðum með smáu frumlagi:



Í kafla 4.4.4 kom fram að mögulega eru allar sagnir sem taka þátt í ópersónulegu háttarsagnagerðinni lyftingarsagnir. Það passar vel við hríslumyndina í (296) en þar er aðeins gert ráð fyrir einu frumlagi. Í setningagerðunum sem hér hafa verið ræddar væri líklega hægt að halda því fram að *af*-liðir væru viðhengdir fyrir ofan frumlagið,  $\varphi$ , sbr. hríslumynd (291), en sú hugmynd verður ekki þróuð nánar hér.

Niðurstaðan er þá sú að nýja þolmyndin hafi frumlag og að því leyti er hún germynd. Hins vegar hefur hún *af*-liði og að því leyti er hún þolmynd. Þessi skilgreining nær einnig til þolmyndar *vera* og *vera búinn*, þær eru bæði germynd og þolmynd að vissu marki. Við þurfum einnig að láta þetta ná til ópersónulegu háttarsagnagerðarinnar en það ætti að ýta undir að við hugsum á annan og nýjan hátt um þolmynd og germynd.

## 6 Lokaorð

Í þessari ritgerð hefur verið farið um víðan völl til að svara spurningunni um eðli nýju þolmyndarinnar. Því var haldið fram að nýja þolmyndin væri germynd en samt þolmynd. Í þessu felst að endurskoða þarf germyndartilgátuna þar sem sumir spádómar hennar ganga ekki eftir að því er virðist, t.d. að *af*-liðir séu ótækir og að fylgifyllingar ytri rökliðar séu tækir.

Með því að telja setningagerðina bæði til germyndar og þolmyndar er átt við að hún hafi mikilvæga eiginleika germyndar en jafnframt aðra mikilvæga eiginleika þolmyndar: Frumlagið er af öðrum meiði en undirliggjandi ytri rökliður í hefðbundinni þolmynd, þ.e. tekur setningafræðilegt pláss í formgerðinni, en er þó á öðrum stað en *for* og auk þess smærra í sniðum. Þrátt fyrir þetta virðast *af*-liðir tækir í nýju þolmyndinni.

Tilgátan sem hér var sett fram nær til fleiri setningagerða og felur í sér að við þurfum að rannsaka þær ítarlegar. Frekari rannsóknir gætu leitt í ljós að nýja þolmyndin deili eiginleikum með öðrum og að því er virðist óskyldum setningagerðum. Tilgátan felur það einnig í sér að við verðum að endurskilgreina hugmyndir okkar um þolmynd enda nær hún t.d. til ópersónulegu háttarsagnagerðarinnar sem hingað til hefur ekki verið talin eiga margt sameiginlegt með þolmynd.

Það er von mín að rannsókn þessi leiði til frekari uppgötvana í íslensku og fleiri málum. Ljóst er að enn er margt órannsakað í þolmynd og nýju þolmyndinni.

## Tilvísanir

---

### Textar

---

Dahl, Sverri. 1939. Jón Arason biskupur. *Varðin* 19:113–126.

Milne, A.A. 2009. *Húsið á Bangsahorni*. Guðmundur Andri Thorsson þýddi. Edda, Reykjavík. [Heitir á frummálinu *The House at Pooh Corner*.]

Saint-Exupéry, Antoine de. 2010. *Litli prinsinn*. Þórarinn Björnsson íslenskaði. Mál og menning, Reykjavík. [Heitir á frummálinu *Le Petit Prince*. Bókin kom fyrst út í New York 1943 og á íslensku hjá Bókaútgáfu Menningarsjóðs 1961.]

---

### Íslenski trjábankinn — IcePaHC

---

*The First Grammatical Treatise*. 1972. [Fyrsta málfraeðiritgerðin.] Hreinn Benediktsson (ritstj.). Institute of Nordic Linguistics, Reykjavík.

Jón Steingrímsson. 2011. *Ævisaga Jóns Steingrímssonar* (Lbs. 182 4to). [Nákvæm uppskrift á eiginhandarriti Jóns Steingrímssonar sem er að finna í viðauka í doktorsritgerð Jóhannesar B. Sigtryggssonar við Háskóla Íslands. 2011. *Málið á ævisögu Jóns Steingrímssonar*. Hugvísindastofnun, Reykjavík.]

Móðars þáttur. 1950. *Móðars rímur og Móðars þáttur*. Jón Helgason bjó til prentunar, bls. 17–30. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.

*Nikulás Klím*. 1948. Jón Helgason bjó til prentunar. Íslensk þýðing eftir Jón Ólafsson úr Grunnavík. Íslensk rit síðari alda 3. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.

Ólafur Egilsson. 1969. *Reisubók séra Ólafs Egilssonar*. Sverrir Kristjánsson (ritstj.). Almenna bókafélagið, Reykjavík.

*Sturlunga*. 1988. Örnólfur Thorsson (ritstj.). Svart á hvítu, Reykjavík.

Sögu-þáttur um Skálholts biskupa fyrir og um siðaskiptin. 1878. *Biskupa sögur* 2, bls. 235–265. Svart á hvítu, Kaupmannahöfn.

Porgils gjallandi. 1902. *Upp við fossa*. Bókaverzlun Odds Björnssonar, Akureyri. [Textinn í IcePaHC er tekinn af netinu: <http://www.snerpa.is/net/roman/fossar.htm>.]

*Þorláks saga helga*. 1989. Elsta gerð Þorláks sögu helga ásamt jarsteinabók og efni úr yngri gerðum sögunnar. Ásdís Egilsdóttir (ritstj.). Þorlákssjóður, Reykjavík.

---

## Heimildir

---

Aðalsteinn Eyþórsson. 1986. *Um óákveðin fornöfn*. B.A.-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.

Anton Karl Ingason, Einar Freyr Sigurðsson og Joel C. Wallenberg. 2012. Antisocial syntax. Disentangling the Icelandic VO/OV parameter and its lexical remains. Erindi flutt á DiGS 14. Lissabon, 6. júlí 2012.

Anton Karl Ingason, Julie Anne Legate og Charles Yang. 2012. Structural and evolutionary basis of the Icelandic New Impersonal Passive. Erindi flutt á ráðstefnunni Non-Canonically Case-Marked Subjects within and across Languages and Language Families: Stability, Variation and Change. Íslandi, 7. júní 2012.

Ásbjörg Benediksdóttir. 2008. *Nýja þolmyndin*. Fyrsta þolmyndun barna? B.A.-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík. <http://hdl.handle.net/1946/3268>

Ásta Svavarsdóttir og Þóra Björk Hjartardóttir. 1996. Breytileiki í máli. *Erindi um íslenskt mál*, bls. 95–109. Íslenska málfræðifélagið, Reykjavík.

Baker, Mark. 1988. *Incorporation. A Theory of Grammatical Function Changing*. University of Chicago Press, Chicago, IL.

Baker, Mark, Kyle Johnson og Ian Roberts. 1989. Passive arguments raised. *Linguistic Inquiry* 20, 2:219–251.

Barnes, Michael. 1986. Subject, nominative and oblique case in Faroese. *Scripta Islandica* 37:13–46.

Burzio, Luigi. 1986. *Italian Syntax. A Government-Binding Approach*. Reidel, Dordrecht.

Chomsky, Noam. 2000. Minimalist inquiries. The framework. Roger Martin, David Michaels og Juan Uriagereka (ritstj.), *Step by Step*. Essays on Minimalist Syntax in Honor of Howard Lasnik, bls. 89–155. MIT Press, Cambridge, MA.

Chomsky, Noam. 2001. Derivation by phase. Michael Kenstowicz (ritstj.), *Ken Hale. A life in language*, bls. 1–52. MIT Press, Cambridge, MA.

- Chomsky, Noam. 2008. On phases. Robert Freidin, Carlos P. Otero og Maria Luisa Zubizarreta (ritstj.), *Foundational Issues in Linguistic Theory*. Essays in Honor of Jean-Roger Vergnaud, bls. 133–166. MIT Press, Cambridge, MA.
- Collins, Chris. 2005. A smuggling approach to the passive in English. *Syntax* 8, 2:81–120.
- Eide, Kristin Melum. 2005. *Norwegian Modals*. Studies in Generative Grammar 74. Mouton de Gruyter, Berlín.
- Einar Freyr Sigurðsson. 2007. Háttarsagnir í íslensku. Námskeiðsritgerð við Háskóla Íslands.
- Einar Freyr Sigurðsson. 2010. Nýja þolmyndin og hringurinn sem mér var gefið. *Nokkrar handlínur bróðeraðar handa Kristínu Bjarnadóttur sextugri 9. janúar 2010*, bls. 22–26. Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, Reykjavík.
- Einar Freyr Sigurðsson og Jim Wood. 2012. Case alternations in Icelandic ‘get’-passives. Handrit.
- Einar Freyr Sigurðsson, Hlíf Árnadóttir og Þórhallur Eypórsson. 2010. Það var fengið sér (annan) öllara. Undirförull undanfari. Erindi flutt á 24. Rask-ráðstefnunni um íslenskt mál og og almenna málfræði. Háskóla Íslands, 30. janúar 2010.
- Eiríkur Brynjólfsson. 1985. Skáld eru höfundar allrar rýni og málsgreinar. *Íslensk tunga* 37. DV, 2. nóvember, bls. 28.
- Emonds, Joseph. 2006. Adjectival passives: The construction in the iron mask. Martin Everaert og Henk van Riemsdijk (ritstj.), *The Blackwell Companion to Syntax*, bls. 16–60. Blackwell, Oxford.
- Gallego, Ángel J. 2010. *Phase Theory*. Linguistik Aktuell/Linguistics Today 152. John Benjamins, Amsterdam.
- Gísli Jónsson. 1979. Íslenskt mál. 1. þáttur. *Morgunblaðið*, 20. maí, bls. 14.
- Gísli Jónsson. 1980. Íslenskt mál. 49. þáttur. *Morgunblaðið*, 18. maí, bls. 7.
- Guðjón Ragnar Jónasson. 2008. *Ólafsfirska*. M.A.-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.  
<http://hdl.handle.net/1946/3432>
- Guðrún Þórhallsdóttir. 2008. Karlkyn eða hvorugkyn? Íslensk málhefð, femínísk málstýring og verkefni þýðingarnefndar. *Glíman* 5:103–134.

- Gunnhildur Ottósdóttir. 2006. „Ólafsfjarðareignarfallið“. Eignarsambönd í íslensku með áherslu á eitt lítið mállýskuafbrigði. B.A.-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1989. *Verbal Syntax and Case in Icelandic*. In a Comparative GB Approach. Doktorsritgerð, Lundarháskóla, Lundí. [Endurprentuð 1992 hjá Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.]
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1991. Icelandic case-marked PRO and the licensing of lexical arguments. *Natural Language and Linguistic Theory* 9:327–363.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 2003. Case: abstract vs morphological. Ellen Brandner og Heike Zinzmeister (ritstj.), *New Perspectives on Case Theory*, bls. 223–268. Center for the Study of Language and Information, Stanford.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 2006. The Nom/Acc alternation in Germanic. Jutta Hartmann og Laszlo Molnarfi (ritstj.), *Issues in Comparative Germanic Syntax*, bls. 13–50. John Benjamins, Amsterdam.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 2008. The case of PRO. *Natural Language and Linguistic Theory* 26, 2:403–450.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 2011. On the New Passive. *Syntax* 14, 2:148–178.
- Halldór Ármann Sigurðsson og Verner Egerland. 2009. Impersonal null-subjects in Icelandic and elsewhere. *Studia Linguistica* 63, 1:158–185.
- Heimir Freyr Viðarsson. 2009. „Sól gerði eigi skína“. Stoðsagnir með nafnhætti í fornnorrænu. M.A.-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík. <http://hdl.handle.net/1946/2805>
- Helgi Bernódusson. 1982. *Ópersónulegar setningar*. Kандídatsritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Helgi Hálfðanarson (ritstj.). 1984. *Gætum tungunnar*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Helgi Skúli Kjartansson. 1991. Nýstárleg þolmynd í barnamáli. *Skíma* 14:18–22.
- Hlíf Árnadóttir. 2006. Það var fengið sér öllara. Afturbeygð þolmynd með andlagi. Handrit, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Hlíf Árnadóttir. 2008. To passively get oneself something. On ditransitive reflexive passive in Icelandic. Handrit, Háskóla Íslands, Reykjavík.



- Hlíf Árnadóttir og Einar Freyr Sigurðsson. 2008. The glory of non-agreement: The rise of a new passive. Handrit, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Hlíf Árnadóttir og Einar Freyr Sigurðsson. 2012a. Another new passive in Icelandic. Erindi flutt á ráðstefnunni Non-Canonically Case-Marked Subjects within and across Languages and Language Families: Stability, Variation and Change. Íslandi, 7. júní 2012.
- Hlíf Árnadóttir og Einar Freyr Sigurðsson. 2012b. Case in disguise. Væntanlegt. Beatriz Fernández og Ricardo Etxepare (ritstj.), *Variation in Datives*. A Micro-Comparative Perspective, bls. 96–143. Oxford University Press, Oxford.
- Hlíf Árnadóttir, Þórhallur Eypórsson og Einar Freyr Sigurðsson. 2010. Independent accusative case in Insular Scandinavian. Erindi flutt á Comparative Germanic Syntax Workshop 25, Tromsø, 12. júní 2010.
- Hlíf Árnadóttir, Þórhallur Eypórsson og Einar Freyr Sigurðsson. 2011. The passive of reflexive verbs in Icelandic. *Nordlyd* 37:39–97.
- Höskuldur Þráinsson. 1974. *Að vera að gera eitthvað*. Kandiðatsritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 1995. *Handbók um málfræði*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar*. Handbók um setningafræði. Íslensk tunga III. Meðhöfundar: Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 2007. *The Syntax of Icelandic*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Höskuldur Þráinsson og Sten Vikner. 1995. Modals and double modals in the Scandinavian languages. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 55:55–88.
- Höskuldur Þráinsson, Hjalmar P. Petersen, Jógvan í Lon Jacobsen og Zakaris Svabo Hansen. 2004. *Faroese*. An Overview and Reference Grammar. Føroya Fróðskaparfelag, Pórhöfn.
- Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). 2012. Tilbrigði í íslenskri setningagerð. Handrit, Háskóla Íslands, Reykjavík.

- Höskuldur Þráinsson, Sigríður Sigurjónsdóttir og Hlíf Árnadóttir. 2012. Um þolmynd, germynd og *það*. Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.) (2012).
- Iðunn Garðarsdóttir. 2012. „*Það var rosa mikið hrósað henni.*“ Virkni nýju setningagerðarinnar í máli barna á yngsta stigi grunnskóla. B.A.-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík. <http://hdl.handle.net/1946/11549>
- Jakob Jóh. Smári. 1920. *Íslensk setningafræði*. Bókaverslun Ársæls Árnasonar, Reykjavík. [Endurprentuð hjá Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík, 1987.]
- Jóhanna Barðdal og Valéria Molnár. 2000. The passive in Icelandic — compared to Mainland Scandinavian. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 65:109–146
- Jóhanna Barðdal og Valéria Molnár. 2003. The passive in Icelandic — compared to Mainland Scandinavian. Jorunn Hetland og Valéria Molnár (ritstj.), *Structures of focus and grammatical relations*, bls. 231–260. Niemeyer, Tübingen.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 1992a. The pronoun *maður* in Icelandic. Handrit, University of Massachusetts, Amherst.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 1992b. The two perfects of Icelandic. *Íslenskt mál* 14:129–145.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2009. The new impersonal as a true passive. Artemis Alexiadou, Jorge Hankamer, Thomas McFadden, Justin Nuger og Florian Schäfer (ritstj.), *Advances in Comparative Germanic Syntax*, bls. 281–306. John Benjamins, Amsterdam.
- Jón Friðjónsson. 1989. *Samsettar myndir sagna*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík
- Keenan, Edward L. og Matthew S. Dryer. 2007. Passive in the world's languages. Timothy Shopen (ritstj.), *Language Typology and Syntactic Description*, bls. 325–361. Cambridge University Press, Cambridge. [Önnur útgáfa — fyrsta útgáfa bókarinnar kom út árið 1985 en þar er Keenan einn titlaður höfundur bókarkafans.]
- Kratzer, Angelika. 1996. Severing the external argument from the verb. Johan Rooryck og Laurie Zaring (ritstj.), *Phrase Structure and the Lexicon*, bls. 109–137. Kluwer, Dordrecht.
- Kristín M. Valgarðsdóttir. 2007. *Þolmynd og aftur þolmynd*. Skilningur barna á nokkrum setningagerðum í íslensku. B.A.-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.

- Labov, William. 1975. *What is a Linguistic Fact?* Peter de Ridder Press, Lisse.
- Landau, Idan. 2010. The explicit syntax of implicit arguments. *Linguistic Inquiry* 41, 3:357–388.
- Legate, Julie Anne. 2003. Some interface properties of the phase. *Linguistic Inquiry* 34:506–516.
- Maling, Joan. 2006. From passive to active. Syntactic change in progress in Icelandic. Benjamin Lyngfelt og Torgrim Solstad (ritstj.), *Demoting the Agent. Passive, Middle and Other Voice Phenomena*, bls. 197–223. John Benjamins, Amsterdam.
- Maling, Joan. 2010. Unpassives of Unaccusatives. Donna B. Gerdts, John C. Moore og Maria Polinsky (ritstj.), *Hypothesis A / Hypothesis B. Linguistic Explorations in Honor of David M. Perlmutter*, bls. 275–292. MIT Press, Cambridge, Mass.
- Maling, Joan og Sigríður Sigurjónsdóttir. 1997. The “New Passive” in Icelandic. Elizabeth Hughes, Mary Hughes og Annabel Greenhill (ritstj.), *Proceedings of the 21st Annual Boston University Conference on Language Development 2*, bls. 378–389. Cascadilla Press, Somerville, MA.
- Maling, Joan og Sigríður Sigurjónsdóttir. 2002. The ‘new impersonal’ construction in Icelandic. *Journal of Comparative Germanic Linguistics* 5:97–142.
- Maling, Joan og Sigríður Sigurjónsdóttir. 2012a. From passive to active. Stages in the Icelandic “New Impersonal”. Væntanlegt. Theresa Biberauer og George Walkden (ritstj.), *Syntax over Time. Lexical, Morphological, and Information-Structural Interactions. Proceedings of DiGS XXII. Studies in Diachronic and Historical Linguistics*. Oxford University Press, Oxford.
- Maling, Joan og Sigríður Sigurjónsdóttir. 2012b. Nothing personal? A system-internal syntactic change in Icelandic. Tracy H. King og Valeria de Paiva (ritstj.), *From Quirky Case to Representing Space. Papers in Honor of Annie Zaenen*, bls. 1–18. Center for the Study of Language and Information, California.
- Maling, Joan og Sigríður Sigurjónsdóttir. 2012c. Syntactic change in progress. The Icelandic “New Construction” as an active impersonal. Peter Ackema, Rhona Alcorn, Caroline Heycock, Dany Jaspers, Jeroen van Craenenbroeck og Guido Vanden Wyngaerd (ritstj.), *Comparative Germanic Syntax. The State of the Art*, bls. 249–278. John Benjamins, Amsterdam.

- Maling, Joan, Anthony Kroch og Sigríður Sigurjónsdóttir. 2011. Nothing personal? A system-internal syntactic change in Icelandic. Erindi flutt á DGfS 33 í málstofunni Comparative Germanic Syntax and the Challenge from Icelandic. Göttingen, 24. febrúar 2011.
- Marantz, Alec. 1984. *On the Nature of Grammatical Relations*. MIT Press, Cambridge, MA.
- Marantz, Alec. 2007. Phases and words. Sook-Hee Choe, Dong-Wee Yang, Yang-Soon Kim, Sung-Hun Kim og Alec Marantz (ritstj.), *In Phases in the Theory of Grammar*, bls. 191–222. Dong-In Publishing Co., Seoul.
- Margrét Guðmundsdóttir. 2002. *Málkunnáttufræði og málbreytingar*. Mál og menning, Reykjavík. [Tilraunaútgáfa byggð á M.A.-ritgerð höfundar frá árinu 2000.]
- Nunberg, Geoffrey, Ivan A. Sag og Thomas Wasow. 1994. Idioms. *Language* 70, 3:491–538.
- Nygaard, Marius. 1905. *Norrøn syntax*. H. Aschehoug, Ósló [Kristiania].
- Rizzi, Luigi. 2001. Relativized Minimality Effects. Mark Baltin og Chris Collins (ritstj.), *The Handbook of Contemporary Syntactic Theory*, bls. 89–110. Blackwell, Oxford.
- Sigríður Sigurjónsdóttir og Nina Hyams. 1992. Reflexivization and logophoricity. Evidence from the acquisition of Icelandic. *Language Acquisition* 2, 4:359–413.
- Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling. 2001a. Það var hrint mér á leiðinni í skólann: Þolmynd eða ekki þolmynd. *Íslenskt mál* 23:123–180.
- Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling. 2001b. Ný setningafræðileg breyting? Um hina svokölluðu „nýju þolmynd“ í íslensku. *Málfregni* 11:31–42.
- Sobin, Nicholas. 1985. Case assignment in the Ukrainian morphological passive construction. *Linguistic Inquiry* 16:649–662.
- Svenonius, Peter. 2005. Extending the extension condition to discontinuous idioms. *Linguistic Variation Yearbook* 5, 1:227–263.
- Sölvi Sveinsson. 1995. *Íslensk orðtök*. Með skýringum og dæmum úr daglegu máli. 2. útgáfa. Iðunn, Reykjavík.
- Wallenberg, Joel C., Anton Karl Ingason, Einar Freyr Sigurðsson og Eiríkur Rögnvaldsson. 2011. Icelandic Parsed Historical Corpus (IcePaHC). Version 0.9. [http://www.linguist.is/icelandic\\_treebank](http://www.linguist.is/icelandic_treebank)

- Weiner, E. Judith og William Labov. 1983. Constraints on the agentless passive. *Journal of Linguistics* 19, 1:29–58.
- Wood, Jim. 2011. ‘Get-passive’ in Germanic. Handrit, New York University.
- Wurmbrand, Susi. 1999. Modal verbs must be raising verbs. Sonya Bird, Andrew Carnie, Jason D. Haugen og Peter Norquest (ritstj.), *WCCFL 18*. Proceedings of the 18th West Coast Conference on Formal Linguistics, bls. 599–612. Cascadilla Press, Somerville, MA.
- Yip, Moira, Joan Maling og Ray Jackendoff. 1987. Case in tiers. *Language* 63, 2:217–250.
- Zaenen, Annie og Joan Maling. 1984. Unaccusative, passive and quirky case. Mark Cobler, Susannah MacKaye og Michael T. Wescoat (ritstj.), *Proceedings of the West Coast Conference on Formal Linguistics* 3, bls. 317–329. The Stanford Linguistics Association, Stanford.
- Zaenen, Annie, Joan Maling og Höskuldur Þráinsson. 1985. Case and grammatical functions. The Icelandic passive. *Natural Language and Linguistic Theory* 3:441–483.
- Þórhallur Eypórsson. 2007. Reflexive passives in Icelandic. Handrit, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Þórhallur Eypórsson. 2008a. The New Passive in Icelandic really is a passive. Þórhallur Eypórsson (ritstj.), *Grammatical Change and Linguistic Theory*. The Rosendal papers, bls. 173–219. John Benjamins, Amsterdam.
- Þórhallur Eypórsson. 2008b. Stöðugleiki og breytingar í fallakerfi norrænu eyjamálanna. *Frændafundur* 6:75–93.
- Þórhallur Eypórsson. 2012. Varðveisla falla í þolmynd í íslensku og færeysku — ásamt nokkrum samanburði við norsku og ensku. *Frændafundur* 7:109–126.